




# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2022

---

Mars 2024

Forsíðumynd

Framkvæmdir við nýja brú yfir Núpsvötn sumarið 2022.

Baksíðumynd

Starfsmaður Vegagerðarinnar fylgist með snjóhefli að störfum á Hellisheiði.  
Mynd: Profilm

10. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2022

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.  
Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabær  
kt. 680269-2899

Mars 2024

Ritstjóri: Sólveig Gísladóttir  
Ábyrgðarmaður: G. Pétur Matthíasson  
Uppsetning: Elín Esther Magnúsdóttir  
Ljósmyndir: Starfsmenn eða verktakar Vegagerðarinnar og ýmsir ljósmyndarar.  
Prentun: Prentmet Oddi

Ársskýrsla  
Vegagerðarinnar  
2022



Öryggi — Framsýni — Þjónusta — Fagmennska

Reykjavík, mars 2024

## Efnisyfirlit

Kaflanúmer vísa í liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 1 á bls. 9.


| Kaflar                                               | bls. | Fylgiskjöl                                                                               | bls. |
|------------------------------------------------------|------|------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Formáli forstjóra                                    | 6    |                                                                                          |      |
| 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar                        | 8    | Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður                                                              | 38   |
| 4.1 Fjármál                                          | 8    | Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2022                     | 42   |
| 4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar                        | 10   | Suðursvæði                                                                               | 42   |
| Starfsmannahald                                      | 11   | Höfuðborgarsvæði                                                                         | 56   |
| Yfirstjórn og framkvæmdastjórn                       | 12   | Samgöngusáttmáli                                                                         | 61   |
| Vaktstöð siglinga                                    | 12   | Vestursvæði                                                                              | 72   |
| Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi                  | 13   | Norðursvæði                                                                              | 90   |
| Hafna- og strandrannsóknir                           | 14   | Austursvæði                                                                              | 100  |
| Vöktun og upplýsingaþjónusta                         | 15   | Sameiginlegt milli svæða                                                                 | 112  |
| 4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald       | 16   | Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2022 | 114  |
| 4.1.4.1 Þjónusta                                     | 17   | Hafnarframkvæmdir                                                                        | 114  |
| Viðhald vegmerkinga                                  | 17   | Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir                                                          | 114  |
| Samningar við sveitarfélög                           | 17   | Ferjubryggjur                                                                            | 123  |
| Viðhaldssvæði                                        | 18   | Sjóvarnargarðar                                                                          | 123  |
| Hreinsun vegsvæða                                    | 18   | Fylgiskjal 4 Ársreikningur                                                               | 126  |
| Vetrarviðhald                                        | 18   |                                                                                          |      |
| Styrkir til almenningssamgangna á landsbyggðinni     | 18   |                                                                                          |      |
| Ferjur                                               | 19   | Töflur                                                                                   | bls. |
| Landsamgöngur                                        | 20   | Tafla 1 Skipting útgjalda                                                                | 9    |
| Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu | 21   | Tafla 2 Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar                                        | 11   |
| Styrkir til innanlandsflugs                          | 21   | Tafla 3 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald                                             | 18   |
| Loftbrú                                              | 22   | Tafla 4 Farþega- og ferðafjöldi ferja                                                    | 19   |
| Sameiginleg verkefni                                 | 23   | Tafla 5 Kostnaður við ferjur                                                             | 19   |
| 4.1.4.5 Rannsóknir                                   | 24   | Tafla 6 Kostnaður við landsamgöngur                                                      | 20   |
| 4.1.4.6 Viðhald                                      | 26   | Tafla 7 Kostnaður við innanlandsflug                                                     | 21   |
| Efnisvinnsla                                         | 28   | Tafla 8 Rannsóknarverkefni                                                               | 24   |
| Viðhald bundinna slitlaga                            | 30   | Tafla 9 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi                                      | 26   |
| Viðhald malarvega                                    | 31   | Tafla 10 Skipting viðhaldskostnaðar                                                      | 27   |
| Styrkingar og endurbætur                             | 31   | Tafla 11 Viðhald bundinna slitlaga                                                       | 31   |
| Brýr og varnargarðar                                 | 34   | Tafla 12 Styrkingar og endurbætur                                                        | 33   |
| Umferðaröryggi                                       | 35   | Tafla 13 Landsvegir                                                                      | 36   |
| Veggöng                                              | 35   | Tafla 14 Héraðsvegir                                                                     | 36   |
| Vatnaskemmdir og ófyrirséð verkefni                  | 35   | Tafla 15 Styrkvegir                                                                      | 36   |
| Viðhald girðinga                                     | 35   | Tafla 16 Girðingar                                                                       | 36   |
| Minjar og saga                                       | 35   | Tafla 17 Reiðvegir                                                                       | 36   |
| 4.1.5 Stofnkostnaður                                 | 36   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði                                      | 54   |
| Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu           | 36   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Höfuðborgarsvæði                                | 60   |
| Stofnkostnaður / framkvæmdir                         | 36   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Samgöngusáttmálinn                              | 71   |
| Girðingar                                            | 37   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði                                     | 88   |
| Landsvegir                                           | 37   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði                                     | 98   |
| Héraðsvegir                                          | 37   | Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði                                     | 111  |
| Styrkvegir                                           | 37   |                                                                                          |      |
| Reiðvegir                                            | 37   |                                                                                          |      |
| Framkvæmdir, vitar og hafnir                         | 37   |                                                                                          |      |

| Súlurit                                                                       | bls. |
|-------------------------------------------------------------------------------|------|
| Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar                                         | 10   |
| Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu | 10   |
| Súlurit 3 Fjárveitingar til þjónustu                                          | 16   |
| Súlurit 4 Kostnaður þjónustu                                                  | 16   |
| Súlurit 5 Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum og árum                    | 19   |
| Súlurit 6 Hlutfall fargjaldatekna og farþegafjölda                            | 20   |
| Súlurit 7 Samanburður á flugi eftir flugleið                                  | 21   |
| Súlurit 8 Fjöldi notenda Loftbrúar                                            | 22   |
| Súlurit 9 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári                                   | 26   |
| Súlurit 10 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega                                | 28   |
| Súlurit 11 Kostnaður við viðhald þjóðvega                                     | 29   |
| Súlurit 12 Akstur á þjóðvegakerfi eftir svæðum                                | 30   |
| Súlurit 13 Fjárveitingar til stofnkostnaðar                                   | 37   |
| Skífurit                                                                      | bls. |
| Skífurit 1 Hlutfallsleg skipting aksturs milli svæða                          | 29   |



Almenningsvagn með aðgengi fyrir hjólastóla var tekinn í notkun í byrjun ársins.

Skipurit Vegagerðarinnar frá desember 2020.



## Formáli forstjóra



Fyrstu vikur ársins 2022 einkenndust af takmörkunum vegna Covid-19 faraldursins en í lok febrúar var öllum höftum aflétt. Þar með komst talsverður skriður á samfélagið sem einkenndist meðal annars af mikilli umferðaraukningu. Aldrei áður hafði meiri umferð mælst á Hringveginum en árið 2022. Umferðin reyndist vera einu og hálfu prósentu meiri en árið 2019 en það var metár. Umferðin, í heild, árið 2022 reyndist 3,6% meiri en umferðin um sömu mælisnið árið 2021.

Fyrstu mánuðir ársins voru snjópungir og því mikið álag á vetrarþjónustu um allt land. Þjóðvegir komu einnig illa undan vetri og sjaldan hafa verið jafn margar holur og skemmdir í vegum Vegagerðarinnar eftir einn vetur. Viðhald vega verður æ þyngra eftir því sem árin líða enda eldist vegakerfið og fjárframlög fylgja ekki þörfinni.

Vegagerðin annast viðhald á 12.941 km af vegakerfi landsins. Um 45% veganna eru með bundnu slitlagi eða um 5.800 km. Árið 2022 voru nýlagnir af bundnu slitlagi 55 km. Heildarfjárheimild til vega á árinu 2022 voru 32.966 m.kr. Þar af var fjárveiting til framkvæmda á vegakerfinu, þá nýframkvæmda og viðhalds 26.345 m.kr. sem er um 9.081 m.kr. lægri upphæð en heildarfjárheimildir 2021 til framkvæmda á vegakerfinu. Flutt var frá fyrra ári heimild til framkvæmda á vegakerfinu uppá 4.183 m.kr.

Heildarfjárheimild Vegagerðarinnar var 39.578 m.kr. samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum. Framlag til Vegagerðarinnar var rúmlega 1% af vergri landsframleiðslu sem er lægra hlutfall en árið á undan.

Heildarfjárheimild til þjónustu við vegakerfið árið 2022 var 6.620 m.kr.

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 324 í lok árs 2022 í 318 stöðugildum. Það er svipaður fjöldi og árið áður en þá voru fastir starfsmenn 322 og stöðugildin 317. Fjölgun stöðugilda endurspeglar aukin verkefni Vegagerðarinnar.

Umferðaröryggi er eitt af meginstefum í starfsemi Vegagerðarinnar enda miða öll verkefni, bæði nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni, að því að fækka slysum. Árið 2022 létust 9 einstaklingar í jafnmörgum banaslysum. Það eru jafn mörg banaslys og árið áður. Alvarlega slösuðum fækkaði eilítið, úr 199 í 195. Fjórir fótgangandi létust, einn á rafhlaupahjólí og fjórir í bifreið. Var þetta í fyrsta sinn síðan árið 1973 sem meirihluti þeirra sem látast í umferðinni tilheyrir hópi gangandi og hjólandi vegfarenda. Einnig var þetta í fyrsta sinn frá árinu 1992 sem fleiri létust í þéttbýli en utan þéttbýlis.

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og að útrýma svartblettum á um 85 stöðum á vegakerfinu.

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá Vegagerðinni.

Náttúran minnti á sig á árinu. Aftur gaus í Fagradalsfjalli sem var áminning um hversu mikil áhrif náttúruöflin hafa á starf Vegagerðarinnar sem þarf að vera viðbúin aurskriðum, snjóflóðum, aftakaveðrum, vatnavöxtum, landbroti, stórstreymi og öllu því sem móðir náttúra finnur upp á.

Framkvæmdir voru töluverðar. Þar má helst nefna stórar framkvæmdir á sunnanverðum Vestfjörðum, í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði. Fyrsti áfangi Vesturlandsvegar á Kjalarnesi var líka í fullum gangi. Vígður var nýr kafli á Vesturlandsvegi í gegnum Mosfellsbæ í lok árs sem var fjórða stofnvegaframkvæmdin sem kláraðist af þeim framkvæmdum sem unnar eru undir merkjum Samgöngusáttmálans.

Á árinu var mikil áhersla lögð á uppbyggingu innviða fyrir virka samgöngumáta og unnið ötullega með sveitarfélögunum að byggingu hjólastíga. Fyrsta vígslan á hjólastíg sem Vegagerðin tók þátt í átti sér stað á árinu þegar hjólastígur í Mosfellsbæ var vígður en verkefnið var samstarfsverkefni Vegagerðar, Betri samgangna og Mosfellsbæjar.

Áfram var unnið að fækkun einbreiðra brúa, sér í lagi á Hringveginum. Brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi var formlega opnuð um haustið og þar með var engin einbreið brú á Hringvegi frá Reykjavík og austur fyrir Kirkjubæjarklaustur. Á árinu var unnið að framkvæmdum við brýr yfir Núpsvötn og Hverfisfljót auk þess sem framkvæmdir hófust við Hringveg um Hornafjörð þar sem byggðar verða fjórar nýjar brýr. Þegar allar þessar brýr verða tilbúnar verða 26 einbreiðar brýr eftir á Hringvegi, og hefur þá fækkað um 11 á sex árum. Margar umferðarmiklar einbreiðar brýr eru utan Hringvegar og unnið var að endurbyggingu einnar þeirrar árið 2022, en það er brúin yfir Stóru-Laxá á Suðurlandi.

Árið 2022 var einnig unnið að metnaðarfullum verkefnum í höfnum landsins svo sem í Þorlákshöfn og á Ísafirði svo einhver dæmi séu nefnd. Á vettvangi Samgöngusáttmálans, í samstarfi við sveitarfélögin og Betri Samgöngur, var unnið að hönnun fyrstu áfanga Borgarlínu, undirbúningi á bæði Sæbrautarstokk, Miklubrautarstokk og þeim kafla Suðurlandsvegar sem næst liggur borginni en auk þessa var unnið að útboði á Arnarnesvegi.

Starf Vegagerðarinnar varðar alla landsmenn. Vegagerðin reynir að veita fólki innsýn í starfsemi sína með ýmsum hætti. Þetta er gert til dæmis með vinnslu myndbanda og skipulagningu morgunfunda um ýmis málefni. Myndband um vetrarþjónustu á Hellisheiði vakti mikla athygli á árinu enda veitti það vegfarendum upplýsingar um að lokanir á Hellisheiði eru ekki framkvæmdar að óþörfu eða óyfirveguðu máli heldur eru, þegar mest gengur á í veðri, nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Staðið var fyrir ýmsum viðburðum. Vel var mætt á hina árlegu rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar en einnig var haldin Nord-PIANC hafnarráðstefna í Hofi. Ýmsir morgunfundir voru haldnir, til að mynda um öryggi starfsfólks við vegavinnu þar sem fór af stað átaksverkefni undir yfirskriftinni; Aktu varlega – mamma og pabbi vinna hér.

Vegagerðin hélt áfram stafrænni vegferð. Í október var opnaður nýr umferðarvefur, umferdin.is.

Innra starf Vegagerðarinnar var umfangsmikið á árinu. Þannig var unnið að nýrri stefnumótun sem allt starfsfólk gat haft aðkomu að. Einnig var unnið að ISO 9001 úttekt á gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar.

Bergþóra Porkelsdóttir  
forstjóri Vegagerðarinnar

## 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2022 byggist á fjárlögum fyrir árið 2022.

### 4.1 Fjármál

Framlög úr ríkissjóði til Vegagerðarinnar í fjárlögum voru 11.619 m.kr. í rekstur og 27.340 m.kr. í fjárfestingar eða samtals 38.960 m.kr. Með fjáraukalögum og millifærslum bættust við 618 m.kr. í rekstur. Samtals voru framlög úr ríkissjóði til stofnunarinnar 39.578 m.kr. á árinu 2022.

#### Skipting útgjalda

Í töflu 1 er sýnd skipting fjárveitinga til 10-211 Vegagerðarinnar á árinu 2022. Fjárlagatalan án sértekna var 38.960 m.kr. og var það 1.800 m.kr undir gildandi samgönguáætlun. Á fjáraukalögum bættust við 300 m.kr. heimild sem styrkir til almenningssamgangna. Millifærslur voru 3,6 m.kr. til almenns reksturs, 96,2 m.kr. í þjónustuverkefni, 218,4 m.kr. sem styrkir til almenningssamgangna og af botndælubúnaði yfir á tæki og búnað 34,0 m.kr. Aðrar breytingar voru tilfærsla á heimild frá botndælubúnaði yfir á Vestmannaeyjaferju 118,5 m.kr.

Hafnaframkvæmdir 10-241 fengu heimild upp á 1.571,4 m.kr. í fjárlögum 2022.

↓  
Herjólfur siglir frá Landeyjahöfn sumarið 2022.  
Mynd: Vilhelm Gunnarsson




| Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.                            | Fjárlög<br>2022 | Fjár-<br>aukalög<br>og milli-<br>færslur<br>2022 | Fjár-<br>heimildir<br>2022 |
|-------------------------------------------------------------|-----------------|--------------------------------------------------|----------------------------|
| 10-211 Vegagerðin                                           |                 |                                                  |                            |
| 1.01 Almennur rekstur                                       | 1.153,7         | 3,6                                              | 1.157,3                    |
| Sértekjur (fjárlög)                                         | -251,6          |                                                  |                            |
| Yfirstjórn, skrifstofu-<br>hald o.fl.                       | 443,0           |                                                  |                            |
| Vaktstöð siglinga                                           | 292,0           |                                                  |                            |
| Viðhald vita og<br>leiðsögukerfa                            | 200,0           |                                                  |                            |
| Rekstur<br>Landeyjahafnar                                   | 10,0            |                                                  |                            |
| Rannsóknir                                                  | 150,0           |                                                  |                            |
| Mismunur milli samg.<br>áætlunar og fjárlaga                | 310,3           |                                                  |                            |
| 1.07 Þjónusta                                               | 6.165,5         | 96,2                                             | 6.261,7                    |
| Sértekjur (fjárlög)                                         | -212,9          |                                                  |                            |
| Almenn þjónusta                                             | 2.477,0         |                                                  |                            |
| Vetrarþjónusta                                              | 3.715,0         |                                                  |                            |
| Mismunur milli samg.<br>áætlunar og fjárlaga                | 186,4           |                                                  |                            |
| 1.15 Styrkir til<br>almenningsamgangna                      | 4.300,1         | 518,4                                            | 4.818,5                    |
| Sértekjur (fjárlög)                                         | -252,0          |                                                  |                            |
| Ferjur, sérleyfi á landi,<br>innanlandsflug                 | 1.006,0         |                                                  |                            |
| Almenningssamgöngur<br>á höfuðborgarsvæðinu,<br>SSH styrkur | 2.569,0         |                                                  |                            |
| Loftbrú (ekki í SGÁ)                                        | 600,0           |                                                  |                            |
| Orkuskipti (ekki í SGÁ)                                     | 150,0           |                                                  |                            |
| Mismunur milli samg.<br>áætlunar og fjárlaga                | -128,9          |                                                  |                            |
| 6.01 Tæki og búnaður                                        | 324,6           | -                                                | 358,6                      |
| 6.10 Framkvæmdir á<br>vegakerfinu                           | 26.345,1        | -                                                | 26.345,1                   |
| Viðhald                                                     | 11.700,0        |                                                  |                            |
| Viðhald bundinna<br>slitlaga                                | 4.100,0         |                                                  |                            |
| Viðhald malarvega                                           | 1.200,0         |                                                  |                            |
| Hliðarsvæði                                                 | 100,0           |                                                  |                            |
| Styrkingar og<br>endurbætur                                 | 1.780,0         |                                                  |                            |
| Veggöng                                                     | 600,0           |                                                  |                            |
| Brýr og varnargarðar                                        | 600,0           |                                                  |                            |
| Umferðaröryggi                                              | 500,0           |                                                  |                            |
| Vatnaskemmdir                                               | 200,0           |                                                  |                            |
| Viðhald girðinga                                            | 100,0           |                                                  |                            |
| Frágangur gamalla<br>efnisnáma                              | 15,0            |                                                  |                            |
| Minjar og saga                                              | 5,0             |                                                  |                            |
| Óráðstafað                                                  | 2.500,0         |                                                  |                            |

| Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.              | Fjárlög<br>2022 | Fjár-<br>aukalög<br>og milli-<br>færslur<br>2022 | Fjár-<br>heimildir<br>2022 |
|-----------------------------------------------|-----------------|--------------------------------------------------|----------------------------|
| Nýframkvæmdir                                 | 12.205,0        |                                                  |                            |
| Almenn verkefni                               | 11.205,0        |                                                  |                            |
| Jarðgangaáætlun                               | 1.000,0         |                                                  |                            |
| Sameiginlegir sjóðir                          | 3.940,0         |                                                  |                            |
| Tengivegir bundið<br>slitlag                  | 2.485,0         |                                                  |                            |
| Breikkun brúa                                 | 500,0           |                                                  |                            |
| Hjóla- og göngustígar                         | 270,0           |                                                  |                            |
| Samgöngurannsóknir                            | 20,0            |                                                  |                            |
| Héraðsvegir                                   | 110,0           |                                                  |                            |
| Landsvegir utan<br>stofnvegakerfis            | 160,0           |                                                  |                            |
| Styrkvegir                                    | 150,0           |                                                  |                            |
| Reiðvegir                                     | 125,0           |                                                  |                            |
| Smábrýr                                       | 50,0            |                                                  |                            |
| Girðingar                                     | 60,0            |                                                  |                            |
| Sameiginlegur<br>jarðgangakostnaður           | 10,0            |                                                  |                            |
| 6.10 Mismunur milli<br>samg.áætl. og fjárlaga | -1.499,9        |                                                  |                            |
| 6.20 Framkvæmdir,<br>vitar og hafnir          | 636,7           |                                                  | 636,7                      |
| Vitabyggingar                                 | 20,0            |                                                  |                            |
| Sjóvarnargarðar                               | 190,0           |                                                  |                            |
| Landeyjahöfn                                  | 377,0           |                                                  |                            |
| Ferjubryggjur                                 | 10,0            |                                                  |                            |
| Hafna- og strand-<br>rannsóknir               | 70,0            |                                                  |                            |
| Mismunur milli samg.<br>áætlunar og fjárlaga  | -64,3           |                                                  |                            |
| 6.82 Botndælubúnaður<br>við Landeyjahöfn      | 34,0            | -34,0                                            | -                          |
|                                               |                 |                                                  |                            |
| Samtals rekstur:                              | 11.619,3        | 618,2                                            | 12.237,5                   |
| Samtals stofnkostnaður:                       | 27.340,4        |                                                  | 27.340,4                   |
|                                               |                 |                                                  |                            |
| Samtals :                                     | 38.959,7        | 618,2                                            | 39.577,9                   |
|                                               |                 |                                                  |                            |
| 10-241 Hafnaframkvæmdir                       |                 |                                                  |                            |
| 6.70 Hafnabótasjóður                          | 1.571,4         |                                                  | 1.571,4                    |
| Innan grunnnets                               | 1.543,0         |                                                  |                            |
| Utan grunnnets                                | 135,0           |                                                  |                            |
| Mismunur milli samg.<br>áætlunar og fjárlaga  | -106,6          |                                                  |                            |
| Samtals fjárheimild<br>10-211 og 10-241 :     | 40.531,1        | 618,2                                            | 41.149,3                   |


4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Útgjöld til almenns rekstrar í fjárlögum 2022 voru 1.153,7 m.kr. Sértekjur voru 251,6 m.kr. og framlag úr ríkissjóði því 902,1 m.kr. Undir almennan rekstur heyrir viðhald víta sem var 299,5 m.kr. á árinu 2022, kostnaður vegna Vaktstöðvar siglinga, sem var 320 m.kr. og rannsóknir 143,3 m.kr. á árinu 2022.

Fjárveiting til eiginlegs rekstrar stofnunarinnar var því 139,3 m.kr. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið fyrir utan viðhald víta, Vaktstöð siglinga og rannsókna er yfirstjórn Vegagerðarinnar, skrifstofa forstjóra, fjármálasvið og þróunarsvið.



← Súlurit 1. Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2022.



← Súlurit 2. Framlag til Vega-gerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Skýringar frá Hagstofu Íslands: Nýr staðall (ESA2010) var innleiddur í september 2014 og nær nú sú tímaröð aftur til 1995. Fyrir árið 2022 eru bráðabirgðatölur.



← Endurbygging hafskipabryggju á Djúpavogi.



Fundur Norrænu vitatæknisamtakanna, NFO, var haldinn á Íslandi í byrjun júní. Hér er hópurinn við Stórhöfðavita.

Starfsmannahald

Launagreiðslur á árinu 2022 voru 4.154 m.kr. Launatengd gjöld á árinu 2022 voru 959 m.kr. Fastir starfsmenn voru 324 í lok árs 2022 í 318 stöðugildum en voru 322 í lok árs 2021 í 317 stöðugildum.

|                    | Miðstöð | Höfuð- borgar- svæði | Suður- svæði | Vestur- svæði | Norður- svæði | Austur- svæði | Samtals |
|--------------------|---------|----------------------|--------------|---------------|---------------|---------------|---------|
| Háskólafélög       | 115     | 7                    | 12           | 10            | 8             | 3             | 155     |
| Önnur stéttarfélög | 59      | 0                    | 21           | 38            | 38            | 13            | 169     |

|                                   |     |   |    |    |    |    |     |
|-----------------------------------|-----|---|----|----|----|----|-----|
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2022* | 174 | 7 | 33 | 48 | 46 | 16 | 324 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2021* | 167 | 5 | 31 | 53 | 44 | 22 | 322 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2020* | 167 | 4 | 28 | 51 | 43 | 22 | 315 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2019  | 139 |   | 24 | 58 | 59 | 20 | 300 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2018  | 107 |   | 34 | 65 | 64 | 22 | 292 |

\* Frá 31.12.2020 er talningin kostnaðarfærsla fastráðinna starfsmanna á skipulagseiningu (ekki búseta).

↑ Tafla 2. Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.

Yfirstjórn og framkvæmdastjórn

Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórar sviða auk yfirlögfræðings. Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar samanstendur af yfirstjórn auk svæðisstjóra af svæðum Vegagerðarinnar.

Svið stofnunarinnar eru fimm; fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið, þróunarsvið og skrifstofa forstjóra.

Fjármálasvið skiptist í fjórar deildir; fjárreiður, fjárhagsáætlun og greining, rekstur og innkaup, og upplýsingatækni. Mannvirkjasvið skiptist í fjórar deildir; framkvæmdir, hafnir, hönnun og stoðþjónusta. Þjónustusvið skiptist í fjórar deildir; almenningssamgöngur, tækjabúnaður, vegaðþjónusta ásamt vöktun og upplýsingaþjónustu. Þróunarsvið skiptist í fjórar deildir; áætlanir og umhverfi, rannsóknir, skipulag, og umferð og umferðaröryggi. Skrifstofa forstjóra skiptist í fimm deildir; lögfræði, mannauður og öryggismál, samskipti, stafrænir innviðir og ferlar, og úttektir og eftirfylgni.

Svæði Vegagerðarinnar eru fimm; Höfuðborgarsvæði, Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði.

Innri endurskoðun heyrir undir forstjóra í skipuriti.

Vaktstöð siglinga

Vegagerðin er ábyrg fyrir starfsemi Vaktstöðvar siglinga og fer með fjárhagslegt og faglegt eftirlit með Vaktstöðinni. Vaktstöðin rekur ýmsa öryggisþjónustu fyrir siglingar og samgöngur á sjó, m.a. skipaæftirlitskerfið AIS, kaupskipaæftirlitskerfið LRIT og skipaöryggisnet hafsins SafeSeaNet sem allt er öryggisþjónusta fyrir samgöngur á sjó ásamt tilkynningarskildu íslenskra skipa.

Hefð er fyrir því að heiðra starfsfólk Vegagerðarinnar með merktu grjóti úr jarðgöngum þegar það fer á eftirlaun. Ellefu starfsmenn voru heiðraðir vorið 2022.



Léttabátur varðskipisins Týs með öldduflum. Landheldisgæslan aðstoðar oft Vegagerðina við viðhald á öldduflum.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Hlutverk Vegagerðar er að sjá sjófarendum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum við landið fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga með rekstri á margvíslegum leiðsöguvirkjum sem staðsett eru fyrir utan skip. Til slíkra leiðsöguvirkja teljast vitar og önnur leiðarmerki, föst eða fljótandi sem staðsett eru við strendur landsins og nefnast einu nafni landsvitakerfið. Vegagerðin veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og leiðarmerkja.

Einnig er rekið upplýsingakerfið sjolag.is á heimasíðu Vegagerðar. Birtar eru veðurupplýsingar frá veðurstöðvum staðsettum í völdum vitum og upplýsingar frá öldumælum fyrir sjólag frá 11 öldumælum sem staðsettir eru hringinn í kringum landið.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í rekstur raf- og ljósabúnaðar annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum og leiðsöguvirkjum. Nauðsynlegt er að viðhalda ytra byrði vita vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar og vitarnir margir hverjir á stöðum sem eru útsettir fyrir saltroki og vindum og miklu veðurálagi.

Flestir landsvitar voru heimsóttir árið 2022, til tækjaæftirlits á vitabúnaði, fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar. Sinnt var almennu viðhaldi á siglingabaujum og þær þrífarnar á sjó og rafhlöður endurnýjaðar í ljósduflum ásamt því sem legufæri og festur voru yfirfarnar. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavitum voru einnig yfirfarnar. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir.

Ísland er aðili að Norrænu vitatæknisamtökunum (Nordisk Fyrteknisk Organisation) sem voru stofnuð á Íslandi árið 1974. Á árinu 2022 var haldin ráðstefna á þeirra vegum á Íslandi. Fundað var í höfuðstöðvum Vegagerðarinnar í Suðurhrauni og á Strakta hóteli á Hellu. Vestmannaeyjar voru sóttar heim og farið í Stórhöfðavita, einnig var Knarrarósviti skoðaður meðan á heimsókninni stóð. Erlendir gestir voru 34 og góður rómur gerður af ráðstefnunni.



↑  
Hvanneyjarviti við Hornafjarðarós.

**Hafna- og strandrannsóknir**

Undir liðnum hafna- og strandrannsóknir var unnið fyrir verkefni að upphæð 113 m.kr. Verkefnin má flokka í fjóra flokka.

Í fyrsta flokknum eru verkefni tengd breytingum á höfnum, stækkunum hafna og áhrifum þeirra á kyrrð við kanta, alls 30 milljónir króna. Undir þessum flokki var unnið að eftirfarandi verkefnum: Þorlákshöfn, stækkun hafnarinnar fyrir stærri flutningaskip; Vestmannaeyjahöfn, áhrif styttingar Hörgaeyrargarðs á öldufar innan hafnar; Reykjaneshöfn, skoðun á nýjum innri garði í Njarðvík til að auka kyrrð og umsvif; Grindavík, skoðun á ytri skjólgörðum og breikkaðri innsiglingu; Hornafjörður, rannsóknir á Grynnslnum utan við Hornafjarðarós; Hafnarfjarðarhöfn, skoðun á nýrri höfn í Straumsvík; Drangsnes, skoðun á hafnarbótum.

Í öðrum flokknum eru verkefni sem tengjast vöktun, greiningu og spá á veðurfari á sjó, alls 42 m.kr. Undir þennan flokk falla; uppfærsla á vefnum Veður og sjólag; sjávarborðsmælingar í höfnum; skoðun og greining á undangengnum flóðaveðrum; öldukort og líkindadreifing öldu á hafi; uppfærsla á hugbúnaði fyrir öldufarsreikninga og hreyfingu skipa við kant.

Í þriðja flokknum eru verkefni tengd vörnum gegn náttúruvá, alls 24 m.kr. Undir þennan flokk falla; skoðun á sandflutningum við Suðurströndina og landrofi við Vík í Mýrdal; viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum og ákvörðun á lágmarkslandhæð.

Í fjórða flokknum eru rannsóknarverkefni tengd hafnarmannvirkjum og hönnun þeirra, 9,0 m.kr. Þar má nefna jarðtæknirannsóknir; rannsókn á stigaljósum og tæringu stálþila, ásamt skoðun á rafvæðingu hafna.

Auk ofangreinds var unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum, fyrir alls 15 m.kr. Þau helstu voru greining á sjávarflóðum til ákvörðunar á hæð og umfangi sjóvarna á Granda fyrir Faxaflóahafnir, við Sæbraut fyrir Reykjavíkurborg og við Ægisbraut fyrir Akraneskaupstað. Gerð var grein fyrir öldufari við landtökustaði sæstrengs FARICE við Grindavík og Þorlákshöfn og öldufari á efnistöðum Björgunar á Kollafirði. Þá var gerð skoðun á fyrirkomulagi sjótöku fiskeldis Silfurstjörnnunnar í Öxarfirði.

Vegagerðin tók þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum PIANC. Haldinn var vel heppnaður NordPIANC fundur í Hofi á Akureyri í byrjun september. Farið var í Skógarböðin og ferð um Tröllaskaga þar sem frystihúsið á Dalvík var heimsótt ásamt Síldarminjasafninu á Siglufirði og endað við Sauðanesvita.

**Vöktun og upplýsingaþjónusta**

Þjónustusvið rekur deild sem nefnist vöktun og upplýsingar. Deildin skiptist svo í tvær einingar: Vaktstöð og umferðarþjónustu.

Vaktstöð Vegagerðarinnar starfar allan sólarhringinn, allt árið um kring. Hlutverk hennar er að sinna vöktun á jarðgöngum í gegnum myndavélar og annan búnað, s.s. vegna loftgæða, umferðar, slysa og viðhalds. Einnig sinnir vaktstöð samræmingarhlutverki vetrarþjónustu yfir allt landið í samstarfi við verktaka og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Hún fylgist með veðurspám, ástandi vega, vegamannvirkjum og vegbúnaði, boðar til verktaka ásamt viðbragðsaðilum í neyðartilvikum og sinnir öðrum reglubundnum þjónustuverkefnum. Hlutverk vaktstöðvar er einnig að miðla upplýsingum og samræma aðgerðir m.a. með öðrum einingum innan Vegagerðarinnar, fjarskiptamiðstöð Lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum. Uppfærsla færðarkorts í rauntíma fer fram hjá vaktstöð.

Starfsemi vaktstöðvar fer fram á tveimur stöðum, í Garðabæ og á Ísafirði. Vaktstöð getur skipt vöktun á mismunandi landssvæðum á milli sín eða vaktað allt landið í einu. Þannig er hægt að tryggja sveigjanleika ef upp koma þær aðstæður að ekki er hægt að notast við báðar starfsstöðvarnar tímabundið.

Umferðarþjónusta Vegagerðarinnar er ábyrg fyrir símsvörun í þjónustusíma stofnunarinnar, bæði upplýsingasíma færðar og veðurs sem og miðlæg símanúmer miðstöðvar og þjónustustöðva. Umsagnir vegna leyfisveitinga Samgöngustofu á þungaflutningum á vegakerfinu er einnig í höndum einingarinnar. Uppfærsla á upplýsingum varðandi færð, framkvæmdir o.þ.h. á vefsvæðum og samfélagsmiðlum Vegagerðarinnar er í höndum umferðarþjónustu.


Safnað er saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörðu, veður og færð. Flest þessara mælitækja eru sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.




→  
Nord-PIANC ráðstefna var haldin í Hofi á Akureyri. Þar komu saman sjötiú manns frá níu löndum og ræddu um hafnir frá ýmsum sjónarhornum.

4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 5.993 m.kr. Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til almenningssamgangna 3.540,4 m.kr., í fjáráukalögum voru 140 m.kr. og auk þess var flutt úr almennum varasjóði um 521 m.kr. og 300 m.kr. vegna Loftbrúar samtals 4.501 m.kr.



← Súlurit 3. Fjárveitingar til þjónustu á verðlagi ársins 2022 í m.kr.



← Súlurit 4. Kostnaður þjónustu á verðlagi ársins 2022 í m.kr.



Veghefill að störfum á Hellisheiði veturinn 2022. Mynd: Heimir Hoffritz

4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum var 5.993 m.kr. Þar af voru sértekjur rekstrardeildar og svæða, sem áætlaðar voru 198 m.kr. í fjárlögum. Til almennrar þjónustu voru til ráðstöfunar 2.200 m.kr. og til vetrarþjónustu 3.703 m.kr. Verkefni í þjónustu skiptast í fimm meginflokkka; viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði, hreinsun og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 7.631 m.kr. á árinu 2022, 2.625 m.kr. vegna sumarþjónustu og 5.006 m.kr. vegna vetrarþjónustu.

Viðhald vegmerkinga

Fjárheimildum til vegmerkinga, 1.530 m.kr. er ætlað að greiða fyrir lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegrið og umferðarmerki. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.524 m.kr. á árinu 2022.

Samningar við sveitarfélög

Fjárheimild til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis, 35 m.kr. var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er forstjóra Vegagerðarinnar heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafila þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra, en frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið mikinn hluta þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 75 m.kr. á árinu 2022.

Viðhaldssvæði

Fjárheimildum til viðhaldssvæða, 535 m.kr. var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 889 m.kr. á árinu 2022.

Hreinsun vegsvæða

Fjárheimildum til hreinsunar vegsvæða, 100 m.kr. var varið til að greiða kostnað við hreinsun vegsvæða. Kostnaður vegna hreinsunar var 137 m.kr. á árinu 2022.

Vetrarviðhald

Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 5.006 m.kr. á árinu 2022.

Í töflu 3 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2022 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförnum árum hefur þjónustumagn að vetri til aukist. Munar þar mestu um meiri þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur aukin umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og sérþarfa vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna.

Súlurit 3 sýnir þróun fjárheimilda til þjónustu þ.m.t vetrarviðhalds á árunum 2011-2022 og súlurit 4 sýnir þróun í kostnaði síðustu 4 ár. Tölur eru á verðlagi ársins 2022.

| Svæði/<br>útgjaldaliður | Sameigin-<br>legt<br>m.kr. | Suður-<br>svæði<br>m.kr. | Vestur-<br>svæði<br>m.kr. | Norður-<br>svæði<br>m.kr. | Austur-<br>svæði<br>m.kr. | Samtals<br>m.kr. |
|-------------------------|----------------------------|--------------------------|---------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------|
| Vetrarviðhald<br>m.kr.  | 346                        | 1.869                    | 1.332                     | 981                       | 478                       | 5.006            |

↑ Tafla 3. Skipting kostnaðar við vetrarviðhald.

Styrkir til almenningssamgangna á landsbyggðinni

Gert var ráð fyrir 4.600 m.kr. fjárframlagi til þessa liðar á fjárlögum, en styrkur til málaflokksins er samkvæmt stefnu í almenningssamgöngum sem er hluti af tillögu að samgönguáætlun 2020-2034. Rekstrarárið bar mörg merki um batnandi ástand eftir áhrif heimsfaraldurs Covid-19 á fyrri ár. Farþegum fjölgaði í öllum málaflokkum, farþegatekjur landsamgangna skiluðu fjármunum langt umfram fjárhagsáætlun og landsmenn nýttu sér afsláttarkjör Loftbrúar mun meira en árið 2020. Þá var slegið af hagræðingaraðgerðum, sem fólust í fækkun ferða hjá ferjum frá árinu 2020, en í landsamgöngum héldust þær áfram að mestu óbreyttar.

Ferjur

Heildarkostnaður á árinu 2022 var 1.725 m.kr. Fjöldi farþega með ferjum árið 2022 var rúm hálf milljón sem er 16% fjölgun frá árinu áður og 10% fjölgun miðað við árið 2019, tímabilið áður en áhrifa gætti af heimsfaraldri Covid 19. Súlurit 5 (Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum og árum tímabilið 2019 til 2022) sýnir samanburð á farþegafjölda eftir árum á tímabilinu 2019 til 2022. Hafa skal í huga að fram til loka júlí árið 2019 sigldi Vestmannaeyjaferjan Herjólfur að meðaltali 4 ferðir á dag en 25. júlí 2019 var Herjólfur IV tekin í notkun og ferðum fjölgað í sjö álag. Farþegafjöldi ferja eykst samhliða aukinni flutningsgetu Herjólfss svo að allt í allt fer farþegum með ferjum fjölgandi síðan 2021 eins og tafla 4 (Farþega- og ferðafjöldi ferja eftir árum tímabilið 2019 til 2022) sýnir. Tafla 5 sýnir svo hvernig hið opinbera styrkti ferjuleiðir á árinu 2022.

Samningur um ferjusiglingar til Mjóafjarðar var endurnýjaður og skrifað undir sérleyfissamning til eins árs. Næstu skref eru undirbúningur að nýjum samningi.


|               | 2019    | 2020    | 2021    | 2022    |
|---------------|---------|---------|---------|---------|
| Farþegafjöldi | 463.542 | 340.252 | 440.567 | 511.244 |
| Ferðafjöldi   | 5.928   | 5.347   | 7.889   | 7.446   |

↑ Tafla 4. Farþega- og ferðafjöldi ferja eftir árum tímabilið 2019 til 2022.

|                                  | Rekstrar-<br>styrkur<br>m.kr. | Þurr- og<br>aðstöðuleiga<br>m.kr. | Annar<br>kostnaður<br>m.kr. | Samtals<br>m.kr. |
|----------------------------------|-------------------------------|-----------------------------------|-----------------------------|------------------|
| Vestmannaeyjaferja, Herjólfur IV | 765,7                         | 180,9                             | 239,8                       | 824,6            |
| Breiðafjarðarferja, Baldur       | 347                           | -                                 | 17                          | 364,8            |
| Hríseyjarferja, Sævar            | 171,9                         | 12                                | 113                         | 273              |
| Grimseyjarferja, Sæfari          | 182                           | 22                                | 31                          | 190,9            |
| Mjóafjarðarferja                 | 42                            | -                                 | -                           | 42               |
| Sameiginlegur kostnaður          | -                             | -                                 | -                           | 28,5             |
| Samtals                          | 1509,7                        | 215,7                             | 402                         | 1.724,5          |

↑ Tafla 5. Kostnaður við ferjur.

→ Súlurit 5. Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum og árum tímabilið 2019 til 2022



Landsamgöngur


Heildarkostnaður almenningsvagna á landsbyggðinni á árinu var 1.195 m.kr. og fargjaldatekjur námu 405 m.kr. sem var rúmlega 51% aukning á tekjum frá fyrra ári. Þá var farið í endurskipulagningu á fargjaldakerfi landsbyggðarstrætó og ný tímabilskort fyrir landsbyggðarstrætó sett í sölu. Kortin, sem eru fyrir hvern landshluta, voru sett í rafræna sölu í gegnum vefverslun Strætó bs. og voru þrjár gerðir í boði: Eins mánaða kort, 3ja mánaða kort og 12 mánaða kort. Markmið Vegagerðarinnar er að þróa og setja í sölu fleiri gerðir áskriftakorta.

Þeir samningar sem voru fyrir við verktaka voru framlengdir til ársloka 2022. Tafla 6 sýnir opinbera styrki til landsamgangna á árinu 2022.

Rekstur landsbyggðarvagna árið 2022 þróaðist á jákvæðan hátt og voru fargjaldatekjur yfir fjárhagsætlun, eða tæplega 400 m.kr. Miðað við árið 2019 hækkuðu fargjaldatekjur um rúm 13%, en þegar verðgildi fargjalds er borið saman eru tekjur ársins 2022 lægri en þær sem fengust árið 2019. Útskýrist það m.a. af því að farmiðaverð hefur ekki hækkað samhliða almennum verðlagsbreytingum. Farþegafjöldi jókst einnig sömuleiðis en er þó langt undir farþegafjölda fyrir árið 2019. Súluvit 6 sýnir hlutfall fargjaldatekna og farþegafjölda eftir árum á tímabilinu 2019 til 2022.

|                              | Kostnaður m.kr. |
|------------------------------|-----------------|
| Sameiginlegur kostnaður      | 8               |
| Reykjanes                    | 209             |
| Suðurland                    | 290             |
| Vestur- og Norðurland        | 343             |
| Norður- og Norðausturland    | 129             |
| Vestfirðir                   | 26              |
| Austurland                   | 89              |
| Þjónustusamningur við Strætó | 100             |
| Samtals                      | 1.195           |

← Tafla 6. Kostnaður við landsamgöngur.



← Súluvit 6. Hlutfall fargjaldatekna og farþegafjölda eftir árum á tímabilinu 2019 til 2022.

Styrkir til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárframlag til þessa liðar var 906 m.kr. Með þessum styrk er áformað að byggja upp almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við aðra landshluta.

Með tilkomu Borgarlínu og endurskoðun leiðakerfis á höfuðborgarsvæðinu verður að huga að tengingu landsbyggðavagna við hið nýja kerfi.

Styrkir til innanlandsflugs


Heildarkostnaður á árinu var 731 m.kr. Heilt yfir jókst farþegafjöldi um rúm 5% frá fyrra ári og var -2% frá því sem var árið 2019. Fækkun var á farþegum á flestum áfangastöðum árið 2022 en til þeirra áfangastaða sem eru með mestan farþegafjölda var aukning, farþegum til Hafnar fjölgaði um 11% og tæplega 20% til Bíldudals, sjá súluvit 7.

Ríkisstyrkt áætlunarflug var til sex áfangastaða á árinu 2022. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

→ Tafla 7. Kostnaður við innanlandsflug.

|                         | Kostnaður m.kr. |
|-------------------------|-----------------|
| Bíldudalur              | 244             |
| Grímsey                 | 41              |
| Vopnafjörður-Þórshöfn   | 104             |
| Höfn                    | 273             |
| Gjögur                  | 64              |
| Sameiginlegur kostnaður | 4               |
| Samtals                 | 730             |

→ Súluvit 7. Samanburður á flugi eftir flugleið árin 2019 til 2022.






↑  
Flugvél frá Norlandair tekur á loft á Reykjavíkflugvelli vorið 2022.  
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

**Loftbrú**

Loftbrú var innleidd í september 2020 að skoskri fyrirmynd og veitir um 60 þúsund íbúum landsbyggðarinnar 40% afslátt af miðaverði á sex flugleggjum á ári til og frá Reykjavík.

Nýting á niðurgreiðslukerfi Loftbrúar árið 2022 var 531 m.kr. sem er tæplega 23% aukning frá fyrra ári. Helsta ástæða aukningar er að árið 2022 er fyrsta rekstrarár Loftbrúar þar sem heimsfaraldur Covid 19 hefur lítil áhrif. Aukin nýting eftir rekstrarárum Loftbrúar sést á súluriti 8.



← **Súluriti 8.** Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum tímabilið 2020 til 2022.



→  
Vegagerðin býður út og hefur umsjón með samningum á 25 akstursleiðum almenningsvagna milli byggða á landsbyggðinni.  
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

**Sameiginleg verkefni**

Skipulag sveitarfélaga

Fjármögnun: Samgönguáætlun 2022, undirbúningur verka utan áætlunar Vinna Vegagerðarinnar við að fylgjast með og gera athugasemdir við breytingar á skipulagi sveitarfélaga með tilliti til framtíðarskipulags vegakerfisins.  
Kostnaður: 37 m.kr.

Ýmis verk

Fjármögnun: Samgönguáætlun 2022, undirbúningur verka utan áætlunar Hlutur Vegagerðarinnar í vinnu við kortlagningu umferðarhávaða frá stofnvegum. Meðal annars innleiðing á samevrópska reiknilíkaninu fyrir umferðarhávaða, CNOSSOS.  
Kostnaður: 5 m.kr.

↓  
Stormasamt var í byrjun árs 2022 og lóð Vegagerðarinnar í Vík fylltist af sandi



→  
Árleg rannsóknaráðstefna  
Vegagerðarinnar var haldin í 21. sinn  
28. október. Um 260 manns sóttu  
ráðstefnuna. Fluttir voru 17 fyrirlestrar.

4.1.4.5 Rannsóknir

Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóð Vegagerðarinnar í byrjun árs. Auglýsingin birtist á vef Vegagerðarinnar, í Framkvæmdafréttum og í tölvupósti sem sendur var til þeirra sem sent höfðu inn umsóknir undanfarin þrjú ár. Í auglýsingunni kom meðal annars fram eftirfarandi texti varðandi áherslur:

„Rannsóknunum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar á þessa flokka taka mið af því markmiði rannsóknasjóðs að stuðla að því að Vegagerðin geti sinnt hlutverki sínu og jafnframt að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Innan Vegagerðarinnar eru starfandi þrjár fagnefndir um þessa málaflokka sem áherslur sjóðsins við úthlutun fyrir árið 2022.“

Umsóknarfrestur rann út 28. janúar 2022. Alls bárust 134 umsóknir að upphæð 403 m.kr. Þetta er sambærileg tala umsókna miðað við árið á undan. Alls var veitt 150 m.kr. í 69 verkefni. Meðalfjöldi styrkja á ári frá 2005 til og með 2022 er um 92. Heildarupphæð styrkja er svipuð og undanfarin ár, utan 2013, þegar upphæðin var 159 m.kr. Á fjárlögum fyrir 2022 voru sjóðnum markaðar 150 m.kr. Lista yfir flest verkefni sem fengu styrk árið 2022 er að finna í töflu 8 Rannsóknaverkefni (ath. flokkun verkefna er samkvæmt ákvörðun umsækjanda).

↓ **Tafla 8.** Rannsóknaverkefni.

| Mannvirki                                                                                            |                                                                                 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|
| Áhrif loftslagsbreytinga á eiginleika meðal- og há- rennsli íslenskra vatnasviða.                    | Óbundin efni í vegagerð – efnisgæði og efniskröfur                              |
| Ástandsmat íslenskra jarðganga með gögnum veggreinis                                                 | Roadex, samvinnuvettvangur vegagerða í Norður Evrópu                            |
| Ástandsskoðun sprautusteypu í jarðgöngum með tilliti til þykktar og væntanlegs líftíma               | Slitlög                                                                         |
| Basalttrefjar til styrkinga í sprautusteypu                                                          | Slitpólið hástyrkleikasteypt 50 mm lag á brýr – þróun og blöndun - framhald     |
| Betri kostnaðaráætlanir í vegagerð                                                                   | Sprungumyndun í grjóti í brimvörn - Námurannsókn                                |
| Endurskoðun EC7, jarðtæknihönnun                                                                     | Stauraundirstöður fyrir brýr                                                    |
| Greining á innri gerð malbiksslitlaga með X-ray tomography – seinni áfangi                           | Steinefnaprófanir á tveimur steypuefnasýnum                                     |
| Handbók fyrir framkvæmdaeftirlit hjá Vegagerðinni                                                    | Stífni- og sveiflueiginleikar jarðvegs með tilliti til mannvirkjagerðar         |
| Legulausar brýr – bætt viðhald og sjálfbærni í brúarhönnun                                           | Sveigjanleg og aðlögunarhæf skipulagsgerð fyrir hafnir                          |
| Leiðbeiningar við notkun valtara með þjöppumæli og staðsetningarbúnað, í vegagerð, framhaldsverkefni | Tæring á hægryðgandi stáli við íslenskar aðstæður                               |
| Notkun CPT mælinga til þess að áætla sig í lausum jarðlögum                                          | Úrvinnsla mæligagna og burðarþolsgreining á brú yfir Steinavötn í Suðursveit    |
| Nýting malbikskurls í burðarlag vega                                                                 | Þróun á endafrágangi brúarmannvirkja til að lágmarka viðhald vega við brúarenda |



| Umferð                                                                      |                                                                                                                                  |
|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Endurkastsmælingar á yfirborðsmerkingum                                     | Samspil ríðandi umferðar og annarra vegfarenda á stígakerfi höfuðborgarsvæðisins                                                 |
| Mælingar á færslu óstöðugra fláa í rauntíma og langtíma - Siglufjarðarvegur | Vinstribeyggjur - Slysagreining á mismunandi útfærslum varinna vinstribeyggjufasa á ljósastýrðum gatnamótum höfuðborgarsvæðisins |
| NORDUST II                                                                  |                                                                                                                                  |
| Rafskútur og umferðaröryggi                                                 |                                                                                                                                  |

| Umhverfi                                                                                                                      |                                                                                                                    |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi                         | Magn ryks á yfirborði vega                                                                                         |
| Botna: Botnlandslag og þykkt jökla reiknað út frá fjölpættum mæligögnum og eðlisfræðilegum skorðum með marglaga reiknialgrími | Mat á hönnunarflóði á ómældum vatnasviðum með notkun afrennslisgagna úr endurgreiningu á veðurspálíkaninu Harmonie |
| Brýr í hringrásarhagkerfi                                                                                                     | Notkun fjarkönnunargagna til að ákvarða þröskulda fyrir skriðuhættu á Íslandi                                      |
| Gáttlisti fyrir aukna sjálfbærni í vegagerð á Íslandi                                                                         | Næmi veðurgilda CNOSSOS-EU – Við íslenskrar aðstæður                                                               |
| Grímsvötn: vatnsgeymir, jökulhlaup, upphaf og rennsli                                                                         | Samsetning og uppruni svifryks á Akureyri                                                                          |
| Hvernig má nýta VegLCA í hönnun og gerð íslenskra samgöngumannvirkja?                                                         | Umferðartengd svifryksmengun í Reykjavík, Íslandi. Greining og dreifing á umferðartengdu örplasti.                 |
| Kolefnisbinding í mómýrum undir áhrifum eldvirkni                                                                             | Útfærsla á staðli um endurvinnslu malbiks ÍST EN 13108-8:2016 og heildarmagn malbiksúrgangs á Íslandi              |
| Kortlagning á jarðfræði og jarðvá hafsbotnsins á strandsvæðum í völdum fjörðum á Austur- og Vesturlandi                       | Vegveðurspáyfirlit fyrir vetrarþjónustu Vegagerðarinnar                                                            |
| Landmótun fornra ísstrauma á Norðausturlandi                                                                                  |                                                                                                                    |

| Samfélag                                                  |                                                                               |
|-----------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|
| Efla vöxt deilíbíla á Íslandi með fjárhagslegum stuðningi | Samspil þéttleika byggðar og umferðarsköpunar í skipulagi                     |
| Grænar raforkulausnir fyrir víta byggðar á efnarafölum    | Samþætting ferða: Almenningsamgöngur og deilirafskútur                        |
| Hjóla- og göngustígakerfi í dreifbýli á Suðurlandi.       | Vilji til breytinga á vali á ferðamáta frá einkabíl yfir í almenningsamgöngur |
| Kortlagning hávaða með CNOSSOS-EU. Framhaldsverkefni.     |                                                                               |

4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2022 var 11.700 m.kr. Til stóð að greiða skuld viðhalds til nýframkvæmda um 2.500 m.kr. á árinu og verja þá 9.200 m.kr. til viðhaldsverkefna. Vegna mikilla viðhaldsverkefna á árinu og ákvörðun yfirstjórnar að bæta þar í varð kostnaður viðhalds að lokum 10.868 m.kr. og niðurgreiðsla skuldar viðhalds til nýframkvæmda 832 m.kr.

Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokka; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga.


Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.905 km og samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.

Í töflu 9 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2022.

| Svæði / vegflokkur    | Höfuðborgar-svæði km | Suður-svæði km | Vestur-svæði km | Norður-svæði km | Austur-svæði km | Samtals km | Hlutfall |
|-----------------------|----------------------|----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|----------|
| Stofnvegir            | 140                  | 910            | 1.319           | 1.176           | 887             | 4.432      | 34%      |
| Tengivegir            | 62                   | 881            | 928             | 1.088           | 446             | 3.405      | 26%      |
| Héraðsvegir           | 39                   | 676            | 739             | 854             | 332             | 2.649      | 21%      |
| Landsvegir            |                      | 597            | 226             | 682             | 470             | 1.975      | 15%      |
| Stofnvegir um hálendi |                      | 276            | 40              | 164             |                 | 480        | 4%       |
| Samtals km            | 240                  | 3.340          | 3.252           | 3.964           | 2.145           | 12.941     | 100%     |

Tafla 9. Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.



Súlurit 9. Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.




Unnið við að setja niður stikur á Hellisheiði. Bíll með árekstrarpúða fylgir vinnuflokknum til að auka öryggi.

| Svæði/útgjaldaliður         | Sameiginlegt m.kr. | Suður-svæði m.kr. | Vestur-svæði m.kr. | Norður-svæði m.kr. | Austur-svæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|-----------------------------|--------------------|-------------------|--------------------|--------------------|--------------------|---------------|
| Efnisvinnsla                | -                  | (50)              | (92)               | (51)               | 56                 | (137)         |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 0                  | 0                 | 0                  | 0                  | 0                  | 0             |
| Bundin slitlög              | 86                 | 2.402             | 950                | 1.024              | 516                | 4.978         |
| Malarslitlög                | -                  | 273               | 479                | 496                | 191                | 1.439         |
| Hliðarsvæði                 | (6)                |                   | 2                  | 35                 | 12                 | 42            |
| Styrkingar endurbætur       | 19                 | 695               | 548                | 476                | 234                | 1.972         |
| Brýr og varnargarðar        | 76                 | 334               | 124                | 167                | 171                | 872           |
| Veggöng                     | 29                 | 231               | 116                | 119                | 151                | 646           |
| Öryggisaðgerðir             | 52                 | 152               | 150                | 130                | 41                 | 525           |
| Vatnaskemmdir               | 3                  | 16                | 152                | 201                | 2                  | 374           |
| Viðhald girðinga            | -                  | 25                | 40                 | 75                 | 11                 | 151           |
| Minjar og saga              | 6                  | -                 | -                  | -                  | -                  | 6             |
| Samtals                     | 271                | 4.078             | 2.467              | 2.637              | 1.373              | 10.868        |

Tafla 10. Skipting viðhaldskostnaðar 2022.



↑ Framkvæmdir við nýja brú og undirgöng við Kotströnd þar sem Ölfusvegur fer undir Suðurlandsveg.




← **Súlurit 10.** Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega á verðlagi ársins 2022.


Efnisvinnsla

Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malarslitlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2022 var sala efnis 137 m.kr. umfram kostnað við öflun efnis.

→ **Súlurit 11.** Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi ársins 2022.



→ **Skífurit 1.** Hlutfallsleg skipting aksturs milli svæða árið 2022.



→ Starfsfólk þjónustustöðva áttu fullt í fangi með að fylla í holur í slitlagi vorið 2022 eftir afar þungan vetur.

Viðhald bundinna slitlaga


Stærsti kostnaðarliður í viðhaldi rennur til viðhalds bundinna slitlaga. Fjármagnið er notað til yfirlagna og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu 2022 var 4.978 m.kr. Við ráðstöfun fjárins er mikilvægt að meta ástand eldri slitlaga og forgangsraða eftir aldri, skemmdum, hjólfaradýpt og umferðarmagni. Stærsti hluti bundinna slitlaga eru klæðingar, en malbik er notað í meira mæli á umferðarþyngri vegi og í og við þéttbýli.

Árlega er mikil vinna lögð í að ástandsmeta eldri slitlög og skrá þær upplýsingar í gagnagrunna Vegagerðarinnar til frekari úrvinnslu. Mjög mikilvægt er að allar upplýsingar um aldur og ástand bundinna slitlaga séu sem nákvæmastar og uppfærðar á hverju ári, með nýjustu upplýsingum um nýframkvæmdir og viðhald. Jafnframt þarf að endurskoða árlega kostnaðartölur um nýlagnir í klæðingum og malbiki. Nauðsynlegt er að uppfæra umferðartölur reglulega og skipta þeim niður á akreinar með sem mestri nákvæmni.

Allar upplýsingar um ástand slitlaga eru færðar yfir í viðhaldsstjórnunarforritið RoSy. Forritið er öflugt verkfæri sem hjálpar til við að reikna út hvaða vegarkafla, með tilliti til hagkvæmni, er best að ráðstafa viðhaldsfé til á komandi ári. Forritið reiknar auk þess út hvar ber að verja fé til fyrirbyggjandi viðhalds eða viðgerða áður en kemur að endurnýjun bundins slitlags.

Vegir með bundnu slitlagi eru samtals um 5.800 km og því er augljóst að viðhaldsstjórnunarforrit eins og RoSy er nauðsynlegt verkfæri til að hjálpa til við að taka ákvarðanir um viðhald og endurnýjun á umfangsmiklu vegakerfi. Forritið reiknar einnig út allar kostnaðartölur á þeim aðgerðum sem það leggur til. Stór hluti forritsins er því línulegt bestunarlíkan sem reiknar hagkvæmi þess að ráðast í viðhald á viðkomandi vegarkafla strax, eða fresta aðgerðum fram til næstu ára. Að öllu jöfnu reiknar forritið til 12 ára, en Vegagerðin nýtir aðallega niðurstöður næstu 3ja ára.

Markmiðið með þessari aðferðarfræði er að nýta þá fjármuni sem lagðir eru til viðhalds bundinna slitlaga á hagkvæman og skilvirkan hátt og ná jafnframt fram auknum aðgerðum innan fjárheimilda málaflokksins. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn á undanförunum árum hefur árangurinn verið góður, þar sem mun meiri skilningur er nú fyrir hendi á að ávallt er arðsamt til lengri tíma að veita fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja.



↑ Súluirít 12. Akstur á þjóðvegakerfi eftir svæðum Vegagerðarinnar.

| Viðhald bundinna slitlaga 2022 | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Suðursvæði                     | 2.402 |
| Vestursvæði                    | 950   |
| Norðursvæði                    | 1.024 |
| Austursvæði                    | 516   |
| Miðstöð                        | 86    |
| Heildarkostnaður:              | 4.978 |

→ Tafla 11. Viðhald bundinna slitlaga.

Viðhald malarvega

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarlitlaga, heflunar og rykbindingar. Um er að ræða ný malarlitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2022 var 1.439 m.kr.

Styrkingar og endurbætur

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Ljóst er að á næstu árum verður nauðsynlegt að ráðast í meira mæli í styrkingu vegakerfisins þar sem endurnýjun þess og viðhald er langt undir þörfum. Vegir landsins eru margir komnir til ára sinna og aldur þeirra almennt kominn fram yfir hannaðan líftíma.

Helstu verkefni svæða:

Suðursvæði

Hringvegur vestan Álftavers 1-B0 var fræstur upp, réttur af, styrktur með burðarlagi og lagt tvöfalt lag klæðingar á veginn á 3 km kafla. Mikið efni var notað í verkið og var alls keyrt um 2000 m³ af styrktarlagsefni í fláafleyga og um 5740 m³ af burðarlagsefni. Gaulverjabæjarvegur 33-01 var endurmótaður og styrktur á 6 km kafla milli Hróarsholtslækjar og Birkilands. Mikið sig var á kaflanum ásamt því að klæðing var orðin mjög léleg. Samhliða þessu verki var gatnamótunum við Votmúlaveg breytt og framúrakstursvasi við gatnamótin gerður. Þessar auka framkvæmdir voru greiddar of umferðaröryggisdeild. Framkvæmdir og færsla Dalsbrautar um Laugarvatn 37-02 voru unnar í samráði við sveitarfélagið Bláskógabyggð. Um aðalveg í gegnum þéttbýlið á Laugarvatni er að ræða og er mikil umferð á kaflanum vegna staðsetningar hans á Gullna hringum. Vegurinn var færður til vesturs til að útbúa pláss fyrir bílastæði austan vegar ásamt því að auka umferðaröryggi með því að hægja á umferð. Styrkingarkaflinn var um 450 m og klætt var með malbiki á 680 m langan kafla. Samhliða þessu voru ljósastaurar reistir meðfram veginum. Þjórsárdalsvegur 32-03 var endurmótaður frá Fossá að Hallslaut þar sem miklar skemmdir voru komnar í kanta og vegurinn missiginn. Vegkaflinn var 2,6 km og var hann fræstur upp, vegflái lagaður, vegurinn réttur af, styrktur með burðarlagi og tvöfalt lag klæðingar svo lagt á veginn.

Allmörg smærri verk voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2022 var 695 m.kr.

Vestursvæði

Á Bíldudalsvegi voru tvö stór verkefni í framkvæmd, annarsvegar um Mikladal 63-02 þar sem unnið var í endurbyggingu og styrkingu á kaflanum frá Patreksfirði að Kríuvötnum, samtals 5 km. Fyllingar voru breikkaðar og rásir mótaðar, ásamt því að skipt var um öll ræsi á kaflanum. Einnig voru kantsig og burðargallar löguð á vegkaflanum sem ekki verður endurbyggður. Hins vegar var unnið að lagfæringum á fjallveginum um Hálfðán 63-03. Unnið var í að laga slæmt kantsig sem var nokkuð áberandi á þessum kafla vegna mikilla þungaflutninga. Samtals voru lagfærðir um 6 km af vegum, ýmist hægri eða vinstri kantur og í sumum tilfellum báðir. Snæfellsnesvegur 54-18 var styrktur á þremur köflum, samtals um 1 km. Bætt var óunnu malarefni við yfirborðið og það brotið, hefлаð og valtað. Einnig var kaflí 21 á Snæfellsvegi 54-21 styrktur með óunnu efni á 2,2 km kafla og svo rásaður með veghefli og malaður með traktorsbrjóti. Unnið var við hrunvarnir og rásagerð á Súðavíkurlíð á Djúpvegi 61-38. Verkefnið var samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Súðavíkurhrepps. Skorradalsvegur 508-04 var endurbættur að ósk almannavarnarnefndar á svæðinu en um er að ræða flóttaleið úr botni Skorradals að Uxahryggjavegi. Yfirborð vegar var lagfært til að gera veginn færan flestum bílum í neyð.

Tálknafjarðarvegur 617-02 er einn af skilavegunum á svæðinu. Unnið var að endurbótum á sjóvörnum á hluta kaflans, endurnýjun styrkar- og burðarlags ásamt því að malbik var lagt á kaflann. Endurbætur á ofanvatnslögnum voru gerðar ásamt því að hluti ljósastaura var endurnýjaður með LED lýsingu. Endurbætur voru unnar á Borgarbraut 531-01 um Borgarnes sem er einnig skilavegur í samstarfi við Borgarbyggð.

Allmörg smærri verk voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2021 var 548 m.kr.

Norðursvæði

Hringvegur 1-k6 á milli Vatnsnesvegjar og Viðidalsvegjar var þurrfræstur, keyrt í hann burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögd yfir til að rétta af sig og laga skemmdir. Einnig var Hringvegur 1-m2 milli Skagastrandarvegjar og Hvammsvegjar þurrfræstur, keyrt í hann burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögd yfir til að rétta af sig á þremur stöðum. Skagastrandarvegur 74-02 milli Þverárfjallsvegjar og Skagavegjar var þurrfræstur, keyrt í hann burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögd yfir líkt og gert var á Sauðárkróksbraut 75-03 milli Sæmundarhlíðarvegs og Skagfirðingabrautar.. Rétta þurfti af Kísilveg 87-05 á tveimur stöðum milli Víðiholts og Norðausturvegjar. Vegurinn var þurrfræstur, keyrt í hann burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögd yfir veginn. Þverárfjallvegur 744-03 var réttur af á þremur stöðum og voru kaflarnir þurrfræstir, keyrt í þá burðarlagsefni og tvöföld klæðing lögd yfir og sama má segja um Aðaldalsveg 845-02 milli Staðarbrautar og Norðausturvegjar. Allir þessir vegkaflar að ofan voru hluti af útboðsverkinu Sementfestun og þurrfræsing á Norðursvæði.

Í vegunum Efribyggðarvegur 751-01, Villinganesvegur 755-01 og Skagafjarðarvegur 752-02, 752-03 og 752-04 var burðarlagið lagað á nokkrum stöðum vegna aurbleytubletta. Austurdalsvegur 758-01 var byggður upp frá Skagafjarðavegi að Bústöðum, verkið var að mestu unnið 2021 en lokafrágangur kláraðist í ár. Hólavegur 826-01 var styrktur frá Vatnsenda að Hólavatni. Bárðardalsvegur eystri 844-01 var byggður upp á 7 km kafla frá Fosshól að Einbúa. Langanesvegur 869-04 var lagfærður frá Sauðanesi að Lónsá vegna skemmda eftir mikinn sjógang. Pelamerkurvegur 8243-01 var styrktur, vegrásir lagaðar og vegurinn formaður upp á nýtt.

Allmörg smærri verk og styrkingar voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2022 var 476 m.kr.



Bygging 30 þúsund fermetra landfyllingar og stálþilskants fyrir nýja kalkþörungaverksmiðju í Súðavík. Mynd: Þorsteinn Haukur Þorsteinsson.

Austursvæði

Borgarfjarðarvegur 940-06 milli Lagarfossvegjar og Unaóss var fræstur og sementsbundin og klæðing lögd yfir á um 1920 m kafla. Einnig var ræsi í Njarðvíkurskriðum á Borgarfjarðarveginum 940-08 lagað. Upphéraðsvegur var fræstur, bætt við burðarlagi, styrktur með sementi og klæðing lögd yfir á nokkrum köflum vegjarins. Á vegkafla 931-06 var tekinn um 360 m langur kaflí, á vegkafla 931-08 var um að ræða 500 m og á vegkafla 931-09 voru um 550 metrar fræstir og styrktir með sementi. Á Hafnarhólmavegi 947-01 voru axlir lagaðar með því að vinna efni og því ekið út. Skaftafellsvegur 998-01 þar var vegstæði lagað og frágangur á uppsetningu ristarliðs var kláraður. Á Mjóafjarðarvegi 953-02 er mjög brött brekka, um og yfir 20% halli. Þar hafa bílar oft lent í erfiðleikum, þá sérstaklega með aftanívagna og margir framhjóladrifsbílar. Bratti brekkunar ofan við Leiðargil verður minnkaður og nýtt ræsi sett í Leiðargil og fyllt yfir. Unnið var við skeringar í klöpp og fyllt yfir ræsið en klára þarf skeringar og fyllingar sumarið 2023. Unnið var að styrkingum og endurbótum á Setbergsvégi 9303-01 og einnig á Birnufellsvegi 9305-01.

Allmörg smærri verk voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2022 var 234 m.kr.

| Styrkingar og endurbætur 2021 | m.kr. |
|-------------------------------|-------|
| Suðursvæði                    | 695   |
| Vestursvæði                   | 548   |
| Norðursvæði                   | 476   |
| Austursvæði                   | 234   |
| Miðstöð                       | 19    |
| Heildarkostnaður:             | 1.972 |

← Tafla 12. Styrkingar og endurbætur.

Brýr og varnargarðar

Heildarkostnaður vegna viðhalds brúa og varnargarða á árinu 2022 var alls rúmlega 872 m.kr. Unnið var við yfir 70 stór og smá viðhaldsverkefni víðs vegar um landið. Stærstu verkefnin í viðhaldi brúa á árinu voru endurnýjun á slitgólfi yfir Lagarfljót, endurnýjun á steypu ræsi fyrir Þverá í Eyjafirði, endurnýjun á yfirbyggingu á brú yfir Laxá í Kjós, Hvítá við Húsafell og Jökulgilskvísl, ásamt endurbyggingu á kanti brúar yfir Glerá á Akureyri sem þar sem sett voru ný vottuð vegrið. Þessi sex verkefni kostuðu um 400 milljónir króna.

Fimm brýr voru rifnar og skipt út fyrir ræsi fyrir um 50 milljónir. En aðeins 16 milljónum var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum brúa.

Kostnaður vegna innkaupa, lagfæringa og endurbóta á vegriðum var um 290 milljónir en þar af fóru 250 m.kr. í verkefni þar sem eldri vegriðum var skipt út fyrir ný vottuð Sicuro vegrið í tengslum við vegriðsátak. Af þeim verkefnum ber helst að nefna eru Borgarfjarðarbrú, brú yfir Elliðaá og Reykjanesbraut (Ártúnsbrekku) og báðum megin á brúm yfir Hafnarfarðarveg þ.e.a.s. á Digranesvegi og Hamraborg.

Einnig var farið í ýmiskonar smærri viðhaldsaðgerðir s.s. endurnýjun slitgólfa, útskipti á þennsluraufum og steypuviðgerðir.

Óbeinn kostnaður vegna viðhalds brúa og varnagarða var um 75 m.kr. og er að mestu til kominn vegna vinnu við umsjón og eftirlit með eignasafninu þar sem helstu verkþættir eru verkefnastjórnun, skráningar, brúarskoðanir, mælingar, undirbúningur og eftirlit verkefna. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið um 14 m.kr. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Kostnaður við þann lið var um 12 m.kr. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundanþága sem var um 7,7 m.kr.



← Gert við brúna yfir Laxá í Kjós. Hér er brúarviðgerðin á síðustu metrunum, verið að festa gólfíð og vegrið komin upp.

Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og að útrýma svartblettum á um 85 stöðum á vegakerfinu og var kostnaður við það rúmar 454 m.kr. Helstu verkefnin voru lagfæringar öryggissvæðis veganna, uppsetning vegriða, lagfæringar á vegamótum, bætt öryggi gangandi vegfarenda og uppsetning hraðaviðvörðunarljósa. Auk þess unnu 13 þjónustustöðvar Vegagerðarinnar við lagfæringar á umhverfi vega og fleira og var kostnaður við það verkefni rúmar 18 m.kr.

Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóra 15 m.kr. vegna úrvinnslu gagna úr sjálfvirkum hraðamyndavélum á árinu 2022. Annar kostnaður vegna kaupa á, reksturs og umsjónar með sjálfvirkum hraðamyndavélum og tengdum tækjabúnaði var tæpleg 29 m.kr. Rúmum 8 m.kr. var varið til umsjónar með verkefninu í heild sinni, en greining slysastaða fellur m.a. þar undir, sem og umferðaröryggisúttektir.

Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2022 var um 525 m.kr.

Veggöng

Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Á vegakerfinu í dag eru 12 jarðgöng sem alls eru 65 km að lengd. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 57 km. Kostnaður vegna reksturs og viðhalds jarðganga var um 646 m.kr. á árinu 2022.

Vatnaskemmdir og ófyrirséð verkefni

Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2022 var 374 m.kr.

Viðhald girðinga

Samkvæmt 52. gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2022 vegna viðhalds girðinga var 151 m.kr.

Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnánum, sem unnin var í júní 2004, var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnánum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 nánum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á samgönguáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið hægar en áætlað var og á árunum 2004-2020 hefur verið gengið frá 450 nánum, eða að meðaltali um 26 nánum á ári. Árið 2022 var ekki gengið frá neinum gömlum nánum vegna vilja landeigenda eða sveitarfélaga um að halda þessum nánum opnum og þær því fjarlægðar úr langtímaáætlun. Árið 2023 verður verklagi breytt og komið í fast verklag.

Minjar og saga

Fjárheimild var varið til að styrkja minjasafnið á Skógum. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2022 var um 6 m.kr.

4.1.5 Stofnkostnaður

Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu

Liðirnir viðhald og stofnkostnaður við vegi hafa verið sameinaðir undir liðnum framkvæmdir á vegakerfinu. Við fjárlög fékk liðurinn 26.345 m.kr. Til viðhalds var úthlutað 10.700 m.kr. Afgangurinn 15.645 m.kr. fór til nýframkvæmda.

Stofnkostnaður / framkvæmdir

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegaframkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

| Svæði       | Kostnaður í m.kr. |
|-------------|-------------------|
| Suðursvæði  | 68                |
| Vestursvæði | 14                |
| Norðursvæði | 52                |
| Austursvæði | 38                |
| Samtals     | 172               |

← Tafla 13. Landsvegir utan stofnvegakerfis. Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar.

| Svæði       | Kostnaður í m.kr. |
|-------------|-------------------|
| Suðursvæði  | 34                |
| Vestursvæði | 9                 |
| Norðursvæði | 15                |
| Austursvæði | 8                 |
| Samtals     | 66                |

← Tafla 14. Héraðsvegir. Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar.

| Svæði                   | Kostnaður í m.kr. |
|-------------------------|-------------------|
| Sameiginlegur kostnaður | 0                 |
| Suðursvæði              | 45                |
| Vestursvæði             | 45                |
| Norðursvæði             | 35                |
| Austursvæði             | 35                |
| Samtals                 | 160               |


← Tafla 15. Styrkvegir. Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar.

| Svæði       | Kostnaður í m.kr. |
|-------------|-------------------|
| Suðursvæði  | 8                 |
| Vestursvæði | 20                |
| Norðursvæði | 16                |
| Austursvæði | 11                |
| Samtals     | 55                |

← Tafla 16. Girðingar. Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar.

| Svæði                   | Kostnaður í m.kr. |
|-------------------------|-------------------|
| Sameiginlegur kostnaður | 12                |
| Suðursvæði              | 59                |
| Vestursvæði             | 18                |
| Norðursvæði             | 35                |
| Austursvæði             | 7                 |
| Samtals                 | 131               |

← Tafla 17. Reiðvegir. Stofnkostnaður eftir svæðum Vegagerðarinnar.



→ Súlurit 13. Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2022 .

Girðingar

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málaflokki. Kostnaður við girðingar á árinu 2022 nam 55 m.kr. Sjá skiptingu milli landshluta í töflu 16.

Landsvegir

Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds, og endurbóta á 1.969 km landsvega utan stofnvegakerfis. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2022 var rúmlega 172 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt töflu 13.

Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 66 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2022 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 14.

Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2022 nam tæplega 160 m.kr. og skiptist eins og fram kemur í töflu 15.

Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2022 nam 131 m.kr. Fjárhæðinni var úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 17.

Framkvæmdir, vitar og hafnir

Framlag til vitabygginga var samkvæmt fjárlögum 7 m.kr., til sjóvarnargarða 151 m.kr. og til Landeyjahafnar 346 m.kr. auk 11 m.kr. vegna botndælubúnaðar. Þar að auki var framlag til landfyllingar austan hafnar á Bíldudal 28 m.kr., 114 m.kr. til hafnarrannsókna og 10 m.kr. til ferjubryggja.

## Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður

### Samgönguáætlun 2022. Framkvæmdir vegir

#### Suðursvæði I

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti                   | Kaflaheiti                        | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|--------|----------|----------------------------|-----------------------------------|-----------------------------|
|        |          |                            | Undirbúningur verka utan áætlunar | 50                          |
| 1      |          | Hringvegur                 |                                   |                             |
|        | a1       |                            | um Núpsvötn                       | 470                         |
|        | b2-b4    |                            | um Mýrdal                         | 20                          |
|        | d6       |                            | Biskupstungnabraut – Varmá        | 1.350                       |
| 30     |          | Skeiða- og Hrunamannavegur |                                   |                             |
|        | 04       |                            | um Stóru Laxá                     | 810                         |
|        |          |                            | <b>Samtals Suðursvæði I</b>       | <b>2.700</b>                |

#### Suðursvæði II (Reykjavík og Suðvestursvæði)

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti       | Kaflaheiti                         | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|--------|----------|----------------|------------------------------------|-----------------------------|
|        |          |                | Undirbúningur verka utan áætlunar  | 50                          |
| 1      |          | Hringvegur     |                                    |                             |
|        | e1-e2    |                | Fossvellir – Hólmsá                | 770                         |
|        |          |                | Hólmsá – Norðlingavað              | 500                         |
|        | f5-f6    |                | um Kjalarnes                       | 1.100                       |
| 41     |          | Reykjanesbraut |                                    |                             |
|        | 15       |                | Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun      | 1.080                       |
|        |          |                | Framlag ríkis til Samgöngusáttmála | 2.000                       |
|        |          |                | <b>Samtals Suðursvæði II</b>       | <b>5.500</b>                |

#### Vestursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti         | Kaflaheiti                        | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|--------|----------|------------------|-----------------------------------|-----------------------------|
|        |          |                  | Undirbúningur verka utan áætlunar | 50                          |
| 54     |          | Snæfellsnesvegur |                                   |                             |
|        | 18-22    |                  | Skógarströnd, ýmsir staðir        | 470                         |
| 60     |          | Vestfjarðavegur  |                                   |                             |
|        | 25-28    |                  | um Gufudalssveit                  | 700                         |
|        | 35-37    |                  | Dynjandisheiði                    | 800                         |
|        |          |                  | <b>Samtals Vestursvæði</b>        | <b>2.020</b>                |

#### Norðursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti                          | Kaflaheiti                        | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|--------|----------|-----------------------------------|-----------------------------------|-----------------------------|
|        |          |                                   | Undirbúningur verka utan áætlunar | 50                          |
| 1      |          | Hringvegur                        |                                   |                             |
|        | Q6       |                                   | um Skjálfandafljót                | 130                         |
|        | r6       |                                   | Jökulsá á Fjöllum                 | 5                           |
| 73     |          | Pverárfjallsvegur um Refasveit og |                                   |                             |
| 74     |          | Skagastrandarvegur um Laxá        |                                   | 720                         |
|        |          |                                   | <b>Samtals Norðursvæði</b>        | <b>905</b>                  |

#### Austursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti           | Kaflaheiti                        | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|--------|----------|--------------------|-----------------------------------|-----------------------------|
|        |          |                    | Undirbúningur verka utan áætlunar | 50                          |
| 1      |          | Hringvegur         |                                   |                             |
|        | x6-x9    |                    | um Hornafjarðarfljót ***          | 700                         |
| 94     |          | Borgarfjarðarvegur |                                   |                             |
|        | 03-04    |                    | Eiðar – Laufás                    | 530                         |
| 939    |          | Axarvegur          |                                   |                             |
|        | 01       |                    | um Öxi ***                        | 800                         |
|        |          |                    | <b>Samtals Austursvæði</b>        | <b>2.080</b>                |
|        |          |                    | <b>Samtals almenn verkefni</b>    | <b>13.205</b>               |

\*\*\* Leitað verði leiða til að fjármagna Axarveg og Hringveg um Hornafjarðarfljót í samstarfi við einkaaðila (50%)

Sameiginlegt og óskipt

| Vegnr.                            | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti                       | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|-----------------------------------|----------|----------|----------------------------------|-----------------------------|
| Stofn- og tengivegir              |          |          |                                  |                             |
|                                   |          |          | tengivegir, bundið slitlag       | 2.485                       |
|                                   |          |          | breikkun brúa                    | 500                         |
|                                   |          |          | hjóla- og göngustígar            | 270                         |
| Annað en stofn- og tengivegakerfi |          |          |                                  |                             |
|                                   |          |          | samgöngurannsóknir               | 20                          |
|                                   |          |          | héraðsvegir                      | 110                         |
|                                   |          |          | landsvegir utan stofnvegakerfis  | 160                         |
|                                   |          |          | styrkvegir                       | 150                         |
|                                   |          |          | reiðvegir                        | 125                         |
|                                   |          |          | smábrýr                          | 50                          |
|                                   |          |          | girðingar                        | 60                          |
|                                   |          |          | sameiginlegur jarðgangakostnaður | 10                          |
| Samtals sameiginlegt              |          |          |                                  | 3.940                       |

Jarðgangaáætlun:

| Vegnr.                              | Kaflanr. | Vegheiti           | Kaflaheiti        | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|-------------------------------------|----------|--------------------|-------------------|-----------------------------|
| 93                                  |          | Seyðisfjarðarvegur |                   |                             |
|                                     |          |                    | Fjarðarheiðargöng | 1.000                       |
| Samtals jarðgangaáætlun             |          |                    |                   | 1.000                       |
|                                     |          |                    |                   |                             |
| Samtals nýframkvæmdir:              |          |                    |                   | 18.145                      |
| Þar af ófjármagnað í fjármálaáætlun |          |                    |                   | 1.500                       |

6.20 Framkvæmdir við vita og hafnir

| Verkefni                               | Fjárveitingar<br>2022 m.kr. |
|----------------------------------------|-----------------------------|
| Vitabyggingar                          | 20                          |
| Sjóvarnargarðar                        | 190                         |
| Landeyjahöfn                           | 377                         |
| Ferjubryggjur                          | 10                          |
| Bíldudalur – Landfylling austan hafnar | 0                           |
| Hafna- og strandrannsóknir             | 20                          |
| Samtals framkvæmdir vitar og hafnir    | 617                         |
|                                        |                             |
| Botndælubúnaður við Landeyjahöfn       | 52                          |

## Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2022

Kostnaðaráætlanir eru á verðlagi ársins sem gengið er frá samningi.

### Suðursvæði

#### 1 Hringvegur

##### B2\_B4 Um Mýrdal jarðgöng

**Umfang verks:** Verkefnið fellst í að útfæra færslu Hringvegar (1-b2\_b4) um Mýrdal þ.a. tryggja megi greiðfærni, aukið umferðaröryggi, taka þjóðveginn út fyrir þéttbýlið í Vík og stytta Hringveginn. Samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps liggur vegurinn suður fyrir Geitafjall, meðfram Dyrhólaós og í gegnum Reynisfjall í jarðgöngum sunnarlega í fjallinu. Vegurinn myndi svo liggja sunnan við Vík og tengjast núverandi vegi austan við byggðina.

**Framkvæmdaform:** Fjármagnað í samstarfi við einkaaðila.

| Fjármögnun          | m.kr.     |
|---------------------|-----------|
| Samgönguáætlun 2020 | 20        |
| Samgönguáætlun 2021 | 20        |
| Samgönguáætlun 2022 | 20        |
| <b>Samtals</b>      | <b>60</b> |

**Verkframvinda 2020:** Unnið var að forhönnun og undirbúningi vegna mats á umhverfisáhrifum

**Verkframvinda 2021:** Unnið var að margs konar rannsóknum vegna MÁU sem og frumdrögum mismunandi valkosta. Þá voru einnig teknar rannsóknarholur í Reynisfjall á mögulegri gangaleið. Skilað inn matsáætlun til Skipulagsstofnunar í lok árs 2021.

**Verkframvinda 2022:** Unnið var við umhverfismat og umhverfismatsskýrslu og ýmsum rannsóknum vegna umhverfismatsins. Þá var einnig bætt við rannsóknarholum í Reynisfjalli á mögulegri gangaleið. Áfram var unnið að frumdrögum mismunandi valkosta. Einnig var unnið umferðaröryggismat fyrir alla valkosti og umferðargreining fyrir þrjú gatnamót.

| Kostnaður      | m.kr.      |
|----------------|------------|
| 2020           | 21         |
| 2021           | 108        |
| 2022           | 127        |
| <b>Samtals</b> | <b>256</b> |

#### 1 Hringvegur

##### B5 Jökulsá á Sólheimasandi

**Umfang verks:** Gerð bráðabirgðavegar og -brúar, alls 940 m, norðan núverandi brúar (Vegagerðin sá um reisningu bráðabirgðabrúar). Ríf núverandi brúar. Skildir voru eftir og endurnýttir sökkklar millistólpa og rofvarnir landstöpla. Bygging 163 m langrar tvíbreiðrar, steinsteyprtrar, eftirspenntrar bitabrúar í fimm höfum ásamt endurgerð vegakafla beggja vegna, alls um einn kílómetri að lengd. Vegkaflí vestan brúar lækkaður til að veita flóðtoppum aftakaflóða frá hinu nýja brúarmannvirki.

**Hönnun:** Verkís.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 1.063 m. kr.

**Verktaki:** ÞG verktakar ehf

| Fjármögnun                | m. kr.     |
|---------------------------|------------|
| Samgönguáætlun 2005       | 2          |
| Samgönguáætlun 2010       | 1          |
**Verktaki:** Loftorka Reykjavík ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 10    |
| 2022      | 277   |
| Samtals   | 287   |

40 Hafnarfjarðarvegur

04 gatnamót við Víflsstaðaveg

**Umfang verks:** Um er að ræða breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar (40) við Víflsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunholtslæk, breikkun og endurbætur á Víflsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi verður fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnarfjarðarveg.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 1.010 m.kr.

| Fjármögnun                                 | m.kr. |
|--------------------------------------------|-------|
| Fyrri ár                                   | 33    |
| Fjárheimild 2016                           | 19    |
| Fjárheimild 2017                           | 0     |
| Fjárheimild 2018                           | 500   |
| Flutt á önnur verk                         | -445  |
| 2019                                       | 0     |
| 2020 Skilað af Norðfj.göngum               | 445   |
| Samgönguáætlun 2020 Undirgöng og göngubrýr | 150   |
| Viðhald bundinna slítlaga                  | 85    |
| Samgönguáætlun 2021 Hjóla- og göngustígar  | 50    |
| Samtals                                    | 837   |

**Verkframvinda 2018:** Á árinu 2018 var unnið við hönnun og annan undirbúning.  
**Verkframvinda 2019:** Á árinu 2019 var unnið við hönnun og gerð útboðsgagna.

Fastamerkjumæling vegna lagfæringar á Hafravatnsvegi (431).



**Verkframvinda 2020:** Verksamningur var undirritaður 13. maí 2020 og hófst vinna fljótlega eftir það. Unnið var við gerð hringtorgs á Vífilssstaðavegi, breytingar á Vífilssstaðavegi að Hafnarfjarðarvegi, breytingar á vegamótum Hafnarfjarðarvegur og Vífilssstaðavegar auk þess sem skipt var um umferðarljós á vegamótunum.

**Verkframvinda 2021:** Haldið var áfram að vinna við Hafnarfjarðarveg sunnan Vífilssstaðavegar. Í byrjun sumars var byrjað að vinna við undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Hafnarfjarðarveg. Vegamót Hafnarfjarðarvegur og Lyngás voru endurgerð og skipt um umferðarljós á þeim. Eftir að lokið var við undirgöngin var gengið endanlega frá vegstæði Hafnarfjarðarvegur og sett upp vegrið á miðjan veginn til að aðskilja akstursstefnur. Á árinu var einnig unnið við undirgöng, hljóðveggi, lagnir og göngustíga. Í árslok var Hafnarfjarðarvegur fullgerður og búið að endurnýja umferðarljósin á báðum vegamótum en í þeim eru allir umferðarstraumar varðir.

**Verkframvinda 2022:** Vegna snjóá hófst ekki vinna fyrr en í mars og hófst þá vinna við að steypa upp stoðveggi utan undirganganna. Undirgöngin voru opnuð í ágúst. Lokið var við göngustíga, landmótun og frágang hliðarsvæða. Verktaki gekk frá sínu geymslusvæði og fjarlægði vinnubúðir. Lokaúttekt var í september 2022. Verkinu er að fullu lokið.

**Verktaki:** PK verk ehf. og PK byggingar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 33    |
| 2016      | 19    |
| 2017      | 50    |
| 2018      | 18    |
| 2019      | 69    |
| 2020      | 308   |
| 2021      | 304   |
| 2022      | 117   |
| Samtals   | 918   |

↓  
Loka þurfti Reykjanesbraut í tvær nætur í nóvember vegna malbikunarframkvæmda.



**41 Reykjanesbraut**  
**15 Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun**  
**Umfang verks:** Verkið felst í vinnu við mat á umhverfisáhrifum, for- og verkhönnun vegna breikkunar Reyknesbrautar, frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni á um 5,6 km kafla með tilheyrandi vegamótum, tengingum og mannvirkjum. Einnig er gert ráð fyrir endurskoðun á hönnuðu hringtorgi og römpum sunnan undirgangna við Straumsvík.

**Framkvæmdaform:** Hæfismat og útboð. Kostnaðaráætlun heildarverksins er 3,4 milljarðar miðað við vísitölu áætlana 171,8.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 | 110   |
| Samgönguáætlun 2021 | 100   |
| Samgönguáætlun 2022 | 1.080 |
| Samtals             | 1.280 |

**Verkframvinda 2020:** Vinna við gerð matsáætlunar hófst strax eftir að samningur var kominn á milli Vegagerðarinnar og Mannvits og lauk þeirri vinnu í desember 2020 og hún þá send til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Vinna við frummatsskýrslu hófst fyrir áramót.

**Verkframvinda 2021:** Í janúar féllst Minjastofnun á mótvægisaðgerðir sem Vegagerðin hafði lagt til að gerðar yrðu á framkvæmdatíma. Í lok janúar höfðu allir rannsóknaraðilar vegna mats á umhverfisáhrifum skilað inn rannsóknarskýrslum. Unnið var úr yfirferð þeirra og einnig ábendingar hagsmunaaðila og annara sem höfðu gert athugasemdir og hvaða áhrif þær hefðu á hönnun og framkvæmd verksins.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 17. mars 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 9. júlí til 23. ágúst 2021. Frummatsskýrsla, þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, var auglýst samhliða.

Unnið var að forhönnun frá febrúar – ágúst 2021. Á þeim tíma óskaði lögreglan eftir til viðbótar við verkið tveimur A-eftirlitsplönum við Reykjanesbraut. 4 tillögur voru skoðaðar og var ein af þeim samþykkt í ráðgjafaráði verkefnisins og af fulltrúa lögreglu.

Athugasemdafrestur við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum lauk í ágúst 2021 og var unnið úr athugasemdum sem bárust í framhaldinu.

Þann 1. nóvember 2021 var Skipulagsstofnun afhent skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Á sama tíma var samþykkt að fara í hönnun hjóla- og göngustígs meðfram Reykjabraut en um væri að ræða samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar.

Í október til nóvember 2021 var unnið að breytingu á deiliskipulagi vegna Reykjanesbrautar og hún tekin fyrir á fundi í byggingar- og skipulagsnefnd Hafnarfjarðar þann 16. nóvember 2021.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 8. desember 2021 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar lá fyrir síðan fyrir 21. desember 2021.

**Verkframvinda 2022:** Á árinu var unnið við hönnun á grundvelli nýs deiliskipulags og við gerð útboðsgagna í verkið.

**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 4     |
| 2020      | 76    |
| 2021      | 97    |
| 2022      | 104   |
| Samtals   | 281   |

Hönnun og undirbúningur verkefna, Höfuðborgarsvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Höfuðborgarsvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 | 50    |
| Samtals             | 45    |

| Verkefni                                                | Ár: | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|---------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
|                                                         |     | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '21 |       |
| Hringvegur F 3-5<br>Nesbraut - Brautarholtsvegur        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 22  | 0   | 22    |
| Breiðholtsbraut 413-01<br>Hringvegur - Jaðarsel         |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 1     |
| Álftanesvegur 415-4<br>Gatnamót við Garðahraunsveg      |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 3   | 6     |
| Sundabraut 450-01                                       |     | 12                | 29  | 85  | 52  | 37  | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 3   | 32  | 31  | 27  | 310   |
| Álftanesvegur 415-02<br>Hafnarfjarðarvegur-Kaldárselsv. |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 1     |
| Samtals                                                 |     | 12                | 29  | 85  | 52  | 37  | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 3   | 32  | 56  | 32  | 340   |

↓  
Frá vinstri; Óskar Sigvaldason frá Borgarverki, Hjálmur Þorsteinn Sigurðsson frá Ístaki, Sigþór Sigurðsson frá Colas, Bergþóra Þorkeldsdóttir, Kristín Helga Markúsdóttir frá Samgöngustofu og Ólafur Örn Bragason frá Ríkislögreglustjóra.



Samgöngusáttmálinn

**Umfang verks:** Verkefnið er langtíma áætlun um uppbyggingu samgöngu-innviði og almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnafjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes undirrituðu samning árið 2020 til fimmtán ára til að tryggja fjármagn í verkefnið. Vegagerðin hélt utan um framkvæmdir í upphafi en fljótlega var stofnað fyrirtækið Betri samgöngur sem heldur utan um verkefnið. Frá og með árinu 2022 mun öll fjármögnun ríkis og sveitarfélaga fara í gegnum Betri samgöngur. **Framkvæmdaform:** Útboð og eða samningar. **Kostnaðaráætlun:** 120.000 m.kr.

| Fjármögnun Ríkisins                       | m.kr. |
|-------------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Samgöngusáttmálinn | 3.000 |
| Samgönguáætlun 2021<br>Samgöngusáttmálinn | 2.300 |
| Samgönguáætlun 2022<br>Samgöngusáttmálinn | 2.000 |
| Samtals                                   | 7.300 |

| Kostnaður 2022                                           | m.kr. |
|----------------------------------------------------------|-------|
| Stofnvegir                                               | 752   |
| Borgarlína                                               | 1.451 |
| Hjóla- og göngustígar                                    | 700   |
| Umferðarstýring, aukið umferðar-flæði og öryggisadgerðir | 224   |
| Göngubrýr og undirgöng                                   | 0     |
| Samtals                                                  | 3.127 |

**1 Hringvegur**  
**E2 Við Heiðmerkurveg (áfangi 2) (Hólmsá - Bæjarháls)**  
**Umfang verks:** Áfangi 1: Tvöföldun Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi í Reykjavík að Hólmsá á mörkum Mosfellsbæjar og Kópavogs. Áfangi 1 (Bæjarháls – Norðlingavað). Áfangi 1 er fjármagnaður af Samgöngusáttmálanum.

Áfangi 2: Tvöföldun Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi í Reykjavík að Hólmsá á mörkum Mosfellsbæjar og Kópavogs. Áfangi 2 (Norðlingavað - Hólmsá). Framkvæmdaform: ekki ljóst á þessu stigi. **Kostnaðaráætlun:** ekki ljós á þessu stigi.

| Fjármögnun                  | m.kr. |
|-----------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2022         | 500   |
| Samgöngusáttmálinn          | 78    |
| Bakfært v. fjármálaáætlunar | -430  |
| Samtals                     | 148   |

**Verkframvinda 2022:** Áfangi 2: Unnið við matsskýrslu umhverfisáhrifa. For- og verkhönnun var boðin út og samið við verkfræðistofuna Mannvit í september. Unnið við for- og verkhönnun. **Verktaki:** Efla og Mannvit

| Kostnaður  | m.kr. |
|------------|-------|
| Fyrir 2022 | 90    |
| 2022       | 47    |
| Samtals    | 137   |

**1 Hringvegur**  
**E3 Bæjarháls - Króksháls**  
**Umfang verks:** Verkið felst í að fullgera eystri akbraut Suðurlandsvegur, milli Vesturlandsvegur og Bæjarháls. Eystri akbrautin verður tengd við núverandi vegakerfi í báðum endum. Sett verður upp ný veglýsing og vegrið til að aðskilja akstursstefnur. Núverandi undirgöng undir Suðurlandsveg við Krókháls verða lengd og breikkuð þ.a. hægt verður að skilja betur milli bílaumferðar og gangandi / hjólandi. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi og greiða fyrir umferð. Sérstaklega er bent á aukið öryggi óvarinna vegfarenda í undirgöngunum við Krókháls. Framkvæmdinni fylgja endurbætur á umhverfi vegarins sem hefur ekki verið lokið í fyrri framkvæmdum. **Framkvæmdaform:** Útboð . **Kostnaðaráætlun:** 652 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2019 | 400   |
| Leiðrétting 2019    | -400  |
| Samgönguáætlun 2020 |       |
| Samgöngusáttmáli    | 650   |
| Samgönguáætlun 2021 |       |
| Samgöngusáttmáli    | 440   |
| Samgönguáætlun 2022 |       |
| Samgöngusáttmáli    | 2     |
| Samtals             | 1.092 |

**Verkframvinda 2020:** Ný akbraut Suðurlandsvegur var fullgerð auk þess sem sett voru upp vegrið og götulýsing endurnýjuð. Lokið var við uppsteypu nýrra undirganga undir Krókháls og þau opnuð fyrir umferð akandi og gangandi vegfarenda.

**Verkframvinda 2021:** Unnið var við uppsetningu vegriða og frágang undirganganna við Krókháls. Frágangi raflagna var ekki að fullu lokið.

**Verkframvinda 2022:** Lokið var við frágang raflagna. Verkinu er að fullu lokið.

**Verktaki:** Óskatak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 13    |
| 2020      | 491   |
| 2021      | 88    |
| Samtals   | 592   |

1 Hringvegur

F3 Vesturlandsvegur, Skarhólabraut – Langitangi

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu og breikkun Hringvegur (1) í Mosfellsbæ milli Skarhólabrautar og Langatanga. Á kaflanum voru þrjár akreinar en vegurinn verður breikkaður þ.a. hægt verði að koma fyrir fjórum akreinum og aðskilja akstursstefnur með vegriði í miðju vegarins. Byggðir verða hljóðvarnarveggir, veglýsing endurnýjuð og umframefni komið fyrir í hljóðmönum við veginn. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 661 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar, eftir útboð).

| Fjármögnun            | m.kr. |
|-----------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2018   | 8     |
| Samgönguáætlun 2019   | 510   |
| Samgöngusáttmáli 2020 | 350   |
| Samgöngusáttmáli 2022 | 20    |
| Samtals               | 888   |

**Verkframvinda 2019:** Unnið að hönnun og undirbúningi.

**Verkframvinda 2020:** Verksamningur var undirritaður 25. maí 2020 og hófst vinna fljótlega eftir það. Vegurinn var breikkaður til austurs og allar fjórar akreinar nýja vegarins voru malbikaðar. Gengið var frá vegriði milli akbrauta og lýsing endurnýjuð. Byggðir voru hljóðveggir og hljóðmanir. Endurbyggður vegur var tekinn í notkun í nóvember. Unnið verður við lokafrágang á árinu 2021.

**Verkframvinda 2021:** Verktaki vann við lokafrágang og gróðursetningu plantna. Auk þess var gengið frá hljóðveggjum og fleira í samræmi við kröfur verkkaupa. Leyst var úr erfiðum raflagnamálum við Langatanga.

**Verkframvinda 2022:** Unnið var við lokafrágang og tyrfingu hljóðmana auk minniháttar breytinga við biðstöðvar strætó. Verkinu er að fullu lokið.

**Verktaki:** Loftorka Reykjavík ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 8     |
| 2019      | 50    |
| 2020      | 548   |
| 2021      | 41    |
| Samtals   | 647   |

1 Reykjanesbraut

04 Reykjanesbraut (41-04) Sæbraut í stökk. Vesturlandsvegur - Holtavegur

**Umfang verks:** Stokkur á Sæbraut frá mislægum gatnamótum við Miklubraut og norður fyrir Kleppsmýrarveg. Verkefnið er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamáta. Stofnað var félagið Betri samgöngur



Endurbygging og breikkun Hringvegur (1) í Mosfellsbæ milli Langatanga og Reykjavegar.

ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra. **Framkvæmdaform:** Útboð og samningar. **Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessu stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun                          | m.kr. |
|-------------------------------------|-------|
| Fjármagnað af samgöngusáttmála 2022 | 120   |
| Samtals                             | 120   |

**Verkframvinda 2021:** Gerð frumdraga **Verkframvinda 2022:** Vinna við forhönnun **Verktaki:** Verkís

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 39    |
| 2022      | 131   |
| Samtals   | 170   |

41 Reykjanesbraut

12 Gatnamót við Bústaðaveg

**Umfang verks:** Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðarvegur og leið Borgarlínu eftir Reykjanesbraut frá Stekkjarbakka yfir í Vogabyggð.

Verkefnið er hluti af samgöngu-sáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamáta. Stofnað var félagið Betri samgöngur ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra. **Framkvæmdaform:** Samningar. **Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessi stigi framkvæmdar.

| Fjármögnun                           | m.kr. |
|--------------------------------------|-------|
| Fjármagnað af samgöngu-sáttmála 2022 | 50    |
| Samtals                              | 50    |

**Verkframtíðin 2021:** Vinna við gerð frumdraga  
**Verkframtíðin 2022:** Vinna við gerð frumdraga  
**Verktaki:** Efla

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 13    |
| 2022      | 17    |
| Samtals   | 30    |

**41 Reykjanesbraut**  
**13 Álftanesvegur - Lækjargata**  
**Umfang verks:** Verkefnið er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamáta. Stofnað var félagið Betri samgöngur ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.  
**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.  
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin á þessu stigi framkvæmdar

| Fjármögnun                           | m.kr. |
|--------------------------------------|-------|
| Fjármagnað af samgöngu-sáttmála 2022 | 30    |
| Samtals                              | 30    |

**Verkframtíðin 2022:** Unnið að gerð frumdraga fyrir jarðgöng og mislæg gatnamót.  
**Verktaki:** Verkís og Mannvit

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2022      | 7     |
| Samtals   | 7     |

**41 Reykjanesbraut**  
**14 Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur**  
**Umfang verks:** Verkið felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar. Auk þess tilheyrir verkinu gerð nýrrar vegbrúar yfir Strandgötu og undirganga á þessum stað, gerð tveggja göngubrúa yfir Reykjanesbraut við Ásland og Þorlákstún ásamt gerð umfangsmikilla hljóðvarna við Reykjanesbraut. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitufyrirtæki.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 2.693 m.kr.

| Fjármögnun            | m.kr. |
|-----------------------|-------|
| Viðbótarfé 2018       | 50    |
| Afturkallað 2018      | -50   |
| Samgönguáætlun 2019   | 1.000 |
| Samgönguáætlun 2020   | 1.600 |
| Samgöngusáttmáli 2020 | 150   |
| Hafnarfjarðarbær      | 75    |
| Samtals               | 2.825 |

**Verkframtíðin 2018:** Unnið var við hönnun vegarins.  
**Verkframtíðin 2019:** Í febrúar var verkið boðið út og var það auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Unnið var við vegagerð suðurakbrautar vestan við Strandgötu. Byrjað var á að breikka Strandgötubrú og smíði tveggja göngubrúa hófst í Póllandi. Áætluð verklok voru í nóvember 2020.  
**Verkframtíðin 2020:** Í byrjun árs var unnið að lækkun norðurakbrautar við Hvaleyrarholt og á sama tíma unnið við gerð nýrrar suðurakbrautar austan Strandgötu. Smíði göngubrúa lauk í Póllandi og þær fluttar til landsins í lok febrúar. Þær voru fluttar á Reykjanesbraut að brúarstæðum sínum og var göngubrúin við Þorlákstún jafnframt hífð á sinn stað. Klárað var að malbika norðurakbraut vestan við rampa að og frá Strandgötu um miðjan júní. Í lok vetrar hafði verktaki klárað breikkun Strandgötubrúar og suðurhelming undirganga við brúna. Malbikun nýrrar suðurakbrautar austan Strandgötu lauk snemma



Unnið að lagningu malbiksdúks á Reykjanesbraut sem á að dreifa álagi á veginn og lengja líftíma hans.

sumars. Umferð var færð alfarið yfir á nýja suðurakbraut og vinna hófst við að lækka norðurakbraut austan Strandgötu, fór hásumarið í þá vinnu og að klára norðurhluta undirganga við Strandgötubrú. Vinnu við að lækka og malbika norðurakreinar lauk í lok ágúst og göngubrú við Ásland var hífð á stöpla sína. Í framhaldi af því var unnið í að breikka akreinar og breyta miðdeili á austasta hluta svæðisins og lauk malbikun þar seinni hluta október. Yfir allt verkið vann verktaki við að byggja upp hljóðmanir, setja upp hljóðveggi og vinna við landmótun Þorlákstúnsins með umframefni í verkinu. Ljósastaurar, skiltaundirstöður og vegrið voru sett upp jafnóðum í verkinu. Nýjar akbrautir voru teknar í notkun þann 24. nóvember.  
**Verkframtíðin 2021:** Framtíðin 2021 var mest yfirborðsfrágangur á því sem var frestað frá áramótum 2020 fram á sumar 2021. Verki lokið í september.

**Verkframtíðin 2022:** Greiddur lokareikningur sem er að nokkrum hluta fyrir vinnu sem var unnin fyrir árið 2021 og verið að stemma magntölur af við mælingar. Ekki hefur verið rukkaður neinn kostnaður á þessu ári en útistandandi er að verktaki rukki fyrir aukaverk að lagfæra fláa sem var runnið úr og þökulögn á þeim. Hafnarfjarðarbær greiddi fyrir þann kostnað sem kom til í viðbótaverki vegna hljóðveggja.  
**Verktaki:** Ístak hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 28    |
| 2019      | 706   |
| 2020      | 2.270 |
| 2021      | 18    |
| 2022      | 75    |
| Samtals   | 3.097 |

49 Nesbraut (Miklabraut)

4 Miklabraut í stokk

**Umfang verks:** Frumdrög fyrir jarðgöng og stokk á Miklubraut  
**Framkvæmdaform:** Útboð  
**Kostnaðaráætlun:** 100

| Fjármögnun                                | m.kr. |
|-------------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2022<br>Samgöngusáttmálinn | 105   |
| Samtals                                   | 105   |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að gerð frumdraga fyrir jarðgöng og stokk á Miklubraut. Vinna við frumdrög hófst haustið 2021 og áætlað að henni ljúki í mars 2024.

**Verktaki:** Efla

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2022      | 85    |
| Samtals   | 85    |

411 Arnarnesvegur

07 Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut

**Umfang verks:** Nýbygging 3. áfanga Arnarnesvegar á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar ásamt tengingum. Verkefnið er fjármagnað af Samgöngusáttmála.  
**Framkvæmdaform:** Fyrirhuguð útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 6.000 m.kr.

| Fjármögnun                                | m.kr. |
|-------------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021<br>Samgöngusáttmálinn | 61    |
| Samgönguáætlun 2022<br>Samgöngusáttmálinn | 100   |
| Samtals                                   | 161   |

**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og hönnun á verki.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við skipulagsmál, verkhönnun, kostnaðargreiningar og gerð útboðsgagna fyrir eftirlit með verkinu.  
**Verktaki:** Hönnun: Verkís hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 61    |
| 2022      | 69    |
| Samtals   | 130   |

418 Bústaðavegur,

01 Hafnafjarðarvegur – Nesbraut

**Umfang verks áfangi 1:** Lenging á frárein og breikkun rampa við Bústaðaveg ásamt tilheyrandi jarðvinnu, gerð hljóðmanar og uppfærslu og breytinga á umferðarljósum.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 88 m.kr.  
**Umfang verks áfangi 2:** Lenging á hægribeygjufrárein austur Bústaðaveg, breikkun göngu- og hjólaleiðar á Bústaðavegsbrú, ný umferðarljós og bætt umferðarstýring, nýtt brúarvegrið.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 88 m.kr.

| Fjármögnun                                | m.kr. |
|-------------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2018                       | 8     |
| Samgönguáætlun 2019                       |       |
| Bætt umferðarflæði                        | 77    |
| Samgönguáætlun 2021<br>Bætt umferðarflæði | 180   |
| Samtals                                   | 265   |

**Verkframvinda 2019:** Framkvæmdin var boðin út í lok júlí 2019 og átti framkvæmdum að ljúka í nóvember. Útgáfa framkvæmdaleyfis var kærð og verkið því stöðvað þegar það var langt komið í byrjun nóvember. Búið var að klára alla malbikun, uppsetningu ljósastaura og frágang að mestu leyti en eftir að klára yfirborðsfrágang við hellulagðar eyjar, hljóðmön og yfirborðsmerkingar ásamt uppfærslu á umferðarljósum. Reiknað var með að því yrði lokið á fyrri hluta árs 2020.  
**Verkframvinda 2020:** Lokið var við frágang og uppgjör við verktaka.  
**Verkframvinda 2021:** Framkvæmd áfanga 2 var boðin út vorið 2021 og lauk í lok árs 2021.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið að undirbúningi vegriða.  
**Verkframvinda 2023:** Unnið að uppsetningu vegriða og færslu á ljósastaur.  
**Verktakar:** Stéttafélagið ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 8     |
| 2019      | 77    |
| 2020      | 32    |
| 2021      | 180   |
| 2022      | 4     |
| Samtals   | 301   |

→ Borgarlína

**Umfang verks:** Verkefnið er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamata. Stofnað var félagið Betri samgöngur ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.  
**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.  
**Kostnaður 2019:** Verkefnastofa utan um verkefni Borgarlínu var sett upp í apríl 2019. Unnið var að undirbúningi verkefna.  
**Verkframvinda 2020:** Unnið að undirbúningi og frumdrögum að fyrstu lotu verkefnis. Sett af stað mat á umhverfisáhrifum og samræming á aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.  
**Verkframvinda 2021:** Áframhaldandi vinna við frumdrög og máu á 1. Lotu Borgarlínu.  
**Verkframvinda 2022:** Áframhaldandi vinna við frumdrög, forhönnun og MÁU á 1. lotu Borgarlínu. Verktakar eru Artilie, Moe, Hnit og Yrki.  
Unnið að forhönnun á brú yfir Fossvog fyrir Borgarlínu, hjólandi og gangandi vegfarendur. Verktaki eru Efla, BEAM arkitektar og KSLD.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2019      | 86    |
| 2020      | 197   |
| 2021      | 503   |
| 2022      | 1.451 |
| Samtals   | 2.237 |

| Skipting kostnaðar 2022 | m.kr. |
|-------------------------|-------|
| Stjórnun                | 26    |
| Lota 1 yfirverk         | 1.386 |
| Lota 3 Mjódd - BSÍ      | 9     |
| Lota 4                  | 13    |
| Lota 6                  | 10    |
| Lota 7                  | 6     |
| Samtals                 | 1.451 |

**Skýringar við kostnað:** Á árunum 2019-2020 fjármagnaði Vegagerðin einungis helming þeirra verkefna sem framkvæmd voru undir þessum lið. SSH komu með hinn helming fjármagns í verkefnin. SSH sá um fjármál þessa verkefnis út árið 2020 en frá árinu 2021 hefur umsjón verkefnisins verið hjá Vegagerðinni en fjármagnað af Betri samgöngum (Samgöngusáttmálanum).

→ Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir

**Umfang verks:** Undir þennan lið falla þjru verkefni sem fjármögnuð eru af einum lið. Um er að ræða miðlæga stýringu umferðarljósa milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, endurbætur á gatnamótum til að greiða fyrir umferð og aðgerðir til að auka umferðaröryggi á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um framkvæmdir hvers liðs er að finna hér á eftir.

| Fjármögnun                              | m.kr. |
|-----------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Samgöngusáttmáli | 390   |
| Samgönguáætlun 2021<br>Samgöngusáttmáli | 390   |
| Samgönguáætlun 2022<br>Samgöngusáttmáli | 390   |
| Samtals                                 | 1.170 |

| Kostnaður 2022     | m.kr. |
|--------------------|-------|
| Umferðarstýring    | 69    |
| Bætt umferðarflæði | 98    |
| Öryggisaðgerðir    | 53    |
| Samtals            | 220   |

→ Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu

**Umfang verks:** Miðlæg stýring umferðarljósa hefur verið rekin í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar síðan 2007 og er stöðugt unnið að því að tengja fleiri umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu saman.

**Verkframvinda 2019:** Unnið var að uppsetningu búnaðar fyrir þrenn vegamót á Sæbraut þ.e.a.s. við Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastíg. Unnið að uppsetningu STREAM (stýringa fyrir forgangsakstur) við vegamót á Nesbraut (Miklubraut). Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens.

**Verkframvinda 2020:** Unnið var að uppsetningu búnaðar á gatnamótum á Arnarnesvegi. Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens. Farið var í greiningu á búnaði og umgjörð umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu og var greiningingin unnin af Sweco. Í framhaldinu var stofnaðu faghópur um umferðarljósamál. Í hópnum sitja fulltrúar frá Vegagerðinni og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af hlutverkum faghópsins er að halda utan um stefnumótun og endurnýjunaráætlun fyrir umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu.

**Verkframvinda 2021:** Miðlæg stýring umferðarljósa í samstarfi við

↑ Nýr göngu- og hjólastígur með tvístefnu var opnaður í Mosfellsbæ í ágúst. Börn í Krikaskóla tóku þátt í opnunarahöfn.



Reykjavíkurborg. Vinna við stefnumótun og markmiðssetningu hjá faghópi umferðarljósamála. Greining á umferðarflæði á helstu gatnamótum og tillaga að áætlun um endurbætur á umferðarljósastillingum (á núverandi búnaði). Kaup og uppfærsla á ljósabúnaði á Geirsgötu, Suðurströnd, Bústaðarvegsbrú og Hafnarfjarðarvegi-Vífilstaðavegi.

**Verkframvinda 2022:** Unnið var að endurnýjun umferðarljósabúnaðar við þrenn gatnamót á Hringbraut, við Framnesveg, Bræðraborgarstíg og Hofsvallagötu.

| Kostnaður  | m.kr. |
|------------|-------|
| Fyrir 2019 | 111   |
| 2019       | 58    |
| 2020       | 41    |
| 2021       | 81    |
| 2022       | 69    |
| Samtals    | 334   |

→ Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur

**Umfang verks:** Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

**Verkframvinda 2020:** Fjárveiting var óljós með tilkomu samgöngusáttmála. Betri samgöngur, félag sem heldur utan um samgöngusáttmála var ekki stofnað fyrr en í október 2020 og því náðist ekki að hefja framkvæmdir að fullu við þessi verkefni. Þó náðist að setja upp biðstöð fyrir strætó á Bústaðavegi við svæði Vals ásamt breikkun á Reykjavegi inn á hringtorg við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ.

**Verkframvinda 2021:** Breytingar á Bústaðavegsbrú (Hafnarfjarðarvegur – Nesbraut). Undirbúningur nýrra verka t.d. Hringbraut – Hofsvallagötu, breytinga á gatnamótum Álftanesvegur – nýja Álftanesvegur.

**Verkframvinda 2022:** Í undirbúningi voru strætóvasar við Fossvog, breytingar á gatnamótum Hringbraut/ Hofsvallagata, breyting á gatnamótum

Álftanesvegur/Garðahraunsvegur en engar framkvæmdir fóru í framkvæmd fyrr en 2023.

| Kostnaður 2021                | m.kr. |
|-------------------------------|-------|
| Samgöngusáttmáli              | 27    |
| Bústaðav. Hafnafj.v.-Nesbraut | 180   |
| 2022                          | 101   |
| Samtals                       | 308   |

→ Öryggisaðgerðir

**Umfang verks:** Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á höfuðborgarsvæðinu.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

**Verkframvinda 2019:** Lokið var við að skipta út hættulegum teinagirðingum á milli akbrauta á höfuðborgarsvæðinu og settar upp hættuminni netgirðingar. Skipt var út um 2 km af teinagirðingum. Veglýsing á Hringbraut frá Eiðsgranda að Suðurgötu var endurnýjuð með áherslu á betri lýsingu á göngusvæðum, auk þess sem sett voru upp hraðavaramerki. Keypt var efni, staurar og lampar í 70 ljósastaura á Reykjanesbraut sem stendur til að endurnýja í byrjun árs 2020 frá Hvassahrauni að Straumsvík og verða þá settir upp öryggisvottaðir staurar og LED lampar. Sett voru upp vegrið milli akbrautar og gönguleiðar við Fjarðarbraut og Reykjanesbraut við Kaplakrika í tengslum við aðrar framkvæmdir. Sett var upp vegrið meðfram Þingvallavatni á Grafningsveg efri norðan Svínaness.

**Verkframvinda 2020:** Lítið var framkvæmt vegna mótunar á verklagi í kringum samgöngusáttmála. Þó var farið í nokkur verkefni. Sett var upp girðingar sunnan Gullinbrúar, einnig var viðhald á girðingum á Miklubraut milli Grensársvegur og Skeiðarvogs svo og á Reykjavíkurvegi í Hafnafirði. Skipt var út ljósastaurum á Reykjanesbraut og á Hringbraut var skipt um ljósalampa í ljósastaurum.

**Verkframvinda 2021:** Margar smærri aðgerðir til að bæta umferðaröryggi eins og uppsetning og lagfæringar á vegriðum á stofnvegum Höfuðborgarsvæðisins. Einnig

var gönguþverun á Arnarnesvegi við Smárahvammsveg lagfærð ásamt gönguþverun á Fjarðabraut í Hafnarfirði. Við gatnamót Álfтанesvegar- nýja Álfтанesvegar, voru settar upp smærri öryggisaðgerðir til að bæta öryggi við vinstribeygju á gatnamótunum.

**Verkframvinda 2022:** Þó nokkrar smærri aðgerðir voru unnar til að bæta umferðaröryggi, t.d. var lýsing bætt við gönguþverun á Arnarnesvegi (411-04) við hringtorg hjá Nónhæð, lýsing og gönguþveranir bættar við Hallsveg 432-01), girðing sett upp á milli akreina við Reykjanesbraut (41-11), uppsetning skilta og fl. Nokkur verkefni voru í undirbúningi, t.d. bættar gönguleiðir við Eiðsgranda og Ánanaust, breytingar á stærri gatnamótum, t.d. við Kringlumýrarbraut og Miklubraut, við Kleppsmýrarveg og Sæbraut, en framkvæmdir hófust ekki fyrr en 2023.

**Verktakar:** HK. Haralds ehf., Reykjavík, Árni Garðar Svavarsson Reykjavík, Fljótur verktaki sf., Fljótavík ehf., GG. Sigurðsson ehf., Íslenskir aðalverktakar ehf., K.Þ Ásmundsson ehf., Sigurður Guðjónsson V.S. ehf., Orka Náttúrunnar ohf., Rekverk ehf., Suðurtak ehf. og fleiri.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2019      | 100   |
| 2020      | 22    |
| 2021      | 74    |
| 2022      | 54    |
| Samtals   | 250   |

→ **Hjóla- og göngustígar**

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.

**Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

| Fjármögnun SGS-HG000 | m.kr. |
|----------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2022  |       |
| Samgöngusáttmálinn   | 750   |
| Samtals              | 750   |

**Verkframvinda 2022:**

**Reykjavík:** Framkvæmdir við Sprengisand, gerð nýrra undirgangna fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Bústaðaveg ásamt gerð nýrra stíga kláraðist. Framkvæmdum vegna nýrra undirgangna fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Litluhlíð lauk. Framkvæmdir við nýjan tvístefnu hjólastíg í Elliðaárdal, sem nær frá Stekkjabakka að gömlu vatnsveitubrúnni kláruðust og næsti áfangi, sem nær frá gömlu vatnsveitubrú að svæði sem kallast Grænugróf hófst. Stefnt er á að framkvæmdir þess kafla klárast sumarið 2023.

**Mosfellsbær:** Framkvæmdir vegna nýrra göngu- og hjólastíga í Ævintýragarði í Mosfellsbæ lauk vorið 2022.

**Garðabær:** Framkvæmdir vegna nýrra undirgangna við Arnarneshæð hófust og stefnt er á verklok sumarið 2023.

**Hafnarfjörður:** Nýir stígar við Strandgötu í Hafnarfirði hófust, þar er verið að gera aðskilið stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur meðfram Strandgötu sem nær frá undirgöngum við Reykjanesbraut (hjá Suðurhvammi) að hringtorgi Strandgötu við Hvaleyrarbraut.

**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

| Kostnaður 2022 (SGS)    | m.kr. |
|-------------------------|-------|
| Sameiginlegur kostnaður | 3     |
| Reykjavík               | 202   |
| Kópavogur               | 29    |
| Garðabær                | 270   |
| Hafnarfjörður           | 158   |
| Mosfellsbær             | 36    |
| Seltjarnarnes           | 1     |
| Samtals                 | 699   |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Samgöngusáttmálinn**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda sem falla undir samgöngusáttmálann.

| Fjármögnun           | m.kr. |
|----------------------|-------|
| Kostnaður fyrir 2022 | 0     |
| Kostnaður 2022       | 0     |
| Samtals              | 0     |

| Verkefni                                            | Ár: | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|-----------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
|                                                     |     | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 |     |       |
| Hringvegur 1-E2,<br>Norðlingavað - Bæjarháls        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 39  | 30  | 20  | 48  | 137 |       |
| Reykjanesbraut 41, stokkur á Sæbraut                |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 3   | 45  | 39  | 131 | 225 |       |
| Reykjanesbraut 41,<br>gatnamót við Bústaðaveg       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 13  | 17  | 30  |       |
| Reykjanesbraut 41,<br>Álftanesvegur - Lækjargata    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 42  | 9   | 3   | 6   | 59  |       |
| Arnarnesvegur 411,<br>Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4   | 23  | 61  | 70  | 158 |       |
| Nesbraut 49, stokkur á Miklubraut                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 86  | 88  |       |
| Samtals                                             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 89  | 106 | 139 | 357 | 698 |       |

Gert við slitlag á Reykjanesbrautinni, milli hringtorgs við Lækjargötu og langleiðina að ljósum við Kaplakrika.



Vestursvæði

1 Hringvegur

**G6 Borgarnes, Borgarbraut – Hrafnaklettur, Öryggisaðgerðir**  
**Umfang verks:** Undirbúningur hafinn fyrir útboð. Setja á upp umferðarljós, skurðir lokaðir við hringveg ásamt lagfæringum á gatnamótum Hringvegar og Húsasmiðju í Borgarnesi.  
**Framkvæmdaform:** Útboð eða verðkönnun  
**Kostnaðaráætlun:** 125 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar | 15    |
| Samgönguáætlun 2020 | 150   |
| Samtals             | 165   |

**Verkframvinda 2020:** Samið við ráðgjafa um hönnun og undirbúning. Stefnt að útboði vorið 2021.  
**Verkframvinda 2021:** Verkið hófst í nóv. 21 með endurgerð hraðahindrana og fargi keyrt á breikkun Hringvegar um gatnamótin við Hrafnaklett.  
**Verkframvinda 2022:** Í byrjun vors 2022 var unnið að uppsetningu gangbrautarljósa við gatnamótin að Garðavík og einnig var unnið að gerð regnvatnslagnar ofan við Hringveginn við gatnamótin við Hrafnaklett. Leggja varð nýtt ræsi í gegnum Hringveginn til að afvatna svæðið ofan vegar. Um sumarið var farg á breikkun vegarins tekið af og gert klárt fyrir malbikun. Eftir að gerð regnvatnslagnar lauk var neðra lag malbiks lagt á breikkunina í lok nóvember.  
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 1     |
| 2021      | 48    |
| 2022      | 87    |
| Samtals   | 136   |

54 Snæfellsnesvegur

**10 um Fróðárheiði**  
**Umfang verks:** Endurbygging á 5 km kafla Snæfellsnesvegur yfir Fróðárheiði frá Valavatni að gatnamótum Snæfells-

nesvegur og Útnesvegur. Verkið felur í sér breytingu á legu vegar ásamt endurbyggingu vegarins á köflum, undirbyggingu, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags ásamt gerð tenginga og frágangi raskaðs svæðis.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 400 m.kr.

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Flutt af öðrum verkum 2017     | 2     |
| Fjárlög 2018                   | 250   |
| Samgönguáætlun 2019            | 250   |
| Samgönguáætlun 2020            | 70    |
| Samgönguáætlun 2022 Tengivegir | 104   |
| Samtals                        | 676   |

**Verkframvinda 2017:** Unnið að kostnaðargreiningu og mati á mismunandi valkostum.  
**Verkframvinda 2018:** Verkið var boðið út í nóvember og var samið við Borgarverk ehf.  
**Verkframvinda 2019:** Vinna hófst við verkið í janúar. Unnið var allt árið 2019 í þeim hluta vegarins þar sem lega vegarins breyttist og einnig var endurbyggður hluti eldri vegar næst gatnamótum við Útnesveg. Á hluta framkvæmdasvæðisins þurfti að gera hjáleið vegna skeringar sem megin þorri efnis í efnisvinnslu kom úr en allt efní í verkið var framleitt á árinu þ.e.a.s. styrktarlag, burðarlag og klæðingarefni. Þær breytingar urðu á verkinu að vinnsla klæðingarefnis fluttist í námu utan framkvæmdasvæðisins en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að allt klæðingarefni kæmi úr skeringu innan framkvæmdasvæðis og er þessi breyting til komin vegna plássleysis. Í árslok var búið að ljúka bergskeringum að mestu og u.þ.b. 90% af áætluðum fyllingum voru búnar. Á árinu voru einnig lögð öll ræsi sem komu utan eldra vegsvæðis og einnig í þann kafla sem var enduruppbyggður næst gatnamótum við Útnesveg. Hlé var gert á framkvæmdum í lok árs 2019 og stefnt að því að fframkvæmdir hæfust aftur að vori 2020.  
**Verkframvinda 2020:** Vinna hófst aftur í maí 2020 við seinni hluta verkefnisins.

Lokið var við fyllingar og frágang skeringa um miðjan ágúst og fyrra lag klæðingar komið á í lok ágúst. Stefnt var að því að klára seinna lag klæðingar og frágang fláa sumarið 2021 en óhagstætt tíðarfar haustið 2020 varð til þess að frágangi var frestað.  
**Verkframvinda 2021:** Sumarið 2021 var seinna lag klæðingar lagt á veginn ásamt því að gengið var frá vegfláum og skeringum. Einnig var lokið við uppgjör við verktakan samkvæmt mælingum.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við smávægilegar lagfæringar á vegfláum og slæmum snjóastöðum. Jafnframt var unnið að lagfæringum á reiðleið yfir Fróðárheiði sem raskað var með framkvæmdum á árunum 2019-2021. Vinnan var framkvæmd af þjónustustöð í Ólafsvík ásamt verktökum af svæðinu  
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2017      | 2     |
| 2018      | 19    |
| 2019      | 391   |
| 2020      | 159   |
| 2021      | 93    |
| 2022      | 4     |
| Samtals   | 668   |

54 Snæfellsnesvegur

**22 Ketilstaðir - Dunkárbakki**  
**Umfang verks:** Endurbygging 5,4 km kafla milli Ketilstaða og Gunnarsstaða í Hörðudal. Samhliða veglagningu verða byggðar tvær brýr, 52 m löng steipt plötubrú yfir Dunká og 43 m löng stálbita brú með steiptu dekki yfir Skraumu. Vegurinn verður endurbyggður í núverandi vegstæði nema við brýrnar. Nýtt brúarstæði á Dunká er ofan við núverandi brú en Skruma er brúuð neðan við núverandi brú.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 861 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021 | 630   |
| Samgönguáætlun 2022 | 470   |
| Samtals             | 1.100 |

**Verkframvinda 2021:** Lokið var við hönnun og undirbúning framkvæmdarinnar. Unnið var við kaup á landi undir veg ásamt því að semja við landeigendur á svæðinu um efní. Upphaflega var verkefnið boðið út í júlí og barst eitt tilboð í verkefnið sem reyndist vera um 170% af kostnaðaráætlun. Verkefnið var boðið út aftur og barst þá eitt tilboð í verkið frá fyrirtækinu Borgarverk ehf. og var skrifað undir verksamning í desember.  
**Verkframvinda 2022:** Vinna við verkefnið hófst í mars. Fram á vor var unnið að undirstöðum brúa á Skraumu og Dunká. Vinna við vegagerðarhluta verkefnisins hófst í framhaldinu og var unnið að því jöfnum höndum allt árið. Um haustið var búið að leggja um 90% af öllum fyllingum í veginum og búið að steypa upp undirstöður beggja brúa. Tafir í efnisútvegum og fleiri þættir orsökuðu það að ekki náðist að steypa brúardekk fyrir veturinn. Steypa á brúardekki tafðist því í báðum tilfellum fram yfir áramót. Öll ræsi voru lögð á árinu. Á verktímanum kom í ljós að fyllingarefni sem taka átti í lausum skeringum innan vegsvæðis reyndist víða ónothæft og þurfti því að taka umtalsvert af efní úr styrktarlagnámu í fyllingar. Styrktarlag átti að koma úr 2 námum í fjöruborði neðan vegar en þær reyndust tómar þegar búið var að klára fyllingar í veginn. Var því brugðið á það ráð að framleiða styrktarlag í veginn í námu um 1 km austan við framkvæmdasvæðið. Var sú vinna í gangi á áramótum.  
**Verktaki:** Borgarverk ehf

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 4     |
| 2021      | 39    |
| 2022      | 975   |
| Samtals   | 1.018 |



↑ Loftmynd af Hallsteinsnesi. Djúpiðfjörður til vinstri og Þorskafjörður til hægri. Mynd: Haukur Sigurðsson

**59 Laxárdalsvegur**  
**02 Lambeyri - Sýslumörk**  
*Umfang verks:* Endurbætur á núverandi Laxárdalsvegi á um 10,5 km kafla. Um er að ræða endurlögn ræsa, undirbyggingu, útlögn styrktar – og burðarlaga ásamt lögn bundins slitlags og frágangi fláa.  
*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 700 m.kr.

| Fjármögnun                                       | m.kr.     |
|--------------------------------------------------|-----------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir bundið slitlag | 12        |
| Samtönguáætlun 2021<br>Tengivegir bundið slitlag | 30        |
| <b>Samtals</b>                                   | <b>42</b> |

**Verkframvinda 2020:** Samið var við ráðgjafa um hönnun verksins. Byrjað að vinna í samningum við landeigendur. Hönnun vegar langt komin á árinu 2020. Stefnt að bjóða út verkið í lok árs 2021.

**Verkframvinda 2021:** Búið er að hanna verkið, eftir er að gera útboðslýsingu. Hannað var hálfbogaræsi í Hólkotsá ásamt því að hanna breikkun og styrkingu á núverandi vegi. Búið að senda inn fyrirspurn á matskyldu fyrir nýjar námur á svæðinu. Hægt gengur að semja við landeigendur og mun útboð bíða þangað til samningar nást.  
**Verkframvinda 2022:** Vinna á árinu var að reyna að ná samningum við landeigendur, hönnun og annar undirbúningur er tilbúin.  
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður      | m.kr.     |
|----------------|-----------|
| 2020           | 24        |
| 2021           | 8         |
| 2022           | 7         |
| <b>Samtals</b> | <b>39</b> |

**60 Vestfjarðavegur**  
**25-28 Bjarkalundur – Eyri (Um Gufudalssveit)**  
*Umfang verks:* Vegagerðin áætlað að byggja nýjan Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Framkvæmd þessi var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005.  
*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* Gufudalsá – Skálanes 520 m.kr., Kinnarstaðir – Þórisstaðir 3.326 m.kr. Djúpadalsvegur (6087) 518 m.kr.

| Fjármögnun              | m.kr.        |
|-------------------------|--------------|
| Samgönguáætlun 2009     | 5            |
| Samgönguáætlun 2010     | 6            |
| Fjárlög 2011            | 5            |
| Samgönguáætlun 2012     | 18           |
| Samgönguáætlun 2013     | 7            |
| Samgönguáætlun 2014     | 9            |
| Samgönguáætlun 2015     | 50           |
| Samgönguáætlun 2016     | 300          |
| Fjárlög 2017            | 200          |
| Flutt á önnur verk 2018 | -244         |
| Samgönguáætlun 2019     | 100          |
| Samtönguáætlun 2020     | 1.500        |
| Samgönguáætlun 2021     | 2.700        |
| Samgönguáætlun 2022     | 700          |
| <b>Samtals</b>          | <b>5.356</b> |

**Verkframvinda:** Unnið hefur verið að undirbúningi og hönnun verksins. Framkvæmdin var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005. Á árinu 2015 var óskað eftir endurupptöku á hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar, nánar tiltekið þess hluta sem varðar leið B um Teigsskóg. Fallist var á beiðni Vegagerðarinnar um endurupptöku. Á árinu 2016 var unnið að gerð frummatsskýrslu og matsskýrslu ásamt öðrum undirbúningi. Á árinu 2017 lagði Vegagerðin fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar. Í áliti Skipulagsstofnunar kom fram að áður en ákvarðanir verði teknar um þveranir fjarðanna þurfi frekari rannsóknir á straumum og botnseti. Einnig kom

fram að breyta þyrfti aðalskipulagi Reykhólahrepps. Á árinu var farið í rannsóknavinnu í samræmi við kröfur Skipulagsstofnunar og nauðsynlega vinnu og samráð við sveitarfélagið vegna breytingar á aðalskipulagi. Einnig var unnið að samningum við landeigendur. Áfram var unnið að tæknilegum undirbúningi verksins.  
**Verkframvinda 2018:** Sveitarstjórn samþykkti að velja svokallaða Þ-H leið um Teigsskóg í mars en mánuði síðar ákvað sveitarstjórn að láta vinna óháð mat á mögulegum valkostum um leiðarval. Matið var unnið af ráðgjafafyrirtækinu Multiconsult og lögðu þeir til að skoðuð yrði ný veglína um Reykjanes með þverun við utanverðan Þorskafjörð. Sveitarstjórn frestaði í kjölfarið að auglýsa nauðsynlega skipulagsbreytingu meðan þessi valkostur yrði skoðaður nánar. Vegagerðin lagði síðan fram frumathugun á þeim kosti en taldi hann ekki jafn góðan fyrri tillögu um Þ-H leiðina. Eftir umbeðnar leiðbeiningar frá sveitarfélaginu lagði Skipulagsstofnun til að gerð yrði óháð valkostagreining fyrir mismunandi leiðir. Í desember skilaði ráðgjafafyrirtækið Viaplan valkostaskýrslu til sveitarstjórnar.  
**Verkframvinda 2019:** Í janúar lagði Vegagerðin fram umferðaröryggismat fyrir þær leiðir sem komu fram í valkostaskýrslu Viaplan. Sveitarstjórn samþykkti að ganga frá aðalskipulagsbreytingu miðað við Þ-H leiðina. Kostnaður ársins er tengdur vinnu við aðalskipulagsbreytingu sem var formlega staðfest af Skipulagsstofnun í nóvember. Jafnframt var unnið að undirbúningi fyrir framkvæmdaleyfisumsókn fyrir Þ-H leiðina og var formleg umsókn lögð fram í desember. Áfram var unnið að samningum við landeigendur.  
**Verkframvinda 2020:** Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg um Gufudalssveit var gefið út af Reykhólahreppi í febrúar 2020. Framkvæmdaleyfið var kært í mars 2020 en Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kærunni í mars 2020. Fyrsti áfangi af verkinu Vestfjarðavegur (60) Gufudalsá – Skálanes var boðinn út í júlí 2020 en verklok áætluð 15. júlí 2021. Áfram var unnið að hönnun og samningum við landeigendur.

**Verkframtíðin 2021:** Verkinu Vestfjarðavegur (60) Gufudalsá – Skálanes lauk á árinu. Boðnir voru út tveir verkáfangar: Kinnarstaðir – Þórisstaðir (þverun Þorskafjarðar) og Djúpadalsvegur (6087). Áfram var unnið að hönnun og samningum við landeigendur.

**Verkframtíðin 2022:** Teigsskógur: Verktaki fór seint af stað, vann í skeringum og fyllingum. Tæplega 20.000m³ af fyllingum úr skeringum og bergskeringum. Farg komið að hluta á feringasvæði.

Þorskafjörður: Lokið var við að steypa brú í lok ársins. Fyllingarefni úr skeringum stóð í um 90%, Bergskeringar í um 95%.

Djúpadalsleið: Verkið var langt komið á þessum tímapunkti en efnisvinnsla var eftir og frágangur utan vegar. Verktaki fékk sinn tíma til að vinna í þessu þar sem þetta verk tafði ekki aðrar framkvæmdir á svæðinu.

**Verktaki:**  
Gufudalsá – Skálanes, verktaki: Borgarverk ehf., Borgarnesi  
Kinnarstaðir – Þórisstaðir, verktaki: Suðuverk  
Djúpadalsvegur (6087), verktaki: Norðurtak

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2009      | 5     |
| 2010      | 6     |
| 2011      | 5     |
| 2012      | 18    |
| 2013      | 7     |
| 2014      | 9     |
| 2015      | 26    |
| 2016      | 80    |
| 2017      | 78    |
| 2018      | 52    |
| 2019      | 43    |
| 2020      | 284   |
| 2021      | 1.631 |
| 2022      | 2.381 |
| Samtals   | 4.625 |

60 Vestfjarðavegur  
36 Um Dynjandisheiði

**Umfang verks:** Vegagerðin áætlað að endurbyggja og leggja nýjan Vestfjarðaveg yfir Dynjandisheiði sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði og langleiðina að Mjólkárvegi í Borgarfirði. Vegna skipulagsmála og leiðarvals verður fyrst horft á leiðina frá Flókalundi að Mjólkárvegi ásamt tengingu við Bíldudalsveg um 33 km leið.

**Framkvæmdaform:** Útboð  
**Kostnaðaráætlun:** 1.áfangi 2.365 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar | 150   |
| Samgönguáætlun 2020 | 550   |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.050 |
| Samgönguáætlun 2022 | 800   |
| Samtals             | 2.550 |

**Verkframtíðin 2020:** Matsskýrsla vegna Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg var lögð fram í mars 2020 og skilaði Skipulagsstofnun álit í júlí 2020. Fyrsti áfangi vegar um Dynjandisheiði sem er annars vegar um 5,7 km langan kafla við Þverdalsá (vegkafla 60-35) og hins vegar um 4,3 km langan kafla fyrir Meðalnes (vegkafla 60-38) var boðinn út í júlí. Framkvæmdir hófust síðan í byrjun október 2020, áætluð verklok eru 30.september 2021. Áfram var unnið að hönnun og undirbúningi fyrir næstu áfanga.

**Verkframtíðin 2021:** Upphaflegu útboðsverki var að mestu lokið en ekki náðist að ljúka seinna lagi slitlags og ýmsum frágangi sem færast á næsta ár. Þessu til viðbótar var bætt við um 2,4 km á kaflanum við Þverdalsvatn upp fyrir gatnamót við Bíldudalsveg.

**Verkframtíðin 2022:** Lokið var við áfanga 1 á árinu ásamt viðbótar köflum. Boðinn var út 2 áfangi á Dynjandisheiði og var samið við Suðuverk í ágúst og hófst undirbúningur og framkvæmdir í kjölfarið. Unnið var í beinu framhaldi af áfanga 1 frá Norðdalsá og niður í Vatnahvilt. 2. áfangi er beint framhald af 1. áfanga og er um 12,6 km langur. Verktaki hóf vinnu í október. Stefnt er



Unnið við þverun Þorskafjarðar sumarið 2022. Mynd: Haukur Sigurðsson

að opnun haustið 2024. Vonast er til að hægt verði að opna 3-4 km af syðsta hluta kaflans fyrir vetur 2023.

**Verktaki:**  
1.áfangi: ÍAV hf., Reykjavík  
2.áfangi: Suðuverk hf., Kópavogi

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 214   |
| 2020      | 277   |
| 2021      | 2.625 |
| 2022      | 948   |
| Samtals   | 4.064 |

60 Vestfjarðavegur  
39 Dýrafjarðargöng

**Umfang verks:** Gerð 5,3 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, 300 m langra vegskála og 7,8 km af nýjum vegum ásamt byggingu brúa á Mjólka og Hófsá.

**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 12.356 m.kr.

| Fjármögnun              | m.kr.  |
|-------------------------|--------|
| Samgönguáætlun 2006     | 22     |
| Samgönguáætlun 2007     | 7      |
| Samgönguáætlun 2008     | 17     |
| Fjárlög 2009            | 60     |
| Samgönguáætlun 2010     | 23     |
| Fjárlög 2011            | 3      |
| Samgönguáætlun 2012     | 20     |
| Flutt á önnur verk 2012 | -10    |
| Flutt á önnur verk 2013 | -4     |
| Flutt á önnur verk 2014 | -3     |
| Samgönguáætlun 2016     | 100    |
| Fjárlög 2017            | 1.500  |
| Fjárlög 2018            | 3.500  |
| Samgönguáætlun 2019     | 3.500  |
| Samgönguáætlun 2020     | 3.700  |
| Samtals                 | 12.435 |

**Verkframtíðin:** Á árunum 2006-2013 var unnið að rannsóknun, hönnun,

mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins. Á árinu 2016 var unnið að verkhönnun og undirbúningi verksins og voru forvalsgögn vegna Dýrafjarðarganga send út í maí. Útboðsgögn til valinna verktaka voru send út í desember og gert ráð fyrir að opna tilboð í verkið í janúar 2017.

**Verkframvinda 2017:** Á árinu 2017 voru tilboð opnuð 24. janúar. Samningur við aðalverktaka var undirritaður í Reykjavík 20. apríl 2017. Samningar um eftirlit með framkvæmdinni undirritaðir 17. maí. Vinna á verkstað við aðstöðusköpun og uppsetningu vinnubúða hófst í Arnarfirði 12. júní, vinna við forskeringu 17. júlí, og jarðgangagröftur hófst formlega Arnarfjarðarmegin 14. september með sprengingu samgönguráðherra, Jóns Gunnarssonar. Gangagröftur það sem eftir var árs gekk vel og var lengd ganga í lok árs 2017 orðin 821,5 m sem er um 15,5% af heildarlengd ganganna. Fram undir áramót var verið að ganga endalega frá allri aðstöðu og hafin vinna við vegagerð frá munna niður að Hófsá.

**Verkframvinda 2018:** Á árinu var haldið áfram með gangagröft. Unnið var í Arnarfirði til 22. september þegar flutt var yfir í Dýrafjörð. Gröftur í Dýrafirði hófst 12. október. Gangagröftur gekk mjög vel á árinu og var lengd ganga í lok árs 4.095,4 m, eða 77,3 %. Alls voru grafnir 3.274,3 m, frá Arnarfirði 2.836,1 m og frá Dýrafirði 438,2. Vinna við lagnir hófst Arnarfjarðarmegin. Áfram var unnið við vegagerð í Arnarfirði, fyllingar eru langt komnar og neðra burðarlag á um 900 m af 3.000 m. Vinna hófst við vegagerð í Dýrafirði, unnið frá báðum endum. Fyllingar langt komnar á um 1.500 m langan kafla af um 5.000 m. Vinna hófst einnig við brýr á Mjólka og Hófsá. Búið er að steypa sökkla og stöpla í Mjólka og sökkul og annan stöpul í Hófsá.

**Verkframvinda 2019:** Gröftur í göngum gekk áfram vel og náðist m.a. met í gangagreftri þegar göngin lengdust um 111 m í viku 5. Gegnumbrot var þann 12. apríl sem var 2 mánuðum á undan áætlun og var formleg gegnumbrotsviðhöfn síðan haldin þann 17. apríl. Eftir gegnumbrot hófst vinna við lokastyrkingar og var þeim að fullu lokið í síðustu viku í júlí. Vinna við vatnslæðingar hófst í júní og í lok

árs var búið að fullklára um 64% allra vatnslæðinga. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Dýrafirði hófst í mars og var vegskálabyggingu þar lokið þann 14. ágúst. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Arnarfirði hófst í júlí og var vegskálabyggingu lokið þeim megin 13. nóvember. Í göngum var byrjað í janúar á skurðgreftri fyrir jarðvatnslagnir. Vinna gekk fremur hægt í fyrstu og lauk ekki fyrr en í október. Í desember hófst síðan vinna við hreinsun og afréttun fyrir útlögn neðra burðarlags. Vinna við rafbúnað var fremur lítil á verkstað þetta árið en útlögn jarðvírs og niðursetning 11 kV brunna hófst í júní. Allir brunnar komnir niður í september og vinna við útlögn jarðvírs lauk síðan í október. Vinna við vegagerð í Arnarfirði var mjög takmörkuð en unnið nokkuð jafnt þar í efnisvinnslu. Í Dýrafirði var fyllingar- og skeringarvinna langt komin í júlí og fyllingarvinnu, fyrir utan í veg að Dröngum, lokið í október. Útlögn neðra burðarlags í Dýrafirði hófst í ágúst og var komið í um 87% í lok árs. Brúarvinna í Arnarfirði hófst ekki á ný fyrr en um miðjan júní og voru báðar brýr fullkláraðar í nóvember.

**Verkframvinda 2020:** Þegar vinna hófst árið 2020 var í göngum haldið áfram við uppsetningu vatnslæðinga ásamt ásprautun á þær. Uppsetning vatnslæðinga lauk í annari viku í febrúar en vinna við ásprautun tafðist nokkuð vegna COVID-19 og lauk ekki að fullu fyrr en í enduðum apríl. Samhliða vinnu við vatnslæðingar var í göngum einnig unnið við steypuvinnu í tækni- og neyðarrýmum, vegagerð og rafbúnað. Botnhreinsun og afrétting fyrir útlögn neðra burðarlags í göngum lauk um miðjan febrúar og var búið að leggja allt neðra burðarlag í göngin í byrjun júní. Malbikunarvinna hófst í annari viku í júní og var lokið í enda mánaðarins. Tækni- og neyðarrými voru fullsteypt í byrjun apríl. Útdráttur og tengivinna á strengjum Landsnets hófst í lok apríl og var klárað í lok maí. Vinna við uppsetningu veglýsingar hófst að lokinni malbikun og var öll lýsing komin í göngin um miðjan september. Vinnu við raf- og öryggisbúnað var lokið um miðjan október. Vinna við vegagerð utan ganga var fremur lítil fyrri hluta árs en fór af fullum krafti aftur af stað í byrjun júlí.

Klæðingarvinna hófst um miðjan ágúst þegar kaflar voru klæddir í Arnarfirði og Dýrafirði. Í annari viku í október var neðra lag komið í Arnarfjörð og að fullu klárað í Dýrafirði að undanskildu útsýnisplani. Klæðingarvinnu yrði því ekki lokið fyrr en 2021. Þann 25. október voru göngin opnuð fyrir almennri umferð.

**Verkframvinda 2021:** Unnið var við ýmsan frágang, einkum við stýrikerfi, rafbúnað og öryggiskerfi ásamt greiðslum til verktaka vegna aukaverka og verðbóta. Einnig voru efnis- og landbætur greiddar á árinu.

**Verkframvinda 2022:** Helstu kostnaðarliðir ársins komu til vegna uppgjörs við aðalverktaka á verkliðum sem unnir voru seint á verk tíma og eftir opnun ganga haustið 2021. Helstu verkættir voru frágangur umhverfis vega að göngum ásamt uppgjöri aukaverka og greiðslu verðbóta. Þá var unnið við frágang stýrikerfa og uppgjör við landeigendur. Settar voru upp meðalhraðamyndavélar og unnið við frágang neyðarrýma.

**Verktakar:** Jarðgangagerð og vegir að göngum ásamt brúm: Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk hf., Kópavogi. Eftirlit: Efla hf. og Geotek ehf. Stjórnkerfi: Rafeyri ehf Akureyri.

| Kostnaður | m.kr.  |
|-----------|--------|
| 2006      | 22     |
| 2007      | 7      |
| 2008      | 17     |
| 2009      | 60     |
| 2010      | 23     |
| 2011      | 2      |
| 2012      | 2      |
| 2013      | 2      |
| 2016      | 98     |
| 2017      | 1.490  |
| 2018      | 2.598  |
| 2019      | 3.589  |
| 2020      | 2.982  |
| 2021      | 294    |
| 2022      | 431    |
| Samtals   | 11.617 |

60 Vestfjarðavegur

44 Um Bjarnadalsá

**Umfang verks:** Verkið felst í gerð nýs vegkafla á Vestfjarðavegi (60) í Bjarnadal ásamt afleggjurum að bæjunum Tröð og Kirkjubóli og gerð nýrrar brúar á Bjarnadalsá við Tröð.

Nýr vegkafla á Vestfjarðavegi 60 verður um 1,8 km langur af vegtegund C8 með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Leggja skal 7,8 m breiða klæðingu. Tvö stór ræsi verða sett undir nýjan veg 60 við Þverá og áin færð í sinn upprunalega farveg. Núverandi brú við Tröð verður rifin ásamt lítilli brú yfir Þverá ásamt núverandi brú yfir Bjarnadalsá.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** Heildarkostnaðar-áætlun 252 m.kr

| Fjármögnun                         | m.kr. |
|------------------------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar                | 2     |
| Tímabundið fjárfestingaráttak 2020 | 250   |
| Samgönguáætlun 2021                | 200   |
| Samtals                            | 452   |

**Verkframvinda 2020:** Framkvæmdir hófust 15. júlí 2020 á því að ánni var veitt í gegnum veginn norðan við gömlu brúnna í 2.200 mm ræsaröri og farvegur undir brúnna stíflaður. Var þetta gert til þess að vinna í árfarveginum fyrir neðan brú yrði auðveldari og að hægt væri að vinna við uppsteypu á sökklum og stöplum. Um áramót var búið að byggja undirbyggingu á um 80 % af vegi að og frá brú, setja styrktarlag á undirbygginguna að hluta, búið að mala 0/90 efni á staðnum. Þá voru Vestfirskir verktakar sem eru undirverktakar í verkinu um áramót búnir að steypa sökkla, stöpla og búið að ljúka undirslætti undir brúnna og byrja á járnalögn brúardekks.

**Verkframvinda 2021:** Brúardekk var steyp í febrúar og brúardekkið spennt í mars. Uppsetning á brúarhandriði o.fl. í framhaldinu og þann 18. maí var brúarsmíðinni lokið og umferð hleypt á brúnna. Unnið var áfram í undirbyggingu vegar og styrktarlagi ekið í veg í maí og júní og burðarlagi

ekið út um mánaðamótin júní/júlí. Neðra lag klæðningar var lagt í júlí og efra lag í ágúst. Ásteypulag var steyp't á brú í ágúst. Lokaútttekt á verkinu var gerð þann 15. september 2021. **Verkframvinda 2022:** Unnið var við frágang vegfláa og girðingarvinnu. **Verktaki:** Verktakafyrirtækið Kubbur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 3     |
| 2020      | 320   |
| 2021      | 174   |
| 2022      | 6     |
| Samtals   | 503   |

61 Djúpvegur  
Um Hattardalsá

**Umfang verks:** Verkið felst í gerð nýs vegarkafla á Djúpvegi um Hattardal og gerð nýrrar brúar á Hattardalsá. Verkhlotar verða tveir 8.01 Vegagerð og 8.02 Brú á Hattardalsá. Djúpvegur verður af vegtegund C8, með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Leggja skal 7,8 m breiða klæðingu, þ.a. hvoru megin vegar verður 0,1 m breið malaröxl. Brú yfir Hattardalsá verður eftirspennt plötubré í einu hafi, 17 m löng, heildarlengd 19 m. Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum (bríkum), breidd alls 10 m. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 390 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar | 25    |
| Samgönguáætlun 2020 | 350   |
| Samtals             | 375   |

**Verkframvinda 2020:** Verkið var boðið út í mars 2020. Framkvæmdir hófust í maí. Byrjað var á lögn ræsa og fyllingum., vinna við brúargerð hófst í júní og lauk í október með steypu á slitlagi. Vegurinn er að mestu tilbúin fyrir burðarlög og slitlag.

**Verkframvinda 2021:** Unnið við loka frágang fláa, tenginga og vegrið, bæði lög klæðinga lögd og verki lokið 30 ágúst. Umframkostnaður kemur til vegna þess að bergskeringar bregðast og sækja þurfti efni lengra að. **Verkframvinda 2022:** Þessi kostnaður fellur til vegna vinnu við skilamat og uppgjör við landeiganda að öðru leiti er allri vinnu lokið við þessa framkvæmd og búið að skila í rekstur **Verktaki:** Tígur ehf. Undirverktaki í brúargerð Vestfirskir verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 25    |
| 2020      | 267   |
| 2021      | 82    |
| 2022      | 1     |
| Samtals   | 375   |

63 Bildudalsvegur  
02 Um Botnsá í Tálknafirði

**Umfang verks:** Verkið felst í gerð nýs vegarkafla á Bildudalsvegi um Botnsá, auk styrkingar á um 1 km löngum kafla, gerð nýrrar brúar á Botnsá og rífi á núverandi brú. Bildudalsvegur verður af vegtegund C8, með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Brú yfir Botnsá verður eftirspennt plötubré í einu hafi, 20 m löng, heildarlengd 22,4 m. Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum (bríkum), breidd alls 10 m. Brúin er grunduð á 12 m löngum steiptum niðurrekstrarstaurum. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 283 m.kr.

| Fjármögnun                           | m.kr. |
|--------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Breikkun brúa | 280   |
| Samgönguáætlun 2021                  | 170   |
| Styrkingar og endurbætur 2022        | 79    |
| Samtals                              | 529   |

**Verkframvinda 2020:** Verkið var boðið út og opnun tilboða var 7. júlí 2020. Ekkert tilboð barst þá í verkið og því ákveðið að bjóða verkið út aftur og

þá með verktíma til 25. október 2021 sem var um tveggja mánaða lenging á verktíma. Tilboð voru opnuð þann 18. ágúst 2020 og barst eitt tilboð í verkið frá Kubb ehf. Ísafirði. Eftir yfirferð tilboðs var gerður samningur við verktakafyrirtækið Kubb ehf. Ísafirði að upphæð kr. 257.323.854 en kostnaðaráætlun verktakakostnaðar á opnunardeggi var kr. 205.294.000. Verkið á verkstað hófst í ágúst 2020 á því að Vegagerðinn sá um gerð niðurrekstrarplans og sá um niðurrekstur 12 m langra undirstöðustaura og lauk þeirri vinnu í ágúst. Verktaki hóf síðan undirbúning verksins á verkstað í september með uppsetningu aðstöðu fyrir starfsmenn sína sem sjá um vegagerð. Framkvæmdir við vegagerðina hófust síðan í október. Fram að áramótum var unnið í skeringum, fyllingum og þá var komið fyrir hluta af ræsum. Unnið var í borunum og sprengingum fyrir rofavnargjóti í Höfðadal og undirbúningi fyrir brúarvinnuna. **Verkframvinda 2021:** í febrúar vann verktaki að undirbúningi brúarvinnu og hóf vinnu við sökkla brúarinnar í mars. Í maí var búið að steypa sökkla og stöppla brúarinnar og þá unnið í undirbúningi vegna móta og járnþendingar brúargólfs. Í ágúst var búið að steypa brú, uppspennu lokið og búið að steypa ásteypulag brúarinnar. Ekki var unnið í vegagerð fyrr en í júní 2021 en þá byrjað af fullum krafti. Umferð var hleypt á nýja veginn og brú í september og fyrra lag klæðingar lagt út í framhaldinu. Í október var unnið við að fjarlægja gamla veginn og gömlu brúnna. **Verkframvinda 2022:** Lagning seinna lags klæðingar og ýmsum minniháttar frágangi lauk á árinu. **Verktaki:** Verktakafyrirtækið Kubbur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 5     |
| 2020      | 222   |
| 2021      | 403   |
| 2022      | 34    |
| Samtals   | 664   |

**505 Melasveitarvegur**  
**01 Bakki - Svinabú**  
**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu á um 4,9 km kafla á Melasveitavegi. Um er að ræða endurbyggingu, styrkingu, lögn styrktar- og burðarlags ásamt lögn klæðingar. Einnig lagfæringar á reiðvegi og girðingum. Flýtiframkvæmd, var áætluð 2024-2025 en fór í útboð lok apríl 2021. Verkið er fjármagnað af öðrum verkum sem ekki gátu nýtt fjárveitingar sínar og verður greitt til baka þegar þetta verkefni fær fjárveitingu 150 m.kr. 2024 og 150 m.kr. 2025. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 300 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Fært af öðrum verkum 2021         | 134   |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 162   |
| Samtals                           | 296   |

**Verkframvinda 2021:** Verkið var boðið út í maí og var gengið frá samningum við verktaka í júní. Unnið var í fyllingum og ræsum á árinu og voru öll ræsi komin niður í lok árs. **Verkframvinda 2022:** Framkvæmdir gengu vel og lauk gerð fyllinga í apríl og vinnsla á styrktarlagi á sama tíma. Vinnsla á burðarlagi var unnin meðan styrktarlag var lagt út og burðarlag keyrt út í framhaldi. Neðra lagi klæðingar var lokið 24. maí og efra lagi 12. júní. Gert var reiðfært meðfram vegkaflanum samhliða framvindu verksins. Lokafrágangi lauk í ágúst. **Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2020      | 1     |
| 2021      | 133   |
| 2022      | 151   |
| Samtals   | 285   |

**507 Mófellsstaðavegur**  
**01 Borgarfjarðarbraut - Dragavegur**  
**Umfang verks:** Endurbygging Mófellsstaðavegar á 1,7 km löngum kafla frá Borgarfjarðarbraut og upp fyrir Efri-Hrepp. Ekki er um breytingu á legu vegarins að ræða en skipt er um ræsi eða þau lengd, gerð styrktarlags, burðarlags og lagt bundið slitlag ásamt lagfæringu á tengingum. Gerður er reiðvegur með þessum vegarkafla.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 112 m.kr.

| Fjármögnun                                    | m.kr. |
|-----------------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir                | 76    |
| Samgönguáætlun 2021 Tengivegir bundið slitlag | 57    |
| Samtals                                       | 133   |

**Verkframvinda 2020:** Framkvæmdir hófust í lok ágúst með gerð fyllinga og ræsagerðar. Verkið var unnið hratt og eftir útlögn styrktarlags og burðarlags var neðra lag klæðingar lagt út 1. okt. Efra lagi klæðingar og gerð reiðvegur var frestað til næsta árs. Á framkvæmdatíma var ákveðið að lengja verkið um 300 m upp brekkuna.  
**Verkframvinda 2021:** Reiðvegur var lagður um veturinn 2021 og efra lag klæðingar fyrri part sumars. Lokaúttekt var gerð 11. 10. 2021 .  
**Verkframvinda 2022:** Uppgjör vegna landbóta og lokið við að girða girðingar.  
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 3     |
| 2020      | 95    |
| 2021      | 28    |
| 2022      | 3     |
| Samtals   | 129   |

**508 Skorradalsvegur**  
**02-03 Vatnsendahlíð – Dagverðarnes**  
**Umfang verks:** Endurbygging Skorradalsvegur á 3,7 km löngum kafla frá Vatnsendahlíð og inn fyrir Dagverðarnes. Hér er verið að vinna á bæði kafla 02 og 03. Verkið felur í sér

breytingu á legu vegar, undirbyggingu, öryggissvæði, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 282 m.kr.

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Fjárlög 2018 Tengivegir        | 76    |
| Samgönguáætlun 2019 Tengivegir | 100   |
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir | 130   |
| Samgönguáætlun 2021 Tengivegir | 50    |
| Samtals                        | 356   |

**Verkframvinda 2018:** Verkið boðið út í desember.  
**Verkframvinda 2019:** Verktaki skrifaði undir verksamning í febrúar og hóf framkvæmdir seinni partinn í júní með ræsalögn og gerð undirbyggingar. Þessum verkþáttum lauk um miðjan desember. Á árinu voru bergskeringar kláraðar, efnisvinnsla í styrktarlag var langt komin. Verklok áætluð seinni part sumars árið 2020 með klæðingu og frágangi.  
**Verkframvinda 2020:** Verktaki hélt framkvæmdum áfram í lok apríl með vinnslu styrktarlags og útkeyrslu á því, frágangi fláa og gerð nýrrar tengingar við Hvamm. Framleiðsla á burðarlagi hófst í lok júlí í Mávahlíðarnámu og útkeyrsla á því. Neðra lag klæðingar var lagt á 2. og 3. september. Efra lagi klæðingar og endanlegum frágangi fláa var frestað til byrjun sumars 2021.  
**Verkframvinda 2021:** Efra lag klæðingar og loka frágangur fláa var framkvæmt seinni part sumars 2021.  
**Verkframvinda 2022:** Ákveðið var að lengja endurbyggingarkaflann um 800 m þ.e. niður brekkuna austan við Dagverðarnes. Kaflinn var breikkaður, sett ný ræsi, keyrt út styrktarlagi og efni í fláafleyga. Verkið var unnið af Vegagerðinni og verktökum. Útkeyrslu burðarlags og klæðingar var frestað til ársins 2023.  
**Verktaki:** Þróttur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 20    |
| 2019      | 100   |
| 2020      | 150   |
| 2021      | 35    |
| 2022      | 42    |
| Samtals   | 347   |

**509 Faxabraut**  
**02 sjóvörn**  
**Umfang verks:** Endurbygging á Faxabraut á Akranesvegi (509-02) ásamt því að gera nýja rofvörn. Endurbygging Faxabrautar felst í því að hækka núverandi veg, laga undirbyggingu, styrktarlag, burðarlag og malbikun yfirborðs vegarins ásamt því að gera stóra rofvörn við Faxabrautina. Einnig er innifalið í verkinu lagnavinna, göngu- og hjólastígar. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Akraneskaupstaðar, Veitna og Milu.  
**Framkvæmdaform:** EES Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 446 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2019 | 100   |
| Samgönguáætlun 2020 | 100   |
| Samgönguáætlun 2021 | 400   |
| Samtals             | 600   |

**Verkframvinda 2019:** Undirbúningur fyrir útboð, rannsóknir, verkhönnun og gerð útboðsgagna.  
**Verkframvinda 2020:** Klárað var að leggja bráðabirgðaveg og ákveðið var að setja klæðingu á hann. Niðurrifi mannvirkja seinkaði en var það meðvitað gert fyrir heildar flæðið í verkinu. Upptaka á grjótgardi var nánast lokið og um 80% af grjótvörn komin út. Jarðvegsskipti voru um 20% og lagnavinna í um 15%.  
**Verkframvinda 2021:** Vinna við grjótgard lauk snemma á árinu. Hafist var handa við að brjóta upp steyptan stokk undir götu í janúar. Byrjað á styrktarlagi í lok mars og háspennustrengjum í lok apríl. Fyrsta undirlagsmalbik var lagt í júlí svo

og undirstöður fyrir ljósastaura og vatnslagnir á gatnamótum Faxabrautar og Jaðarsbrautar. Í ágúst var unnið við fráveitu og kalt vatn austan Faxabrautar, göngustígar malbikaðir. Ljósastaurar voru settir upp í ágúst og september og háspenna dregin í í september. Í október var yfirlagsmalbik lagt í áfanga 2, gert klárt fyrir að steypa stéttar og kansteinn steypdur. Í nóvember voru gangstéttar steypdar og haldið áfram að setja upp kúpla á staura. Götur voru málaðar, hellulagnir við þveranir og þökulögn. Byrjað var á viðbótarverki og hringtorgi. Í desember var unnið við heitt og kalt vatn í Faxatorgi og jarðvinnu.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið var í viðbótarverki á Faxatorgi og var það malbikað í byrjun maí og var haldin lokaúttekt 30.8.2022.  
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2019      | 28    |
| 2020      | 192   |
| 2021      | 297   |
| 2022      | 20    |
| Samtals   | 537   |

**522 Þverárhlíðarvegur**  
**03 Hvítársíðuvegur - Högnastaðir**  
**Umfang verks:** Endurbygging á um 8.5 km kafla Þverárhlíðarvegur. Um er að ræða styrkingu og breikkun á núverandi vegi ásamt endurnýjun ræsa, lagningu styrktarlags, burðarlags og klæðingar ásamt lagfæringum á fláa og lengingu vegriða við einbreiðar brýr. Endurgerð vegarins er nánast öll gerð úr sprengdu bergi úr Kleifunum.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 443 m.kr.

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Framtíðarfé                    | 4     |
| Samgönguáætlun 2021 Tengivegir | 150   |
| Samgönguáætlun 2022 Tengivegir | 293   |
| Samtals                        | 447   |

**Verkframvinda 2021:** Skrifað var undir samning í júní 2021. Verktaki kom á staðinn í byrjun október og byrjaði á efnistöku í kleifunum. Einnig var byrjað á vinnu við fyllingar og lagningu ræsa.

**Verkframvinda 2022:** Verkið hélt áfram í byrjun árs og vinnsla á styrktarlagi hófst í byrjun febrúar. Fyllingum var lokið í apríl og gerð fláafleyga í maí. Í maí var ákveðið að breyta hönnun á beygju við Gunnlaugsstaði og hún mykt. Í lok maí hófst útkeyrsla á styrktarlagi og vinnsla á burðarlagi og keyrt út í framhaldi. Byrjað var á fyrra lagi klæðingar 6. júlí og vinnunni lauk mánuði síðar.Vinnu við seinna lag klæðingar lauk 16. ágúst. Frágangi á skeringunni í Kleifunum og fláum lauk um haustið.

**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 130   |
| 2022      | 502   |
| Samtals   | 632   |

**523 Hvítársíðuvegur**

**03 Kalmannstunga - Kaldadalsvegur**

**Umfang verks:** Endurbætur á 3 km kafla á Hvítársíðuvegi frá Kalmanstungu að brú við Hvítá. Verkið felst í breikkun og endurbótum núverandi vegar, lagningu styrktarlags, burðarlags, klæðingar, frágangi fláa, lagningu á ræsi og uppsetningu nýrra vegrista.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 108 m.kr.

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir | 80    |
| Samgönguáætlun 2021 Tengivegir | 30    |
| Samgönguáætlun 2022 Tengivegir | 2     |
| Samtals                        | 112   |

**Verkframvinda 2020:** Unnið var að hönnun og undirbúningi ásamt jarðvegsrannsóknnum. Verkið boðið út seinnipart sumars og samið við lægstbjóðanda. Ekki náðist að hefja framkvæmdir á árinu.

**Verkframvinda 2021:** Framkvæmdir hófust 12. mars með gerð fyllinga og styrktarlags. Efnistaka til mölunar burðarlags var færð í eyri við Geitá á Kaldadalsveg.

**Verkframvinda 2022:** Seinna lag klæðingar lagt ásamt uppgjöri við landeigendur.

**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 87    |
| 2022      | 25    |
| Samtals   | 112   |

**533 Álftaneshreppsvegur**

**01 Snæfelssnesvegur - Smiðjuhóll**

**Umfang verks:** Nýbygging Álftaneshreppsvegur á 1.4 km kafla og endurbygging á 4,6 km. Verkið felur í sér undirbyggingu, endurnýjun ræsa, lögn styrktarlags, burðarlags og slitlags einnig tenginga, reiðvegur og frágangs. Endurgerð vegarins er öll unnin úr sprengdu og möluðu bergi.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 311 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar 289 m.kr., sjá skýringar)

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir | 150   |
| Samgönguáætlun 2021 Tengivegir | 350   |
| Samtals                        | 500   |

**Verkframvinda 2020:** Skrifað var undir verksamning við verktaka 13. ágúst. Verktaki hóf framkvæmdir um miðjan okt. með hreinsun klappar og sprengingum. Keyrð út fylling á nýbyggingarkaflanum og ræsalögn. Einnig var framleiðsla á styrktarlagi lokið á árinu.

**Verkframvinda 2021:** Eldri vegur breikkaður og keyrð út fylling og styrktarlag nokkuð samhliða. Útboðskaflinn var lengdur um 2 km. með tilheyrandi magnaukningu og lengri aksturslengd. Útkeyrslu efra burðarlags lauk í byrjun september.



Starfsmenn Vegagerðarinnar að störfum við borun við Klofningsveg þar sem námusvæði var kannað.

Neðra lag klæðingar var lagt í tveimur áföngum 10. sept og og 11. okt. Efra lagi klæðingar og endanlegum frágangi var frestað til vors 2022.

**Verkframvinda 2022:** Seinni part sumars var efra lag klæðingar lagt á kaflann. Einnig var frágangur á fláum og svæðum kláraður en lokafrágangi á skeringu frestað. Ekki var hægt að gera reiðfært með veginum vegna bleytu.

**Verktaki:** Þróttur ehf.

**Skýringar:** Gerður var samningur við landeigendur um færslu á vegi m.t.t. umferðaröryggis og til að færa umferð

frá húsinu. Samningurinn tekur á því að landeigandi greiði uppbyggingu vegar og Vegagerðin greiði fyrir burðarlag og slitlag.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 4     |
| 2020      | 76    |
| 2021      | 287   |
| 2022      | 75    |
| Samtals   | 438   |

590 Klofningsvegur

01. Vestfjarðavegur - Hafnará

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu og styrkingu núverandi vegar á um 8,4 km löngum kafla. Verkið felst í nýlögn ræsa, breikkun og endurbætur á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 574 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr.     |
|-----------------------------------|-----------|
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 15        |
| <b>Samtals</b>                    | <b>15</b> |

**Verkframvinda 2022:** Forhönnun var kláruð og byrjað var á verkhönnun, stefnt á útboð 2023.

**Verktaki:** Ekki búið að bjóða út.

| Kostnaður      | m.kr.     |
|----------------|-----------|
| 2021           | 6         |
| 2022           | 23        |
| <b>Samtals</b> | <b>29</b> |

612 Örlygshafnarvegur

01 Hvalsker - Sauðlauksdalur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu núverandi Örlygshafnarvegur á um 4 km löngum kafla. Verkið felst í lögn ræsa, breikkun og endurbætur á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 270 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr.     |
|-----------------------------------|-----------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 10        |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 50        |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | -30       |
| <b>Samtals</b>                    | <b>30</b> |

**Verkframvinda 2020:** Samið var við ráðgjafa á árinu og byrjað á undirbúningi vegna landeigenda

samninga. Stefnt að útboði á haustmánuðum 2021.

**Verkframvinda 2021:**

Landeigendasamningar ganga illa og því hefur útboði verið frestað þar til samningar nást. Hönnun og útboðslýsing tilbúin til útboðs.

**Verkframvinda 2022:** Unnið að samningum við landeigendur.

**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður      | m.kr.     |
|----------------|-----------|
| 2020           | 8         |
| 2021           | 16        |
| 2022           | 1         |
| <b>Samtals</b> | <b>25</b> |

612 Örlygshafnarvegur

03 Kollsvíkurvegur - Hvallátur

**Umfang verks:** Hönnun á nýrri veglínu á um 2 km kafla þar sem vegur er tekinn úr byggðinni um Hvallátra. Í nýrri veglínu er allt efni fengið úr skeringum nema klæðingarefni.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 220 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr.      |
|---------------------|------------|
| Samgönguáætlun 2021 | 150        |
| <b>Samtals</b>      | <b>210</b> |

**Verkframvinda 2021:** Verkið var boðið út í byrjun apríl 2021. Skrifað var undir samning við verktaka í maí 2021. Verktaki fór á staðinn og byrjaði að vinna í september 2021. Þegar verktaki var kominn á staðinn hafði landeigendi samband og bað um að framkvæmdir yrðu stoppaðar þar sem ekki var búið að semja við hann um kaup á landi. Vinnan hefur síðan snúist um að semja við a landeigendur sem eru rúmlega 80 talsins og hefur það gengið hægt.

**Verkframvinda 2022:** Vinna við að ná samningum við alla landeigendur.

**Verktaki:** Þróttur ehf.

| Kostnaður      | m.kr.     |
|----------------|-----------|
| 2021           | 19        |
| 2022           | 6         |
| <b>Samtals</b> | <b>25</b> |

690 Steinadalsvegur

01 Vestfjarðavegur - Ólafsdalur

**Umfang verks:** Um er að ræða endurbyggingu og styrkingu núverandi vegar á um 7 km löngum kafla. Verkið felst í nýlögn ræsa, breikkun og endurbætur á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 480 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr.     |
|-----------------------------------|-----------|
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 80        |
| <b>Samtals</b>                    | <b>80</b> |

**Verkframvinda 2022:** Á árinu var undirbúningur og verkhönnun.

**Verktaki:** Útboð ekki hafið.

| Kostnaður      | m.kr.    |
|----------------|----------|
| 2022           | 9        |
| <b>Samtals</b> | <b>9</b> |

5317 Grímarssstaðavegur

01 Hvanneyri – Hvítárvallabrá

**Umfang verks:** Stefnt að því að styrkja og endurbæta Grímarssstaðaveg á um 5,8 km kafla frá gatnamótum að Hvanneyri að Hvítárbrú. Endurbætur á veginum fela í sér breikkun núverandi vegar ásamt styrkingu og lögn bundins slitlags. Einnig er innifalið í verkinu gerð reiðvegur meðfram vegi.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 172 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr.      |
|-----------------------------------|------------|
| Samgönguáætlun 2019<br>Tengivegir | 61         |
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 195        |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 10         |
| <b>Samtals</b>                    | <b>266</b> |

**Verkframvinda 2019:** Byrjað var að keyra fyllingarefni frá byrjunarstöð og endastöð eða frá stöð 0 til 2.000 og svo frá stöð 5.200 til 5.800, samhliða því var hafist handa við að skipta út vegræsum. Viðsvegar á vegkaflanum var unnið við að fleyga eða sprengja minni skeringar til að rýmka fyrir vegstæði og reiðvegastæði. Unnið var við stærstu skeringarnar við stöðvar 2.900 til 3.100 og 5.000-5.500.

**Verkframvinda 2020:** Klárað var að skipta um ræsi ásamt því að undirbygging var kláruð. Lagður var út reiðvegur ásamt styrktar- og burðarlagi. Klætt var með tvöfaldri klæðingu seinni part júlí 2020 og frágangur verks kláraður.

**Verkframvinda 2021:** Landbætur greiddar til landeigenda. Atriði sem höfðu áhrif á umframkostnað í verkinu voru reiðvegurinn , tengingar þar sem landlíkan var of lítið að magnaukningar urðu í fyllingum og fláafleygum. Einnig var landlíkan ekki rétt sem gerði það að verkum að flestar skeringar í vegstæði voru ekki til og þurfti að breyta hönnun og útvíkka skeringar til að fá efni í verkið. Fjárveiting fyrir umframkostnað koma úr tengivegasjóði.

**Verkframvinda 2022:** Uppgjör við landeigendur.

**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður      | m.kr.      |
|----------------|------------|
| 2019           | 68         |
| 2020           | 208        |
| 2021           | 3          |
| 2022           | 1          |
| <b>Samtals</b> | <b>280</b> |

Hönnun og undirbúningur verkefna,  
Vestursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Vestursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun            | m.kr. |
|-----------------------|-------|
| Fjármögnun fyrir 2022 | 565   |
| Samgönguáætlun 2022   | 50    |
| Samtals               | 615   |

| Verkefni                                                         | Ár: | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|------------------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
|                                                                  |     | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 |     |       |
| Hringvegur 1-g0,<br>Hvalfjarðargöng – Akrafjallsvegur            |     | 0                 | 2   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   |       |
| Hringvegur 1-g2,<br>um Grunnafjörð                               |     | 0                 | 0   | 0   | 6   | 10  | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 17  |       |
| Hringvegur 1-g3,<br>Akrafjallsvegur - Borgarnes                  |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 30  | 10  | 40  |       |
| Hringvegur 1-g4,<br>Hafnarvegur – Borgarfjarðarbraut             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 2   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 5   |       |
| Hringvegur 1-g6,<br>Borgarnes – Hrafnaklettur                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 6   | 9   | 0   | 0   | 0   | 0   | 16  |       |
| Hringvegur 1-g7,<br>um Borgarnes                                 |     | 0                 | 0   | 8   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 26  | 35  |       |
| Hringvegur 1-h4,<br>Norðurá – sýslumörk                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 2   | 1   | 2   | 3   | 0   | 1   | 0   | 4   | 4   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 18  |       |
| Borgarfjarðarbraut 50-05,<br>Hvítá – Hringvegur                  |     | 1                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   |       |
| Uxahryggjavegur 52-02,<br>Borgarfjarðarbraut - Lundareykjadalsv. |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   |       |
| Uxahryggjavegur 52-04,<br>Þverfellsvegur - Kaldadalsvegur        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 8   | 14  | 23  |       |
| Snæfellsnesvegur 54-10,<br>Útnesvegur – Útnesvegur               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   |       |
| Snæfellsnesvegur 54-19,<br>Narfeyri – Drangar                    |     | 0                 | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 4   |       |
| Heydalsvegur 55-01,<br>Snæfellsnesvegur - Oddstaðaa              |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   |       |
| Laxárdalsvegur 59-02,<br>Gröf - Sýslumörk                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   |       |
| Vestfjarðavegur 60-04,<br>um Haukadalsá                          |     | 0                 | 1   | 0   | 0   | 1   | 0   | 2   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 6   |       |
| Vestfjarðavegur 60-30,<br>Um Fjarðarhornsa                       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 11  | 13  |       |
| Vestfjarðavegur 60-30,<br>Um Skálmardalsá                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 10  | 11  |       |
| Vestfjarðavegur 60-36,<br>Dynjandisheiði                         |     | 1                 | 0   | 4   | 0   | 1   | 5   | 0   | 4   | 4   | 5   | 11  | 29  | 48  | 51  | 50  | 0   | 0   | 0   | 213 |       |
| Vestfjarðavegur 60-44,<br>um Bjarnadalsá (60-44)                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 2   |       |
| Djúpvegur 61-33,<br>Hvítanesvegur – Hestfjarðará                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   |       |
| Djúpvegur 61-34,<br>Fossá - Barðastrandarvegur                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Djúpvegur 61-35,<br>Eyrarkirkjuvegur – Minni-Hattardalsv.        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 9   | 0   | 16  | 0   | 0   | 0   | 28  |       |
| Djúpvegur 61-39,<br>Álftafjarðargöng                             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 16  | 0   | 2   | 0   | 0   | 18  |       |
| Bíldudalsvegur 63-02,<br>Barðastrandarvegur - Tálknafjarðarv.    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 3   |       |
| Bíldudalsvegur 63-04,<br>Ketildalavegur - Fossvegur              |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   |       |
| Flateyjarvegur 64-01,<br>Snjóflóðavarnir                         |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 9   | 3   | 0   | 12  |       |
| Innstrandarvegur 68-10,<br>Hvalsá – Djúpvegur                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 5   |       |
| Innnesvegur 503-01,<br>Akrafjallsvegur – Akranes                 |     | 0                 | 0   | 8   | 3   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 11  |       |

| Verkefni                                                                 | Ár: | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|--------------------------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
|                                                                          |     | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 |     |       |
| Melasveitavegur 505-01,<br>Bakki - Svínabú                               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 1   |       |
| Skorradalsvegur 508-02-03,<br>Dragavegur - Fitjar                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4   |       |
| Akranesvegur 509-01,<br>Akrafjallsvegur – Akranes                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Akranesvegur 509-02,<br>Akranes – Akranes                                |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Hvítárvallavegur 510-01,<br>Hringvegur – Borgarfjarðarbraut              |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 1   |       |
| Þverárhliðarvegur 522-03,<br>Sigmundarstaðavegur<br>– Borgarfjarðarbraut |     | 0                 | 0   | 0   | 2   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 2   | 7   |       |
| Stafholtsvegur 526-01,<br>Borgarfjarðarvegur – Melkot                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   |       |
| Álftaneshreppsvegur 533-03,<br>Álftárósvegur – Snæfellsnesvegur          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Hítardalsvegur 539-01,<br>Snæfellsnesvegur - Melur                       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 2   |       |
| Kaldadalsvegur 550-04,<br>Langjökulsvegur – Hálsasveitarvegur            |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 9   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 9   |       |
| Langavatnsvegur 553-01,<br>Hringvegur – Þjónustuhús Iðju                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 1   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4   |       |
| Útnesvegur 574-09,<br>um Ólafsvík                                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Arnarvatnsvegur 578-02,<br>Norðlingafliót                                |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   |       |
| Haukadalsvegur 586-01,<br>Vestfjarðavegur – Smyrlahóll                   |     | 0                 | 0   | 1   | 0   | 1   | 1   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4   |       |
| Klofningsvegur 590-01,<br>Vestfjarðavegur – Hafnará                      |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 6   | 0   | 7   |       |
| Örlygshafnarvegur 612-03,<br>Kollsvíkurvegur – Hvallátur                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 15  | 0   | 0   | 19  |       |
| Hafnarvegur Ísafirði 636-01,<br>Djúpvegur – Sindragata                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Strandavegur 643-04,<br>Drangsnesvegur – Ásparvík                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   |       |
| Strandavegur 643-06,<br>Kolbeinsvíkurá – Djúpavík                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 7   | 1   | 1   | 1   | 0   | 0   | 3   | 14  | 14  | 19  | 16  | 78  |       |
| Grímsstaðavegur 5317-01,<br>Hvítárvallavegur - Hvanneyrarvegur           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   |       |
| Samtals                                                                  |     | 2                 | 4   | 22  | 12  | 33  | 10  | 9   | 27  | 9   | 7   | 13  | 44  | 73  | 79  | 91  | 44  | 69  | 95  | 643 |       |

Höfrungur AK91, sem stendur við Grenjar á Akranesi, í óveðri sem gekk yfir í febrúar 2022. Mynd: Einar Brandsson.



Norðursvæði

1 Hringvegur

Q6 Norðausturvegur – Bárðadalsvegur eystri.

**Umfang verks:** Ný brú um Skjálfandafliót ásamt 1,7 km nýbyggingu að nýrri brú.  
**Framkvæmdaform:** Útboð hönnunar og stefnt á útboð verkframkvæmda.  
**Kostnaðaráætlun:** Kostnaðaráætlun verkhönnunar 1200 m.kr.

| Fjármögnun                    | m.kr. |
|-------------------------------|-------|
| Viðbótarfé breikkun brúa 2020 | 40    |
| Samgönguáætlun 2021           | 10    |
| Samgönguáætlun 2022           | 130   |
| Samtals                       | 180   |

**Verkframvinda 2020:** Hönnun boðin út og samið við ráðgjafa. Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við hönnun og undirbúning  
**Verktaki:** Hönnun: Verkís ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 8     |
| 2020      | 7     |
| 2021      | 26    |
| 2022      | 4     |
| Samtals   | 45    |

59 Laxárdalsvegur

11 Sýslumörk - Innstrandavegur

**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá sýslumörkum að Innstrandarvegi, samtals 7,5 km. Styrking og endurbygging vegar í 6,5 m breidd auk lagningu bundins slitlags.  
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.  
**Kostnaðaráætlun:** 455 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020 |       |
| Tengivegir          | 5     |
| Samgönguáætlun 2021 | 10    |
| Samgönguáætlun 2022 |       |
| Tengivegir          | 220   |
| Samtals             | 235   |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að forhönnun.  
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2022:** Verkið boðið út seinni part sumars 2022. Unnið við fyllingar og ræsagerð þar til vetur skall á.  
**Verktaki:** Hönnun: Mannvit

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 2     |
| 2020      | 8     |
| 2021      | 8     |
| 2022      | 143   |
| Samtals   | 161   |

74 Skagastrandarvegur

01 Hringvegur - Þverárfjallsvegur

**Umfang verks:** Nýbygging Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá. Nýframkvæmd Þverárfjallsvegur (73) er um 8,5 km og nær frá Hringvegi (1) austan Blönduóss að núverandi Þverárfjallsvegi (744) skammt austan við núverandi brú á Laxá. Nýframkvæmd Skagastrandarvegur (74) er um 3,3 km löng og nær frá nýjum Þverárfjallsvegi (73) um nýja brú yfir Laxá að núverandi Skagastrandarvegi (74) norðan við Höskuldsstaði í Skagabyggð. Hönnun tíu minni vegtenginga/heimreiða eru hluti af verkinu en lengd þeirra nemur um 4,5 km. Heildarlengd vega er því um 16,3 km. Auk þess er um að ræða nýja brú yfir Laxá, um 110 m að lengd og eftirlitsstað til þungaeftirlits.  
**Framkvæmdaform:** Útboð  
**Kostnaðaráætlun:** 2100 m.kr.



Aurskriða féll á Grenivíkurveg (83) í nóvember.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar | 69    |
| Samgönguáætlun 2020 | 100   |
| Samgönguáætlun 2021 | 1.000 |
| Samgönguáætlun 2022 | 720   |
| Samtals             | 1.889 |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að for- og verkhönnun og mati á umhverfisáhrifum. Einnig unnið að gerð samninga við landeigendur.  
**Verkframvinda 2021:** Lokið við hönnun og verkið boðið út um mitt sumar. Framkvæmdir hófust seinni part sumars og unnið við vegagerð fram undir áramót. Vinna við brú hófst ekki á árinu.  
**Verkframvinda 2022:** Haldið var áfram vinnu við vegagerð, m.a. fyllingar, styrktarlag, frágang á vegsvæði og girðingar. Vinna við brú hófst um vorið og var yfirbygging steypt í nóvember.  
**Verktaki:** Hönnun: Verkfræðistofa Bjarna Viðar ehf.  
**Verkframkvæmd:** Skagfirskir verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 82    |
| 2020      | 48    |
| 2021      | 141   |
| 2022      | 1.260 |
| Samtals   | 1.531 |

85 Norðausturvegur

06 Um Köldukvíslargil

**Umfang verks:** Bygging stokks/brúar í stað einbreiðrar brúar yfir Köldukvíslargil ásamt nauðsynlegri nýbyggingu vegar um nýjan stokk/brú.  
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun.  
**Kostnaðaráætlun:** 724 m.kr.

| Fjármögnun                     | m.kr. |
|--------------------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar            | 2     |
| Tímab. fjárfestingaráttak 2020 | 65    |
| Samgönguáætlun 2021            |       |
| Framtíð                        | 10    |
| Samtals                        | 75    |

**Verkframvinda 2020:** Gerð voru útboðsgögn fyrir 100 m langan steyptan stokk með vegi á fyllingu

yfir. Fallið var frá útboði vegna fjölda áhættupátta við framkvæmd. Unnið var að frumdrögum brúar í stað stokks.  
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun brúar og vegar.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við hönnun brúar og vegar.  
**Verktaki:**

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 2     |
| 2020      | 28    |
| 2021      | 3     |
| 2022      | 25    |
| Samtals   | 58    |

85 Norðausturvegur

**31 Finna fjörður – Bakkafjörður**  
**Umfang verks:** Endurbygging og bundið slitlag á samtals 20,5 km á Norðausturvegi. Endurbyggingin skiptist í tvo kafla, 3 km um Fell í Finnafirði og 17,5 km frá Hellulandi í Finnafirði að Skeggjastöðum í Bakkafirði.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 972 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2016               | 7     |
| Fjárlög 2018                      |       |
| Tengivegir                        | 75    |
| Samgönguáætlun 2019               |       |
| Tengivegir 2019                   | 229   |
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 444   |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 290   |
| Samtals                           | 1.045 |

**Verkframvinda 2018:** Undirbúningur og hönnun.  
**Verkframvinda 2019:** Verkið boðið út sumarið 2019 og hófust framkvæmdir í lok ágúst. Unnið var á kaflanum um Fell í Finnafirði og lokið við útkeyrslu á styrktarlagi. Einnig var byrjað á kafla frá Finnafirði yfir í Miðfjörð og unnið við efnisvinnslu fyrir verkið.  
**Verkframvinda 2020:** Lokið við kaflann um Fell í Finnafirði sem er um 3 km og

einnig lokið að mestu við 6 km kafla frá Finnafirði í Miðfjörð. Unnið við endurbyggingu vegarins frá Miðfirði í Bakkafjörð.  
**Verkframvinda 2021:** Lokið við byggingu vegarins en vinna við frágang lauk ekki að fullu og færðist til 2022.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við frágang og einnig lagfæringar á stokk til að tryggja fiskgengd. skrifa hér  
**Verktaki:**  
Hönnun: Verkfræðistofan Mannvit.  
Verkframkvæmd: Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2016      | 7     |
| 2018      | 8     |
| 2019      | 149   |
| 2020      | 528   |
| 2021      | 322   |
| 2022      | 19    |
| Samtals   | 1.033 |

711 Vatnsnesvegur

**01 Kárastaðir - Skarð**  
**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá Kárastöðum að Skarði, um 5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.  
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.  
**Kostnaðaráætlun:** 290 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 5     |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 10    |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 210   |
| Samtals                           | 225   |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að jarðtæknirannsóknun og forhönnun vegar.  
**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verktaki:** Hönnun: Efla

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2020      | 11    |
| 2021      | 16    |
| 2022      | 54    |
| Samtals   | 81    |

711 Vatnsnesvegur

**05 Þorfinnsstaðir - Vesturhópshólaá**  
**Umfang verks:** Um er að ræða byggingu 17 m langrar brúar yfir Vesturhópshólaá, nýbyggingu Vatnsnesvegar á um 1,0 km kafla og endurbyggingu á um 1,2 km löngum kafla milli Vesturhópshóla og Þorfinnsstaða. Einnig er inni í verkinu bygging heimreiða og tenginga.  
**Framkvæmdaform:** Útboð á vegi og samningur við brúarflokk Vegagerðarinnar um byggingu brúar.  
**Kostnaðaráætlun:** 420 m.kr.

| Fjármögnun                           | m.kr. |
|--------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021<br>Breikkun brúa | 130   |
| Tengivegir                           | 65    |
| Millifært af öðrum verkum            | 90    |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir    | 110   |
| Samtals                              | 395   |

**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2022:** Opna átti tilboð í byggingu vegar og brúar í byrjun árs og var það annað skiptið sem útboð fór fram, en eins og í fyrra skiptið bárust engin tilboð. Þá var ákveðið að bjóða eingöngu út vinnu við vegagerð og var það gert um mitt sumar. Í þetta sinn kom tilboð í verkið og hófust framkvæmdir seinni part sumars. Unnið var við fyllingar, styrktarlag og

ræsagerð fram á haust. Ákveðið var að fá brúarflokk Vegagerðarinnar til að byggja brúna og hófst vinna við hana í byrjun vetrar  
**Verktaki:** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 1     |
| 2022      | 242   |
| Samtals   | 243   |

722 Vatnsdalsvegur

**01 Hringvegur - Undirfell**  
**Umfang verks:** Endurbygging og bundið slitlag á 14 km kafla frá Hringvegi að Undirfelli.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 1.070 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 4     |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 5     |
| Samtals                           | 9     |



Klæðing á Nesvegi (425) rétt vestan við Brimketil flettist af. Óveður á Reykjanesi í janúar 2022.

**Verkframvinda 2021:** Unnið við jarðtæknirannsóknir.  
**Verkframvinda 2022:** Undirbúningur innan Vegagerðarinnar. Stefnt á að bjóða út hönnun árið 2023.  
**Verktaki:** Mannvit

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 4     |
| 2022      | 8     |
| Samtals   | 12    |

**748 Reykjastrandarvegur**  
**01 Þverárfjallsvegur - Fagranes**  
**Umfang verks:** Endurbygging tengivegar frá Þverárfjallsvegi norður fyrir Fagranes, um 5,5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.  
**Framkvæmdaform:** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.  
**Kostnaðaráætlun:** 330 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 10    |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 240   |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 285   |
| Samtals                           | 535   |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að forhönnun vegar.  
**Verkframvinda 2021:** Lokið við hönnun og verkið boðið út um mitt sumar. Framkvæmdir við undirbyggingu og ræsagerð stóðu yfir fram til áramóta.  
**Verkframvinda 2022:** Verkið hófst aftur vorið 2022 og unnið við yfirbyggingu vegarins, efnisvinnslu og girðingar. Neðra lag klæðingar var lagt á veginn seinni part sumars, en ákveðið að fresta útlögn efra lags og minni háttar frágangi til 2023.  
**Verktaki:** Hönnun: Stoð ehf.  
**Verkframkvæmd:** Steypustöð Skaga-fjarðar ehf. og Víðimelsbræður ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 4     |
| 2020      | 5     |
| 2021      | 106   |
| 2022      | 384   |
| Samtals   | 499   |

**793 Skarðsvegur**  
**01 Siglufjarðarvegur – skíðasvæði Skarðsdal**  
**Umfang verks:** Nýbygging á 1,4 km löngum kafla á Skarðsvegi ásamt bílastæði. Kaflinn verður tenging að nýjum skíðaskála.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 200 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2014               | 1     |
| Samgönguáætlun 2015               | 2     |
| Fjárlög 2017                      | 100   |
| Fjárlög 2018                      | 100   |
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir | 50    |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 80    |
| Samtals                           | 333   |

**Verkframvinda 2017:** Unnið við hönnun og verkið boðið út seinni part sumars. Lítið var unnið við verkið á árinu m.a. vegna þess hve seint var boðið út og flyst framkvæmdin því yfir á árið 2018.  
**Verkframvinda 2018:** Unnið var við fyllingar þegar veðurfar leyfði en aðstæður voru mjög erfiðar vegna efnisgerðar og bleytu í fjallinu. Ljóst að verkið myndi taka lengri tíma en áætlað var.  
**Verkframvinda 2019:** Vinnu við fyllingar var ekki að fullu lokið í lok árs. Ljóst að færa þarf skíðalyftur þar sem vegurinn þverar.  
**Verkframvinda 2020:** Unnið við fyllingar og styrktarlag vegarins. Verkið hefur dregist á langinn og er ástæðan erfiðar aðstæður og stuttur framkvæmdatími í fjalllendi.

**Verkframvinda 2021:** Engar framkvæmdir voru á árinu vegna kröfu rekstraraðila skíðasvæðisins í Skarðsdal um breytingu á verkinu. Breyta þurfti skipulagi og afla nýrra leyfa og fór stór hluti ársins í þá vinnu.  
**Verkframvinda 2022:** Unnið við fyllingar og styrktarlag frá miðju sumri fram á haust. Einnig var unnið við frágang á vegsvæði.  
**Verktaki:** Árni Helgason ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2014      | 1     |
| 2015      | 2     |
| 2017      | 10    |
| 2018      | 40    |
| 2019      | 48    |
| 2020      | 61    |
| 2021      | 1     |
| 2022      | 85    |
| Samtals   | 248   |

**815 Hörgárdalsvegur**  
**02 Skriða – Brakandi**  
**Umfang verks:** Verkið felst í byggingu á um 3,7 km löngum kafla ásamt byggingu nýrra heimreiða að fjórum bæjum, samtals um 1,3 km löngum. Innifalið í verkinu er einnig bygging tveggja brúa, á Ytri Tunguá sem verður 11 m löng og á Syðri Tunguá sem verður 9 m löng.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 460 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2019               | 8     |
| Samgönguáætlun 2020               | 250   |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir | 210   |
| Samtals                           | 468   |

**Verkframvinda 2019:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2020:** Unnið við hönnun og undirbúning. Verk boðið út og framkvæmdir hafnar haust 2020. Unnið við uppbyggingu vegarins og reknir niður staurar undir brýr.

**Verkframvinda 2021:** Lokið við verkið að undanskildu efra lagi klæðingar og lítilsháttar vinnu við frágang.  
**Verkframvinda 2022:** Efra lag klæðingar lagt á veginn og lítilsháttar unnið við frágang vegsvæðis.  
**Verktaki:** Hönnun: Mannvit.  
**Verkframkvæmd:** Árni Helgason ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2019      | 7     |
| 2020      | 110   |
| 2021      | 294   |
| 2022      | 23    |
| Samtals   | 434   |

**821 Eyjafjarðarbraut Vestri**  
**02 Um Hrafnagil**  
**Umfang verks:** Nýbygging á 3,1 km vegi austan við þéttbýlið Hrafnagilshverfi. Auk þess 0,7 km af tengivegum við hverfið.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 666 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021               | 300   |
| Tengivegir                        | 160   |
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 65    |
| Samtals                           | 525   |

**Verkframvinda 2021:** Unnið við hönnun og undirbúning.  
**Verkframvinda 2022:** Verkið boðið út snemma sumars. Framkvæmdir fóru þó ekki af stað af fullum krafti fyrr en seinni part sumars vegna takmarkana á efnistöku úr Eyjafjarðará. Unnið við fyllingar og ræsagerð þar til verkið stöðvaðist vegna vetrarveðurs.  
**Verktaki:** GV Gröfur ehf.  
**Hönnun:** Vegagerðin

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2021      | 30    |
| 2022      | 192   |
| Samtals   | 222   |

862 Dettifossvegur

**Umfang verks:** Nýbygging á Dettifossvegi, köflum 02-04, frá Dettifossvegi vestri að Norðausturvegi, samtals 30 km. Auk þess nýbygging á Tungnavegi niður í Hólmatungur 2,7 km, Vesturdalsvegi 2,5 km, ásamt áningarstöðum við þessa vegi. Verkið hefur verið boðið út í eftirtöldum áföngum, fyrst of fremst með tilliti til fjárveitinga.

04 Tóveggur – Norðausturvegur, útboð 2014. Nýbygging á 3,24 km kafla og var þessum áfanga lokið 2015 að undanskildu efra lagi slitlagi sem lagt var 2016.

03 Ásheiði – Tóveggur, útboð 2015. Nýbygging á 4,5 km kafla og var verkinu að fullu lokið haustið 2016.

02 Dettifossvegur vestri – Hólmatungur, útboð 2016. Nýbygging á 7,7 km löngum kafla frá Dettifossvegi vestri niður á móts við Hólmatungur. Undanskilið í útboðsverkinu var burðarlag og slitlag. Þessum áfanga lauk 2017.

02 Dettifossvegur vestri – Súlnalækur, útboð 2017. Innifalið í þessu útboði var burðarlag og bundið slitlag á kaflann Dettifossvegur vestri – Hólmatungur. Auk þess nýbygging með slitlag á 2,7 km og nýbygging á 3,4 km þar sem undanskilið var burðarlag og slitlag.

02-03 Súlnalækur – Vesturdalur, viðbótarsamningur 2018 við útboðsverkið Dettifossvegur vestri – Súlnalækur um gerð undirbyggingar á 3,8 km kafla frá Súlnalæk að Vesturdal.

03-04 útboð (lokaútboð) 2019. Innifalið í þessu útboði að ljúka við gerð Dettifossvegar, gera nýjan veg upp á Langavatnshöfða og í Hólmatungur og endurbyggja veg niður í Vesturdal að Hljóðaklettum.

**Framkvæmdaform:** Útboð og eða samningar.

**Kostnaðaráætlun:** Útboð 2019, 1.400 m.kr.

| Fjármögnun                             | m.kr. |
|----------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2009                    | 4     |
| Samgönguáætlun 2010                    | 9     |
| Samgönguáætlun 2011                    | 20    |
| Samgönguáætlun 2012                    | 16    |
| Samgönguáætlun 2013                    | 23    |
| Samgönguáætlun 2014                    | 200   |
| Fjárukalög 2014                        | -200  |
| Samgönguáætlun 2015<br>Almenn verkefni | 212   |
| Viðbótarfé 2015                        | 400   |
| Samgönguáætlun 2016                    | 500   |
| Fjárlög 2017                           | 370   |
| Fjárlög 2018                           | 200   |
| Fært af öðrum verkum 2018              | 54    |
| Viðbótar fjármagn 2018                 | 200   |
| Samgönguáætlun 2019                    | 600   |
| Samgönguáætlun 2020                    | 750   |
| Samgönguáætlun 2021                    | 200   |
| Samtals                                | 3.558 |



Áningarstaður við Helgustaðaveg (954).

**Verkframvinda 2014:** Kaflinn frá Tóvegg að Norðausturvegi boðinn út og unnið við undirbyggingu vegarins.

**Verkframvinda 2015:** Kaflanum frá Tóvegg að Norðausturvegi lauk í júní, nema eftir var að leggja efra lag klæðingar og ganga frá áningarstað. Kafli frá Vesturdal að Tóvegg var boðinn út í júní 2015 (8,9 km), en vegna þess að tilboðin sem bárust voru óaðgengileg var áfanginn boðinn út aftur í júlí og þá hafður styttri eða 4,5 km og var frá Ásheiði að Tóvegg. Unnið við undirbyggingu á kaflanum.

**Verkframvinda 2016:** Lokið við kaflana frá Ásheiði að Norðausturvegi með bundnu slitlagi. Kostnaður 2017, eftirstöðvar vegna framkvæmda 2016.

**Verkframvinda 2017:** Lokið vinnu við byggingu kaflans frá Dettifossvegi vestri að Hólmatungum, að undanskildu burðarlagi og slitlagi. Kaflinn Dettifossvegur vestri að Súlnalæk boðinn út og unnið við undirbyggingu og að hluta styrktarlag á kaflanum frá Hólmatungum að Súlnalæk.

**Verkframvinda 2018:** Lokið við undirbyggingu vegarins á kaflanum frá Súlnalæk að tengingu niður í Vesturdal.

**Verkframvinda 2019:** Síðasti hluti verksins boðinn út í byrjun sumars. Verkinu tilheyrir að ljúka við Dettifossveg að fullu, sem innifelur að leggja burðarlag og klæðingu á um 7,2 km kafla ofan Vesturdals og byggja nýjan 4,2 km langan veg neðan Vesturdals. Auk þess að byggja frá Dettifossvegi 2,7 km langan veg niður í Hólmatungur, 1,6 km langan veg niður í Vesturdal og 1,5 km langan veg upp á Langavatnshöfða. Auk þess skal gera nokkra áningarstaði. Verkbyrjun seinkaði vegna kærumála en framkvæmdir hófust seinni part sumars. Unnið var við fyllingar á kaflanum Vesturdalur – Ásheiði en auk þess var unnið í vegi niður í Vesturdal og upp á Langavatnshöfða.

**Verkframvinda 2020:** Lokið að mestu við uppbyggingu Dettifossvegar og vegar upp á Langavatnshöfða og lagt á þá neðra lag klæðingar. Unnið við

endurbyggingu vegar niður í Vesturdal að plani við Hljóðakletta. Byrjað á uppbyggingu vegar niður í Hólmatungur. **Verkframvinda 2021:** Lokið við verkið að undanskildri vinnu við frágang hliðarsvæða og merkinga. **Verkframvinda 2022:** Unnið við frágang á nokkru stöðum og auk þess uppsetningu á veðurstöð, myndavélum og umferðateljum. **Verktaki:** Árni Helgason ehf. á kaflanum Tóveggur – Norðausturvegur. Þ.S. verktakar ehf. á kaflanum Tóveggur – Ásheiði og kaflanum frá Dettifossvegi Eystri að Vesturdal, útboðum 2015 til 2018. G. Hjálmarsson hf. á kaflanum Hólmatungur – Ásheiði auk Hólmatunguvegar, Vesturdalsvegur og vegar upp á Langavatnshöfða, útboð 2019.

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði**  
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2009      | 4     |
| 2010      | 9     |
| 2011      | 20    |
| 2012      | 16    |
| 2013      | 23    |
| 2014      | 84    |
| 2015      | 381   |
| 2016      | 482   |
| 2017      | 442   |
| 2018      | 552   |
| 2019      | 351   |
| 2020      | 584   |
| 2021      | 515   |
| 2022      | 32    |
| Samtals   | 3.495 |

| Fjármögnun            | m.kr. |
|-----------------------|-------|
| Fjármögnun fyrir 2022 | 460   |
| Samgönguáætlun 2022   | 50    |
| Samtals               | 510   |

|                                                          |     | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|----------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
| Verkefni                                                 | Ár: | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '21 |       |
| Hringvegur 1–k9, Reykjabraut – Blönduós                  |     | 0                 | 0   | 1   | 0   | 3   | 5   | 4   | 7   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 21    |
| Hringvegur 1–m0, Svínvetningabraut – Blönduós            |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Hringvegur 1–m3, Hvammur – Svínvetningabraut             |     | 0                 | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Hringvegur 1–m4, Svínvetningabraut – Víðivörðuháls       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Hringvegur 1–m5, Víðivörðuháls – Skagafjarðarvegur       |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 3   | 4   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 8     |
| Hringvegur 1–m7, um Skagafjörð                           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 3   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 6     |
| Hringvegur 1–p5, Ólafsfjarðarvegur – Dagverðareyrv.      |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 1   | 1   | 5   | 4   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 9   | 3   | 24    |
| Hringvegur 1-p6 Dagverðareyrv. - Hlíðarbraut             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 1     |
| Hringvegur 1–q6, um Skjálfandafljót                      |     | 1                 | 2   | 1   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 2   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 8     |
| Sprengisandsleið 26–12 til 26–16, Kvíslavegur – Nýidalur |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 5   | 2   | 1   | 46  | 19  | -7  | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 66    |
| Kjalvegur 35–16, um Kolkustíflu                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Laxárdalsvegur 59–11, Sýslumörk – Innstrandavegur        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Innstrandarvegur 68–04, Laxárdalsvegur – Fossá           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |

|                                                                                    |     | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|------------------------------------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
| Verkefni                                                                           | Ár: | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 |       |
| Innstrandarvegur 68–05, Fossá – Guðlaugsvíkurvegur                                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Skagastrandarvegur 74–01, Hringvegur – Þverárfjallsvegur                           |     | 0                 | 1   | 0   | 0   | 4   | 1   | 2   | 3   | 0   | 0   | 1   | 1   | 20  | 21  | 28  | 0   | 0   | 0   | 82    |
| Siglufjarðarvegur 76–08, um Flókadalsá                                             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Siglufjarðarvegur 76–09, Siglufjarðarskarðsgöng                                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 2   | 3   | 0   | 6     |
| Siglufjarðarvegur 76–12, Hólavegur Flugvallavegur                                  |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 2   | 4   | 8     |
| Siglufjarðarvegur 76–13, Hafnarvegur – Norðurtún                                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Ólafsfjarðarvegur 82-04 um þéttbýli Dalvíkur Dalvík, barnaskóli - Dalvík, Brimnesá |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 5   | 8     |
| Ólafsfjarðarvegur 82-06 Samantekt á gangakostum                                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 2     |
| Norðausturvegur 85–02, um Skjálfandafljót                                          |     | 1                 | 1   | 0   | 0   | 2   | 6   | 2   | 0   | 16  | 3   | 1   | 2   | 0   | 0   | 2   | 4   | 4   | 4   | 48    |
| Norðausturvegur 85–04, Kísilvegur – Húsavík                                        |     | 0                 | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Norðausturvegur 85–06, um Köldukvíslargil                                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 3   | 0   | 5     |
| Norðausturvegur 85–27, Langanesvegur – sýslumörk                                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 2   | 2   | 4   | 5   | 1   | 0   | 0   | 5   | 11  | 15  | 13  | 60    |
| Norðausturvegur 85–31, Sýslumörk – Finnfjarðará                                    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7     |
| Kísilvegur 87–02, veðurstöð – Geitafellsá                                          |     | 0                 | 1   | 2   | 3   | 4   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 15  | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 25    |
| Vatnsnesvegur 711–03, Bergsstaðir – Þorgrímsstaðavegur                             |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 8   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 10    |
| Vatnsdalsvegur 722–01, Hringvegur – Undirfellsrétt                                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Svínvetningabraut 731-01 Kaldakinn - Tindar                                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 2     |
| Reykjastrandarvegur 748–01, Þverárfjallsvegur – Grettislaug                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4   | 0   | 0   | 0   | 4     |
| Hólavegur 767–01, Siglufjarðarvegur – Hólar                                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 1     |
| Skarðsvegur 793–01, Siglufjarðarvegur – Skíðasvæði                                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Hörgárdalsvegur 815–01, Skriða - Brakandi                                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Dagverðareyrv. 816–01, Hringvegur – Ólafsfjarðarvegur                              |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Hafnarvegur Akureyri 819–01, við Glerártorg                                        |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 5   | 9   | 0   | 21    |
| Eyja­fjarðarbraut vestri 821–01, Flugvallarv. – Kristnesvegur                      |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 4   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4     |
| Eyja­fjarðarbraut vestri 821–02, Kristnesvegur – Miðbraut                          |     | 0                 | 0   | 1   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 6   | 14  | 0   | 0   | 22    |
| Eyja­fjarðarbraut vestri 821–06, Gullbrekkuvegu – Halldórsstaðavegur               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Eyja­fjarðarbraut eystri 829–02, Miðbraut – Eyja­fjarðarbraut vestri               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Fnjóskadalsvegur Eystri 835–01, Hringvegur – Böðvarsnesvegur                       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Bárðardalsvegur vestri 842–01, Hringvegur – Hlíðarendavegur                        |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 6   | 1   | 0   | 2   | 0   | 0   | 4   | 15    |
| Mývatnssveitarvegur 848–01, Hringvegur – Garðsvegur                                |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Hverfjallsvegur 8816–01, Mývatnssveitarvegur – Hverfjall, gönguleið                |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Samtals                                                                            |     | 2                 | 6   | 6   | 6   | 23  | 23  | 19  | 24  | 25  | 60  | 31  | 28  | 30  | 27  | 58  | 38  | 50  | 36  | 492   |

Austursvæði

1 Hringvegur

X8 um Hornafjarðarfljót

**Umfang verks:** Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Hornafirði í Austur-Skaftafellsslýslu. Með framkvæmdinni stýttist Hringvegurinn um 12 km og einbreiðum brúm fækkar um þrjár. Nýbygging þjóðvegar, 19 km með fjórum brúm, yfir Bergá 52 m, yfir Hoffellsá 114 m, yfir Hornafjarðarfljót 250 m, yfir Djúpá 52 m ásamt hliðarvegum samtals 9 km auk tveggja áningarstaða.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samvinnuverkefni.

Framkvæmdir:

Áfangi 1:

Undirbygging vegar á 4,3 km milli Hólmsár – Djúpár (boðið út í september 2017).

Áfangi 2:

- Samvinnuverkefni, aðrir þættir verksins (boðið út í apríl 2022)
- Samið við ÍSTAK (júlí 2022)
- Framkvæmdir (hófust október 2022)

| Kostnaðaráætlun, framkvæmd (2022-2025): | m.kr.  |
|-----------------------------------------|--------|
| Útgjöld skráð á verk (2005-2021):       | 853    |
| Áætlaður kostnaður (2022-2025 ):        | 8532   |
| Umdæmisálag (5,2%)                      | 444    |
| Ófyrirséð (10%)                         | 707    |
|                                         | 10.536 |

| Fjármögnun          | m. kr. |
|---------------------|--------|
| Samgönguáætlun 2005 | 1      |
| Samgönguáætlun 2006 | 26     |
| Samgönguáætlun 2007 | 32     |
| Samgönguáætlun 2008 | 10     |
| Samgönguáætlun 2009 | 4      |
| Samgönguáætlun 2010 | 3      |
| Samgönguáætlun 2011 | 1      |
| Samgönguáætlun 2012 | 3      |
| Samgönguáætlun 2013 | 15     |
| Samgönguáætlun 2014 | 23     |
| Samgönguáætlun 2015 | 34     |
| Samgönguáætlun 2016 | 88     |
| Fjárlög 2017        | 300    |
| Fjárlög 2018        | 700    |
| Samgönguáætlun 2019 | 300    |
| Samgönguáætlun 2020 | 100    |
| Samgönguáætlun 2021 | 750    |
| Samgönguáætlun 2022 | 700    |
| Samtals:            | 3093   |

**Verkframvinda:** Á árunum 2005- 2013 var unnið að rannsóknum, frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Á árunum 2014-2016 var unnið að for- og verkhönnun vegar og brúa ásamt samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs. **Verkframvinda 2017:** Sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins. Unnið áfram að samningum við landeigendur. Framkvæmdaleyfi var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem tafði byrjun framkvæmda umtalsvert. Á haustmánuðum var fyrsti hluti verksins boðinn út, þ.e.a.s. undirbygging vegar ásamt ræsagerð á 4,3 km löngum kafla milli Hólmsár – Djúpár. Verktaki Jökulfell ehf.

**Verkframvinda 2018:** Byrjað á undirbyggingu vegar á milli Hólmsár og Djúpár, en verkið fór í biðstöðu vegna ágreinings um forsendur í útboðs-gögnum. Unnið í samningum við landeigendur og gengið frá nokkrum þeirra.

**Verkframvinda 2019:** Lokið, að mestu,

við gerð undirbyggingar vegar og ræsagerð á milli Hólmsár og Djúpár, sem boðið var út 2017. Byrjað á gerð tilraunarfyllingar á leirum við Hafnarnes á 600 m kafla austan við Hornafjarðarfljót. Unnið að samningum við landeigendur og eignarnámi á hluta lands í vegsvæðinu. Greiddar landbætur til hluta landeiganda þar sem lokið var við samninga.

**Verkframvinda 2020:** Hönnun tekin upp og unnin áfram. Hafin undirbúningsvinna varðandi að bjóða verkið út sem samvinnuverkefni. Mikil vinna fyrir dómstólum vegna kæra landeigenda varðandi leiðarval. Reynt að gera lokaúttekt á framkvæmd fyrsta áfanga, en vegna ágalla tókst það ekki.

Verkframvinda 2021:

Áfangi 1 (verktaki Jökulfell):

Lokaúttekt verks hefur enn ekki farið fram, þar sem verktaki hefur ekki lokið við að lagfæra allar athugasemdir. Tvö plöturæsi flutu upp þar sem þau voru ekki rétt hönnuð, vantaði ankeringu. Samið var við verktaka um lagfæringu ræsanna.

Verkframvinda 2022:

Áfangi 2: Hönnun verks lokið. Unnið að útboði verksins sem samvinnuverkefni skv. samgönguáætlun:

- Auglýst eftir áhugasömum aðilum um verkið.
- Haldnir kynningarfundir.
- Fyrirspurnir og svör.
- Kallað eftir umsóknum um þátttöku í innkaupferli.
- Val þátttakenda (forval).
- Útboðsgögn (upphafstilboð).
- Upphafstilboðum skilað inn.
- Viðræður milli Vegagerðarinnar og þátttakenda, samningaviðræður.
- Útboðsgögn (lokatilboð).

| Kostnaður | m. kr. |
|-----------|--------|
| 2005      | 1      |
| 2006      | 26     |
| 2007      | 32     |
| 2008      | 10     |
| 2009      | 4      |
| 2010      | 3      |
| 2011      | 1      |
| 2012      | 3      |
| 2013      | 15     |
| 2014      | 23     |
| 2015      | 34     |
| 2016      | 68     |
| 2017      | 97     |
| 2018      | 18     |
| 2019      | 317    |
| 2020      | 99     |
| 2021      | 102    |
| 2022      | 69     |
| Samtals   | 922    |

1 Hringvegur (0001Y2S) og

1 Hringvegur

Y2 Steinavötn og Fellsá

**Umfang verks:** Bygging á nýrri 100 m langri brú á Steinavötnum ásamt 350 m löngum leiðigörðum og samtals um 800 m endurbyggingu vegar beggja megin brúar. Rífa á bráðabirgðabré og fjarlægja bráðabirgðaveg um Steinavötn. Þá er um að ræða byggingu á nýrri 46 m langri brú á Fellsá og samtals 400 m löngum vegi beggja megin brúar. Einnig gerð bráðabirgðarbrúar og vegar um Fellsá ásamt rífi þeirra mannvirkja.

**Framkvæmdaform:** Útboð sameiginlegt með Fellsá til að ná hagkvæmni í verki enda stutt á milli brúnna.

**Kostnaðaráætlun:** Fyrir báðar brýrnar 761,4 m.kr.



↑  
Mikið stórstreymi gerði í mars 2022 eins og sjá má hér í höfninni í Borgarfirði Eystri.

| Fjármögnun (Steinavötn) | m.kr. |
|-------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2019     | 100   |
| Breikkun brúa 2019      | 100   |
| Viðlagasjóður 2019      | 158   |
| Breikkun brúa 2020      | 200   |
| Samgönguáætlun 2020     | 350   |
| Samtals                 | 908   |

| Fjármögnun (Fellsá)                                | m.kr. |
|----------------------------------------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar                                | 7     |
| Samgönguáætlun 2019<br>Breikkun brúa 2019          | 116   |
| Samgönguáætlun 2020<br>Breikkun brúa 2020 (Fellsá) | 340   |
| Breikkun brúa 2021                                 | 146   |
| Samtals                                            | 317   |

**Verkframvinda 2019:** Verk boðið út í júlí, en engin tilboð bárust. Verkið var aftur boðið út í október, átta tilboð bárust, samið við Ístak hf. um verkið.  
**Verkframvinda 2020:** Verkið hófst í mars 2020 á verkstað með

uppsetningu aðstöðu og undirbúningi framkvæmda. Steypustöð var sett upp á staðnum. Brúarbygging hófst í mars og lauk með steypu siglplatna í lok október. Brúin yfir Steinavötn var tengd og tekin í notkun fyrir áramótin. Samhliða brúarbyggingu yfir Steinavötn var byggð bráðabirgða brú og vegur yfir Fellsá og tekin í notkun. Gamla brúin var rifin og hafist handa við nýja brú í lok maí 2020. Byggingu brúarinnar lauk í nóvember en ekki náðist að tengja brúna fyrir áramótin. Verkstaða um áramót 2020/2021 var þannig að eftir var að tengja brúna yfir Fellsá og taka í notkun, rífa bráðabirgðarbrú bæði á Steinavötnum og Fellsá auk rífs á bráðabirgðavegum. Þá er eftir að klæða vegi og ganga frá vegriðum. Verklök samkvæmt samningi eru í apríl 2021 en reiknað er með að klæðing vega verði ekki fyrr en í júní.  
**Verkframvinda 2021:** Verktaki undirbjó veg undir klæðingu og klæddi vegi. Þá var gengið frá vegriðum í fyllingum við báðar brýrnar. Lokaúttekt fór fram í desember.  
**Verkframvinda 2022:** Uppgjör við landeigendur og ráðgjafa. Verktaki: Ístak hf.

| Kostnaður (Steinavötn) | m.kr. |
|------------------------|-------|
| 2019                   | 120   |
| 2020                   | 703   |
| 2021                   | 222   |
| Samtals                | 1045  |

| Kostnaður (Fellsá) | m.kr. |
|--------------------|-------|
| 2019               | 14    |
| 2020               | 151   |
| 2021               | 10    |
| 2022               | 2     |
| Samtals            | 177   |

**Skýringar við verkefnið:** Margir verkþættir eru sameiginlegir með báðum brúum í þessu sameiginlega útboði. Vegna þessa getur kostnaður fallið meira á aðra brúnna en hina.

**93 Seyðisfjarðarvegur 02–03 Fjarðarheiðargöng**  
**Umfang verks:** Könnun á jarðgangakostum undir Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 40 – 45 milljarðar kr.

| Fjármögnun                             | m.kr. |
|----------------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2014<br>Jarðgangaáætlun | 30    |
| Samgönguáætlun 2015<br>Rannsóknir      | 70    |
| Samgönguáætlun 2016<br>Rannsóknir      | 80    |
| Álag á framkvæmdir                     | 10    |
| Fjárlög 2017<br>Rannsóknir             | 70    |
| Fjárlög 2018                           | 70    |
| Fært á önnur verk 2018                 | -29   |
| Samgönguáætlun 2020                    | 100   |
| Samgönguáætlun 2021                    | 100   |
| Samgönguáætlun 2022                    | 1.000 |
| Samtals                                | 1.501 |

**Verkframvinda:** Aðallega hafa verið skoðaðar tvær jarðgangaleiðir sem opnast á mismunandi stöðum

Héraðsmegin, það er við Miðhúsaá og Dalhús. Unnið var að hönnun vegar að mögulegum munnastað í Seyðisfirði og á báðum ofanefndum stöðum á Héraði. Tillaga um munna Seyðisfjarðarmegin er í um 130 m hæð gegnt Gufufossi. Á Héraði er tillaga á báðum stöðum um munna í 130-140 m hæð og mælt með munna við Dalhús. Árið 2014 var einnig unnið að jarðfræðiathugunum og boruð 430 m djúp rannsóknarhola nærri miðri Fjarðarheiði, sem gagnast báðum jarðgangaleiðum. Ekki tókst að bora holuna eins djúpt og áætlað var en það minnkar gildi hennar ekki mikið. Á árinu 2015 vann Jarðfræðistofan ehf. áfram að jarðfræðiathugunum á yfirborði og undirbúningi á rannsóknarborun ársins 2016. Gerð voru drög að áhættugreiningu fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Skrifuð var yfirlitsskýrsla um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga og verður hún að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Á árinu 2016 var unnið að rannsóknarborunum þar sem boraðar voru 5 kjarnaholur samtals um 1.300 m og 3 loftholur samtals um 300 m. Unnið að áframhaldandi jarðfræðirannsóknnum ásamt frumhönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará. Á árinu 2017 var unnið að jarðfræðirannsóknnum og úrvinnslu og veghönnun að gangamunnum.  
**Verkframvinda 2018:** Lokavinna við jarðfræðiskýrslu vegna jarðfræðirannsóknna, mælingar og frumhönnun á veltengingum, ráðgjafavinna vegna jarðgangaleiða til Seyðisfjarðar.  
**Verkframvinda 2019:** Áfram vinna vegna frumhönnunar á Fjarðarheiðargöngum og vega að þeim. Á haustdögum lá fyrir stefnumörkun og var þá hafin skipuleg vinna við að ganga frá forhönnun mannvirkja bæði vega og ganga.  
Vegna vegamóta í Seyðisfirði var skoðuð lega ganga frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar, „Seyðisfjarðarganga“. Ásamt fyrri hugmyndum um legu fyrirhugaðra ganga frá Norðfirði til Mjóafjarðar „Mjóafjarðarganga“.

**Verkframvinda 2020:** Forhönnun á göngum og vegum lokið í ágúst. Ákveðið var að munnasvæði jarðganga Héraðsmegin verði við Dalshús. Mat á umhverfisáhrifum er hafið og Tillaga að matsáætlun var send Skipulagsstofunun í nóvember. Gerð var umferðartalning og greining um Egilsstaði vegna nýrra vega frá jarðgöngunum sem eru til skoðunar. Einnig var unnið umferðaröryggismat á vegtengingum.

**Verkframvinda 2021:** Unnið var við umhverfismat og umhverfismatsskýrslu og ýmsum rannsóknum vegna umhverfismatsins. Áfram unnið við hönnun tengivega og valkostum þeirra. Verkönnun á jarðgöngum hófst haust 2021. Jarðgrunnsrannsóknir við munnasvæði voru gerðar.

**Verkframvinda 2022:** Umhverfismats-skýrsla var send út til kynningar og kynningarferli lokið, í kjölfarið var Umhverfismatsskýrsla send til Skipulagsstofununar sem skilaði álitu í lok árs. Unnið var að áframhaldandi hönnun jarðganga og tengivega ásamt brú yfir Eyvindará.

**Verktaki:**  
Rannsóknarborun 2014:  
Geotækni ehf., Selfossi.  
Rannsóknarborun 2016:  
Alvarr ehf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2014      | 64    |
| 2015      | 22    |
| 2016      | 87    |
| 2017      | 28    |
| 2018      | 10    |
| 2019      | 25    |
| 2020      | 106   |
| 2021      | 122   |
| 2022      | 144   |
| Samtals   | 608   |

**94 Borgarfjarðarvegur**  
**03 Eiðar - Laufás**  
**Umfang verks:** Undirbúningur og hönnun á endurbyggingar vegar á um 14,8 km með bundnu slitlagi m.v. að vegur uppfylli kröfur um umferðaröryggi og aksturþægindi.

↓  
Byrjað var á endurbyggingu gömlu Angróbryggjunnar á Seyðisfirði haustið 2022. Bryggjan var byggð úr harðviði sem fenginn var úr sjálfbærri skógrækt.



**Framkvæmdaform:** Samningar.  
**Kostnaðaráætlun:** 1.050 m.kr.

| Fjármögnun                         | m.kr. |
|------------------------------------|-------|
| Tímabundið fjárfestingaráttak 2020 | 30    |
| Tímabundið fjárfestingaráttak 2021 | 30    |
| Samgönguáætlun 2021                | 490   |
| Samgönguáætlun                     | 530   |
| Samtals                            | 1.080 |

**Verkframvinda 2020:** Undirbúningur og hönnun vegar m.v. að bjóða út verkið vorið 2021.

**Verkframvinda 2021:** Unnið í undirbyggingu og gerð styrktarlags á ytri hluta kaflans á um 6 km kafla. Áætluð verklok haustið 2022.

**Verkframvinda 2022:** Lokið undirbyggingu, gerð styrktarlags og burðarlags ásamt frágangi á vegsvæði. Lögð tvöföld klæðing um 12,6 km og einföld 2,2 km frá Davíðsstöðum að vegamótum Tjarnarlandsvegar. Á eftir að leggja seinna lag klæðingar sem verður lagt 2023, ásamt því að gengið verður frá lokauppgjöri við verktaka og landeigendur.

**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit og Vegagerðin v. undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2020      | 20    |
| 2021      | 288   |
| 2022      | 740   |
| Samtals   | 1048  |

**94 Borgarfjarðarvegur**  
**07 um Vatnsskarð**  
**Umfang verks:** Endurbætur vegar með bundnu slitlagi á 8,8 km kafla yfir Vatnsskarð  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 480 m.kr.

| Fjármögnun                          | m.kr. |
|-------------------------------------|-------|
| Viðbótarfé 2018                     | 120   |
| Samgönguáætlun 2019                 | 360   |
| Samgönguáætlun 2020                 | 220   |
| Leiðrétt millif. framtíðarverk 2020 | 3     |
| Millifært af styrkvegir 2020        | -220  |
| Samtals                             | 480   |

**Verkframvinda 2018:** Undirbúningur og hönnun vegar vegna útboðs.

**Verkframvinda 2019:** Lokið við undirbúning og hönnun vegna útboðs í júní. Vegur endurbyggður Njarðvíkurmegin með bundnu slitlagi á 2,4 km kafla, auk þess var lokið við efnisvinnslu í burðarlög og í klæðingu fyrir verkið. Eftir að ljúka gerð áningarstaðar í Vatnsskarði og frágangi á námu að hluta.

**Verkframvinda 2020:** Lokið við endurbyggingu vegar með bundnu slitlagi á 6,4 km kafla upp brekkur Héraðsmegin og yfir Vatnsskarð. Sett upp vegrið á allan kaflann um Vatnsskarð á 7 svæðum, samtals um 2950 m. Eftir að ljúka gerð áningarstaðar í Vatnsskarði, frágangi á námu að hluta og sáningu í vegsvæði.

**Verkframvinda 2021:** Frágangur á námu og lagfæring á vegsvæði. Hvorki gerður áningarstaður í Vatnsskarði né unnið að sáningu eins og til stóð, sem gert er ráð fyrir að ljúka 2022.

**Verkframvinda 2022:** Áningarstaður í Hríshöfða stækkaður. Yfirborðsmerkingar gerðar sem áttu að verða 2021. Gerð áningarstaðar í Vatnsskarði ólokið.

**Verktaki:** Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 5     |
| 2019      | 191   |
| 2020      | 238   |
| 2021      | 2     |
| 2022      | 17    |
| Samtals   | 453   |

94 Borgarfjarðarvegur  
08 um Njarðvíkurskriður

**Umfang verks:** Endurbygging vegar með bundnu slitlagi á 4,8 km kafla frá Ytri Hvannagilsá og í gegnum Njarðvíkurskriður.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 420 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Viðbótarfé 2018     | 100   |
| Samgönguáætlun 2019 | 100   |
| Millifært           | 220   |
| Samtals             | 420   |

**Verkframvinda 2018:** Undirbúningur og hönnun verks fyrir útboð. Efnisvinnsla á burðarlagi og klæðingarefni. Byrjað á skeringu og fyllingum á kafla í Njarðvíkurskriðum.  
**Verkframvinda 2019:** Vegur endurbyggður með bundnu slitlagi frá Ytri Hvannagilsá og í gegnum Njarðvíkurskriður. Ólokið er uppsetning á öryggisendum við vegrið og lokafrágangi vegmerkinga.  
**Verkframvinda 2020:** Lokið við uppsetningu á vegriðum með öryggisendum og vegmerkingar.  
**Verkframvinda 2021:** Keypt efni í steipt vegrið notað í hrunvarnir með vegi, sem sett verða upp 2022.  
**Verkframvinda 2022:** Sett upp steipt vegrið á tveimur svæðum til að hindra grjóthrun beint inn á veg.  
**Verktaki:** Myllan ehf. sá um efnisvinnslu og Héraðsverk ehf. um vegagerð.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2018      | 64    |
| 2019      | 363   |
| 2020      | -6    |
| 2021      | 10    |
| 2022      | 7     |
| Samtals   | 438   |

95 Skriðdals- og Breiðdalsvegur  
02 Gilsá á Völlum  
**Umfang verks:** Gerð nýrrar brúar, 46 m löng ásamt nýjum vegtengingum, samtals 1,2 km

**Framkvæmdaform:** Samningar og eigin verk.  
**Kostnaðaráætlun:** 531 m.kr.

| Fjármögnun                       | m.kr. |
|----------------------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar              | 3     |
| Tímabundið fjárfesingarátak 2020 | 15    |
| Samgönguáætlun 2021              | 505   |
| Samtals                          | 523   |

**Verkframvinda 2020:** Undirbúningur og hönnun brúar og vegar m.v. að bjóða út verkið vorið 2021.  
**Verkframvinda 2021:** Unnið að undirbúningi og útboði verksins. Verkið var boðið út júní, en ekkert tilboð barst í verkið. Verkið var svo boðið út aftur í ágúst m.v. að að verkinu var skipt upp í tvo hluta, þ.e. byggingu brúarinnar ásamt vegtengingu sem MVA ehf. á Egilsstöðum bauð í og svo stálsmiði fyrir brúarmannvirkið sem MVS ehf. á Egilsstöðum bauð í. Samið var við fyrrgreinda verktaka um verkið m.v. að framkvæmdir hæfust 2022.  
**Verkframvinda 2022:** MVS lauk við stálsmiðahluta fyrir brúarmannvirkið. Unnið við undirstöður og undirbúning á jarðvinnu. Klárað að steypa allar undirstöður og stöpla, byrjað að keyra út fyllingum að brúarstæði.  
**Verktaki:** Hönnun: Mannvit og Vegagerðin, verkframkvæmd: MVA ehf. og MVS ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 3     |
| 2020      | 31    |
| 2021      | 23    |
| 2022      | 263   |
| Samtals   | 320   |

95 Skriðdals- og Breiðdalsvegur  
04 Skriðuvatn – Axarvegur  
**Umfang verks:** Nýr vegur með bundnu slitlagi á 6,1 km kafla um Skriðuvatn og inn undir Axarvegamót.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 536 m.kr.



↑  
Snjómokstur á Öxi í mars 2022.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2012 | 1     |
| Samgönguáætlun 2013 | 3     |
| Fjárlög 2017        | 12    |
| Fjárlög 2018        | 480   |
| Samgönguáætlun 2019 | 0     |
| Samgönguáætlun 2020 | 0     |
| Samgönguáætlun 2021 | 0     |
| Samtals             | 496   |

**Verkframvinda 2018:** Unnið í skeringum og fyllingum á hluta vegarins ásamt efnisvinnslu á burðarlagi.  
**Verkframvinda 2019:** Lokið við gerð vegar með bundnu slitlagi á 6,1 km kafla um Skriðuvatn og inn undir Axarvegamót. Ólokið greiðslum land- og efnisbóta, ásamt minniháttar frágangi og sáningu á vegsvæði.  
**Verkframvinda 2020:** Greiddar land- og efnisbætur. Vinna við frágang og sáningu á vegsvæði.  
**Verkframvinda 2021:** Greiddar landbætur. Verki lokið, en eftir að endurbæta uppgræðslu á vegsvæði sem gert var sumarið 2021.  
**Verkframvinda 2022:** Lokið við uppgræðslu á vegsvæði.  
**Verktaki:** Héraðsverk ehf. sá um vegagerð og Myllan ehf. um efnisvinnslu.

917 Hlíðarvegur  
06 Vindfell - Sunnudalsvegur  
**Umfang verks:** Styrking og endurbætur vegar með bundnu slitlagi á 3,3 km kafla um Öxl að Sunnudalsvegi  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 110 m.kr.

| Fjármögnun                                       | m.kr. |
|--------------------------------------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar                              | 2     |
| Samgönguáætlun 2020<br>Tengivegir bundið slitlag | 110   |
| Samgönguáætlun 2021<br>Tengivegir bundið slitlag | 3     |
| Samtals                                          | 115   |

**Verkframtinda 2020:** Styrking og endurbættum vegar lokið. Áætlað að ljúka veginum með klæðingu sumarið 2021.

**Verkframtinda 2021:** Lögð klæðing á vegkaflann, Verki lokið, en eftir að greiða landbætur.

**Verkframtinda 2022:** Vinna vegna hreinsunar á klæðingu og frágangi á verki. Eftir að ganga frá uppgjöri við landeigendur.

**Verktaki:** Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 2     |
| 2020      | 62    |
| 2021      | 52    |
| 2022      | 1     |
| Samtals   | 117   |

923 Jökuldalsvegur

01 Gilsá – Arnórsstaði

**Umfang verks:** Nýbygging vegar 3,1 km frá Gilsá að Arnórsstöðum og endurbygging vegar 1 km innan við Arnórsstaði, samtals 4,1 km.

**Framkvæmdaform:** Útboð á verki áætlað vor 2021.

**Kostnaðaráætlun:** 330 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fyrri fjárveitingar | 3     |
| Samgönguáætlun 2020 | 280   |
| Samgönguáætlun 2020 |       |
| Tengivegir          | 50    |
| Samgönguáætlun 2021 |       |
| Tengivegir          | 20    |
| Samgönguáætlun 2022 |       |
| Tengivegir          | 170   |
| Samtals             | 523   |

**Verkframtinda 2020:** Unnið í rannsóknun á fornminjum auk undirbúnings og hönnun verks.

**Verkframtinda 2021:** Unnið í undirbúningsi og útboð á verki. Unnið í undirbyggingu vegar á um 3 km, áætluð verklok haustið 2022.

**Verkframtinda 2022:** Lokið við gerð

vegar frá Gilsá að Arnórsstaðarhvammi með klæðingu 4,1 km. Minniháttar frágangur eftir á vegsvæði. Unnið að undirbúningsi og samningum við landeigendur vegna áframhaldandi endurbyggingu vegar inn að Hákonarstöðum.

**Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit og Vegagerðin vegna undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| Fyrri ár  | 3     |
| 2020      | 22    |
| 2021      | 102   |
| 2022      | 386   |
| Samtals   | 513   |

931 Upphéraðsvegur

03 Teigaból – Bolalækur

**Umfang verks:** Endurbygging vegar með bundnu slitlagi á 3,1 km kafla frá Teigabóli að Bolalæk. Beygjur og blindhæð lagfærð og mesti bratti vegar minnkaður. Gerð hálfbogaræsis yfir Hrafngerðisá í stað einbreiðrar brúar.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

**Kostnaðaráætlun:** 138 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Fjárlög 2017        | 3     |
| Fjárlög 2018        |       |
| Tengivegir          | 45    |
| Samgönguáætlun 2019 |       |
| Tengivegir          | 58    |
| Samgönguáætlun 2020 |       |
| Tengivegir          | 20    |
| Samtals             | 126   |

**Verkframtinda 2018:** Unnið var að hönnun og undirbúningsi og verkið boðið út. Ræsi yfir Hrafngerðisá var byggt og unnið að veltengingum að því.

**Verkframtinda 2019:** Lokið við endurbyggingu vegar með bundnu slitlagi á 3,1 km kafla frá Teigabóli að Bolalæk ásamt gerð hálfbogaþlöturæsis yfir Hrafngerðisá í stað einbreiðrar brúar. Ólokið greiðslum



Viðgerð á göngubrú við Eskifell yfir Jökulsá í Lóni en brúin skemmdist í óveðri. Notuð var beltagrafa til að lyfta undir þverbitana.

land- og efnisbóta að hluta, ásamt minniháttar frágangi á vegsvæði.

**Verkframtinda 2020:** Kostnaður vegna vinnu við eignarnám og landbætur að hluta.

**Verkframtinda 2021:** Kostnaður vegna vinnu við eignarnáms

**Verkframtinda 2022:** Kostnaður vegna vinnu við eignarnáms og gengið frá greiðslu á landbótum.

**Verktaki:** Ylur ehf., Egilsstöðum.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2017      | 3     |
| 2018      | 44    |
| 2019      | 74    |
| 2020      | 4     |
| 2021      | 0     |
| 2022      | 7     |
| Samtals   | 132   |

931 Upphéraðsvegur

02 Um Ásklif

**Umfang verks:** Endurbygging vegar á um 4,7 km kafla með bundnu slitlagi m.v. að vegur uppfylli kröfur um umferðaröryggi og aksturþægindi

**Framkvæmdaform:** Samningar um hönnun vegar. Útboð á framkvæmd verksins

**Kostnaðaráætlun:** 293 m.kr.

| Fjármögnun          | m.kr. |
|---------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021 |       |
| Tengivegir          | 245   |
| Samgönguáætlun 2022 |       |
| Tengivegir          | 55    |
| Samtals             | 300   |

**Verkframtinda 2021:** Unnið í undirbúningsi og útboð á verki. Byrjað síðla hausts á undirbyggingu vegar á um 300 m kafla, áætluð verklok haustið 2022.

**Verkframvinda 2022:** Lokið við gerð vegar með klæðingu. Gengið frá uppgjöri við landeigndur 2023 ásamt gerð girðingar að hluta. **Verktaki:** Verkfræðistofan Mannvit og Vegagerðin v. undirbúnings og útboðs verksins. Héraðsverk ehf. sá um framkvæmd á verkinu.

| Kostnaður  | m.kr. |
|------------|-------|
| Fyrir 2021 | 6     |
| 2021       | 41    |
| 2022       | 278   |
| Samtals    | 325   |

**947 Hafnarhólmavegur**  
**01 Borgarfjarðarvegur - Hafnarhólmi**  
**Umfang verks:** Endurbygging vegar á 1 km kafla milli Ölduhamars og hafnarsvæði við Hafnarhólma. **Framkvæmdaform:** Ákveðið að bjóða út verkið síðar þar sem ákveðið var endurbyggja veginn í 7 m breidd í stað þess að breikka hann bara. **Kostnaðaráætlun:** 90 m.kr.

| Fjármögnun                        | m.kr. |
|-----------------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2022<br>Tengivegir | 40    |
| Samtals                           | 40    |

**Verkframvinda 2022:** Unnið að hönnun og undirbúningi verks ásamt breikkun á fyllingum á 0,3 km kafla.

| Kostnaður | m.kr. |
|-----------|-------|
| 2022      | 11    |
| Samtals   | 11    |

**939 Axarvegur**  
**01 Skriðdals- og Breiðdalsvegur - Hringvegur**  
**Umfang verks:** Framkvæmdin felst í gerð nýs vegar um Öxi í Múlapingi er tengir saman Berufjörð og Skriðdal. Gert er ráð fyrir að leggja eldri veg af, að mestu leyti, en hann kemur til með að nýtast sem m.a. reiðleið. Gert er ráð fyrir að verkið verði samvinnuverkefni þar sem ætlunin er að verktaki sjái um verkhönnun, framkvæmd og fjármögnun stórs hluta verkefnisins, en gert er ráð fyrir að gjaldtaka verði á vegkaflanum til að standa undir kostnaði.

**Framkvæmdaform:** Útboð (samvinnuverkefni).  
**Kostnaðaráætlun:** 5,700 m.kr.

| Fjármögnun                  | m.kr. |
|-----------------------------|-------|
| Samgönguáætlun 2021         | 500   |
| Samgönguáætlun 2022         | 800   |
| Bakfært v. Fjármálaáætlunar | -500  |
| Samtals                     | 1.300 |

**Verkframvinda 2020:** Unnið að forhönnun og rannsóknarvinnu. **Verkframvinda 2021:** Unnið að forhönnun, efnisrannsóknum, könnun á matsskyldu og landakaupum. **Verkframvinda 2022:** Hönnun og ýmis forvinna í gangi, svo sem skráning fornminja og jarðvegsrannsóknir. Landeigendamálg í skoðun. **Hönnunarráðgjafi:** Mannvit

| Kostnaður | m. kr. |
|-----------|--------|
| 2020      | 24     |
| 2021      | 53     |
| 2022      | 46     |
| Samtals   | 122    |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði**  
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun            | m.kr. |
|-----------------------|-------|
| Fjármögnun fyrir 2019 | 220   |
| Fjárlög 2019          | 17    |
| Samgönguáætlun 2020   | 50    |
| Samgönguáætlun 2021   | 50    |
| Samgönguáætlun 2022   | 50    |
| Samtals               | 335   |

| Verkefni                                                      | Ár: | Kostnaður í m.kr. |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     | Samt. |
|---------------------------------------------------------------|-----|-------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-------|
|                                                               |     | '05               | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 |       |
| Hringvegur 1–t3<br>um Lagarfljót                              |     | 0                 | 1   | 1   | 2   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 6     |
| Hringvegur 1–t5<br>Seyðisfjarðarvegur – Mjóafjarðarvegur      |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Hringvegur 1–t7<br>um Egilsstaði                              |     | 0                 | 0   | 1   | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Hringvegur 1–t7<br>Skriðdalsvegur – Axarvegur                 |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 0   | 0   | 2   | 1   | 3   | 0   | 0   | 0   | 12  | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 19    |
| Hringvegur 1–u6<br>Urðarteigsvegur – Djúpavogsvegur           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Hringvegur 1–v2<br>um Krossá á Berufjarðarströnd              |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Hringvegur 1–v3<br>um Lónssveit                               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 7   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 9     |
| Hringvegur 1–x0<br>um Selá í Álftafirði                       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Hringvegur 1–x2<br>um Hvaldalsá                               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Hringvegur 1–x3<br>Össurá – Brekkuvegur                       |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 6   | 0   | 0   | 0   | 0   | 7     |
| Hringvegur 1–x4<br>um Jökulsá                                 |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 0   | 0   | 2   | 1   | 3   | 0   | 0   | 8     |
| Hringvegur 1–x6<br>Kvíá – Mýri (bær)                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Hringvegur 1–x7<br>Mýri (bær) – Kotá                          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0     |
| Hringvegur 1–x8 til x9<br>um Öræfi                            |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 2   | 1   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 5     |
| Hringvegur 1–y3<br>um Jökulárslón á Breiðamerkursandi         |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 39  | 3   | 7   | 49    |
| Norðausturvegur 85–33<br>Miðfjarðará – Hafnarvegur            |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2     |
| Norðfjarðarvegur 92–04<br>Neðstabrú – Suðurfjarðarvegur       |     | 0                 | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1     |
| Borgarfjarðarvegur 94–03<br>Eiðar – Steinsvaðsvegur           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 3   | 1   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 0   | 1   | 0   | 0   | 0   | 7     |
| Borgarfjarðarvegur 94–08<br>Njarðvík – Borgarfjörður          |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4     |
| Suðurfjarðavegur 96–02,<br>Norðfjarðarvegur – Þórdalsheiðarv. |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 3   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 5     |
| Suðurfjarðavegur 96–07<br>Vattarnesvegur – Vík                |     | 0                 | 0   | 1   | 0   | 2   | 2   | 2   | 0   | 1   | 0   | 0   | 6   | 9   | 9   | 5   | 9   | 4   | 21  | 71    |
| Djúpavogsvegur 98-01<br>Hringvegur - Borgarland               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 2   | 0   | 0   | 2     |
| Austurleið 910–09<br>Aðalból – Snæfellsleið                   |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 7   | 4   | 2   | 3   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 16    |
| Hlíðarvegur 917–01<br>Hringvegur – Hallgeirsstaðavegur        |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 2   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 4     |
| Hlíðarvegur 917–06<br>Vindfell – Sunnudalsvegur               |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Jökuldalsvegur 923–01<br>Hringvegur – Hákonarstaðir           |     | 0                 | 0   | 0   | 1   | 3   | 1   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 0   | 8     |
| Upphéraðsvegur 931–03<br>Skeggjastaðir – Brekkugerðisvegur    |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3   | 0   | 0   | 6   | 0   | 0   | 9     |
| Axarvegur 939–01<br>Hringvegur – Ódádavatnsvegur              |     | 0                 | 2   | 2   | 20  | 32  | 15  | 8   | 4   | 3   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 24  | 0   | 0   | 110   |
| Helgustaðavegur 954–02<br>Mjóeyri – Stóra Breiðavík           |     | 0                 | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 1   | 2   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 0   | 3     |
| Samtals                                                       |     | 0                 | 4   | 5   | 25  | 53  | 31  | 25  | 9   | 11  | 0   | 2   | 10  | 28  | 17  | 17  | 83  | 7   | 28  | 355   |

Sameiginlegt milli svæða

→ Hjóla- og göngustígar

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.  
**Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

| Fjármögnun                                   | m.kr.      |
|----------------------------------------------|------------|
| Samgönguáætlun 2022<br>Hjóla- og göngustígar | 270        |
| <b>Samtals</b>                               | <b>270</b> |

Verkfrákvinda 2022:

Suðursvæði:

**Árborg:** Haldið var áfram framkvæmdum við stíg meðfram Eyrarbakka frá Selfossi niður að strönd sem tengist við stíg sem liggur á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Keyrt var út styrktarlagi í um 2 km og malbikaðir rúmlega 2 km, auk þess sem lýsing var kláruð niður að Tjarnarhverfi.  
**Reykjanesbær:** Unnið var við hönnun og undirbúning, auk þess sem efni var keypt í lýsingu á stíg meðfram Garðskagavegi frá Reykjanesbæ í átt að Garði.

**Rangárþing ytra:** Unnið var við hönnun á stíg milli Hellu og Hvolsvallar og að hluta til kaup á landi undir stíg.

Vestursvæði:

Gerður var samningur við Hvalfjarðarsveit um að veita þeim styrk til göngu- og hjólastígs vegna tengingar Krosslands við Akranes. Hvalfjarðarsveit sá um framkvæmdir.

Norðursvæði:

**Akureyri:** Frumhönnun á stofnstígakerfi (10,2 km) og verkhönnun á Leirustíg (1,2 km). Einnig framkvæmdir við 205 m langan stofnstíg meðfram Tryggvabraut.

**Eyjafjarðarsveit:** Styrkur vegna kaupa á hjólateljara á Hrafnagilsstíg.

Svalbarðsstrandarhreppur:

Framkvæmdir við 2 km langan stíg milli Vaðlaheiðarganga um Vaðlaskóg að Skógarböðum.

**Skútustaðahreppur:** Framkvæmdir við 11 km langan stíg á milli Dimmuborga og Skútustaða.

Austursvæði:

Verkhönnun og gerð undirbyggingar á stíg á um 1,5 km kafla milli Fellabæjar og Vakar..

**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

| Kostnaður 2022                     | m.kr.      |
|------------------------------------|------------|
| Sameiginlegur kostnaður Suðursvæði | 4          |
| Árborg                             | 51         |
| Reykjanesbær                       | 35         |
| Rangárþing Ytra                    | 3          |
| Hvalfjarðarsveit                   | 2          |
| Akureyrarbær                       | 22         |
| Eyjafjarðarsveit                   | 1          |
| Svalbarðsstrandarhreppur           | 34         |
| Þingeyjasveit(Skútustaðahreppur)   | 34         |
| Múlaþing                           | 11         |
| <b>Samtals</b>                     | <b>197</b> |



## Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2022

### Hafnarframkvæmdir

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2022 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2022. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

|                                 | 2022<br>m.kr. | 2021<br>m.kr. |
|---------------------------------|---------------|---------------|
| Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir | 3.097,5       | 2.817,7       |
| þar af Landeyjahöfn             | 346,4         | 469,9         |

### Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir

#### Snæfellsbær

##### Ólafsvík: Norðurtangi endurbyggður - Þekja og lagnir

Um var að ræða uppsteypu á einu rafbúnaðarhúsi og tveim stólpum undir ljósamöstur, auk þess að leggja ídráttarrör fyrir rafmagn, leggja vatnslögn og koma fyrir vatnsbrunnum, leggja fráveitulögn og koma fyrir niðurföllum, grófjafna yfirborð og þjappa, fínjafna síðan undir steypu, slá upp mótum, járnbinda og steypa þekju, alls um 2.840 m<sup>2</sup>.

Að loknu útboði var samið við lægstbjóðanda, Almennu umhverfisþjónustuna ehf. og Friðrik Tryggvason upp á kr. 91.178.780,- . Framkvæmdir hófst 3.6.2022 og eru áætluð verklok í september 2023. Framkvæmdakostnaður á árinu: 105,5 millj. kr.

##### Rífshöfn – Stofndýpkun við Töskuvita

Samið var við Hagtak ehf. um dýpkun á sjávarbotni við töskuvita í Rífshöfn. Um var að ræða rippun og greftri á grófu efni. Verkefninu var frestað vegna þess að borprammi verktaka varð fyrir tjóni þegar hann valt í sjóinn. Verktaki vinnur í því að koma sér upp tæki svo hægt sé að klára verkefnið og því ekki vitað hvort og hvenær verklok verða.

Framkvæmdakostnaður: 10,1 mill.kr

#### Grundarfjörður

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

#### Stykkishólmur

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

#### Dalabyggð

##### Búðardalur

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

##### Skarðstöð

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.



Unnið að endurbyggingu gömlu bryggjunnar í Karlsey við Reykhóla.

#### Reykhólar

##### Reykhólar – Viðhaldsdýpkun á innsiglingarennu

Að lokinni verðkönnun var samið við Hagtak hf. um stofndýpkun við nýja bryggjukant í -6 m samtals um 2400 m<sup>2</sup> og um 3100 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að dýpkun fari fram með greftri.

Framkvæmdakostnaður: 17,1 millj. kr.

##### Reykhólar – Innsiglingamerki

Verkið felst í að taka upp af sjávarbotni gamlan innsiglingastaur sem brotnaði, lagfæra og koma nýjum staur fyrir á sama stað, ásamt ljósi og búnaði. Í verkinu er innifalin köfun og neðansjávarvinna.

Framkvæmdakostnaður: 9,8 millj. kr.

##### Reykhólar – Karlsey, endurbygging stálþils

Boðin var út vinna við stálþilsrekstur við endurbyggingu stálþilsbryggjunnar í Reykhólum. Um var að ræða rekstur á 103 stk. af tvöföldum stálþilsplötum, gerð grjótnar og landfyllingar og uppsteypa á 145 m löngum kantbita með pollum, kantré, stigum og þybbum. Samið var við lægstbjóðanda, Borgarverk ehf. , upp á kr. 178.029.500,-. Stálþilsplötur og festingaeefni var keypt af G.Arasyni, efnisútboð í lok árs 2021.

Hluti af eldra stálþili gaf sig eftir að dýpkunarverktaki kláraði framkvæmdir við þilskurð. Upphaflega vera ekki áætlað að þilskurður væri hluti af framkvæmdinni. Það varð til þess að verkið tafðist mikið. Farið var í að endurfylla þar sem tjónið varð en ekki var hægt að rétta plöturnar af. Landfyllingin var klár fyrir lok 2022 og búið var að reka um 30 m af framkanti fyrir áramót. Stefnt er að verklokum haustið 2023.

Framkvæmdakostnaður: 226,3 millj.kr



↑  
Bíldudalshöfn.  
Mynd: Arnþór Ingi Hlynsson.

Vesturbyggð

**Brjánslækur: Smábátaaðstaða**

Gamla trébryggjan á Brjánlæk var rifin vorið 2022, verktaki var Búaðstoð ehf. Boðin var út vinna við nýjan 440 m langan grjóttgarð norðan við núverandi höfn. Samið var við lægstbjóðanda, ÍAV hf., verkið hófst í september 2022 og lauk í desember 2022. Í desember var boðin út vinna við steiptan landstöpul fyrir flotbryggju og samið var við TV-verk ehf. Vinna við landstöpulinn hófst ekki á árinu. Stefnt er að útboði og uppsetningu á flotbryggjum 2023.

Framkvæmdakostnaður: 127,8 millj.kr

**Patreksfjörður**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Bíldudalur: Tening stórskipakants og endurbygging hafskipabryggju, þekja og lagnir**

Vinna við lagnavinnu var boðin út 2021, Lás ehf. hóf lagnavinnu í apríl 2022 og lauk í júlí 2022. Boðin var út vinna við að steypa 2400 m² þekju í byrjun árs 2022. Samið var við lægstbjóðanda, Stapafell ehf. verkið hófst í júní 2022 og lauk í nóvember 2022.

Raforkuvirki fyrir nýju bryggjuna var boðið út í mars 2022 og samið við lægstbjóðanda, Rafal ehf. Verkið hófst í júní 2022 og lauk í nóvember 2022.

Framkvæmdakostnaður vegna endurbyggingar Hafskipabryggju: 81,0 millj.kr.

Framkvæmdakostnaður tengingar stórskipakants: 80,4 millj.kr

**Tálknafjörður**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Bolungarvík**

Í mars 2022 var boðinn út bygging á grjóttgarði og sandfangara við Grundargarð í Bolungarvík. Samið var við lægstbjóðanda, Potuna ehf. Tilboð þeirra var kr. 105.787.200,- eða 121,7% af kostnaðaráætlun. Verkið hófst í júní 2022 og áætluð verklok eru í maí 2023.

Framkvæmdakostnaður: 29,9 millj.kr.

**Ísafjarðarbær**

**Ísafjörður: Lenging Sundabakka**

Rekstur á nýjum 380 m löngum stálþilskanti hélt áfram í ár. Í maí 2021 var skrifað undir verksamning við lægstbjóðanda, Borgarverk ehf. Tilboð þeirra var kr. 393.783.000,- sem var 107% af kostnaðaráætlun. Stálþilplötur og festingarefni var keypt af G.Arasyni ehf. Verkið var að mestu unnið 2022 en lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 212 millj. kr

**Ísafjörður: Dýpkun Sundabakka**

Í nóvember 2021 var boðin út dýpkun við nýja stálþilskantinn. Heildarmagn dýpkunarefnis er um 530.000 m³. Verkið var hannað og útboðsgögn gerð hjá Vegagerðinni en verkfræðistofn Verkís annaðist gerð umhverfismatsskýrslu. Fyrir verkið var Köfunarþjónustan fengin til að gera endurvarpsmælingu af botninum. Verkið var boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu og sjö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðenda, Björgun hf. Tilboð þeirra var kr. 437.200.000,- sem var 117 % af kostnaðaráætlun verkkaupa. Verkið hófst í desember 2022.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

**Suðureyri**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Þingeyri**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Flateyri**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Súðavík**

**Súðavík: Stálþil við Langeyri**

Eftir útboð í janúar 2022 var samið við Tígur ehf. um byggingu á fyrirstöðugarði við Landeyri í Súðavík. Sá hluti af verkinu er ekki styrktur af hafnabótasjóði. Verkið hófst í apríl 2022 og lauk í nóvember 2022. Mannvit verkfræðistofa gerði útboðsgögn fyrir stálþil sem fór í efnisútboð í nóvember 2022.

Framkvæmdakostnaður: 9,9 millj. kr.

**Vigur**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Norðurfjörður**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Drangsnes**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Hólmavík**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Hvammstangi**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

**Blönduós**

Engar ríkistyrktar framkvæmdir

**Skagaströnd**

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

Skagafjörður

*Sauðárkrókur – Upptekt á Þvergarði og lenging Norðurgarðs*

Boðin var út upptekt á Þvergarði og lenging Norðurgarðs á Sauðárkróki í júlí 2021. Verkefnið var hannað hjá Vegagerðinni og útboðsgögn fyrir verkið gerð þar. Samið var við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. Samningsupphæð kr. 69.685.750,-. Heildarmagn af grjóti og sprengdum kjarna úr námu var 3.500 m³ og upptekt á Þvergarði um 13.500 m³ þar af nýttust um 5.500 m³ í lengingu Norðurgarðs. Verkinu lauk í maí 2022.  
Framkvæmdakostnaður: 61,7 millj.kr

Fjallabyggð

*Siglufjörður: Innri höfn stálþil*

Rekstur á nýjum 160 m stálþilskanti var boðinn út í júní 2022. Vegagerðin hannaði verkið og gerði útboðsgögn. Tvö tilboð bárust í verkið. Í september 2022 var skrifað undir verksamning við lægstbjóðanda, Árna Helgason ehf. Tilboð þeirra var kr. 138.863.500,- sem var 112% af kostnaðaráætlun. Stálþilplötur og festingarefni var keypt af G.Arasyni ehf. Verkið var unnið 2022 og lýkur sumarið 2023.  
Framkvæmdakostnaður: 124,2 millj.kr

*Ólafsfjörður og Siglufjörður: Hækkun vesturgarðs og grjótvarnar innan hafnar á Siglufirði*

Gerð voru útboðsgögn fyrir hækkun sjóvarnar á Siglufirði og hækkun Vesturgarðs á Ólafsfirði, gögn voru gerð hjá Vegagerðinni.  
Samið var við Árna Helgason ehf. þar sem hann var á staðnum í öðru grjótverkefni. Tilboðsupphæð verktaka var kr. 7.928.000,-.  
Verktaki lauk við hækkun vesturgarðs í desember 2022. Minna magn þurfti í hækkun Vesturgarðs heldur en áætlun gerði ráð fyrir en meira kjarnaefni þurfti í hækkun grjótvarnar innan hafnar á Siglufirði.  
Framkvæmdakostnaður: 6.7 millj.kr

Dalvíkurbyggð

*Dalvík*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Hauganes*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Árskógssandur*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Hafnasamlag Norðurlands

*Akureyri: Torfunefsbyggja endurbygging stálþils*

Boðin var út stálþilsrekstur á endurbyggingu Torfunefsbyggju á Akureyri júní 2022. Um var að ræða rekstur á 300 m löngu stálþili, 180 m löngum kanti og 120 m löngum gafli. Samið var við lægstbjóðanda, Árni Helgason ehf., upp á kr. 287.709.680,- . Stálþilsefni var keypt af G.Arasyni. Verklok eru fyrirhuguð sumarið 2023 en steypdur kantur verður ekki steypdur fyrr en vorið 2024 þar sem ljóst er að sig á sjávarbotni verður töluvert.  
Framkvæmdakostnaður: 162,2 millj.kr

*Hrísey*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Grimsey*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Grenivík*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Norðurþing

*Húsavík*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Kópasker*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Raufarhöfn*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Langanesbyggð

*Þórshöfn*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

*Bakkafjörður: Endurbygging brimvarnargarðs*

Haldið var áfram með verkefnið og það klárað um mitt sumar. Verkið fólst í að vinna grjót í námu á Kolbeinstanga á Vopnafirði og flytja að garðstæði og raða í brimvörnina, samtals um 3.000 m³ af gjóti. Fjögur tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, Ítrukk ehf. sem bauð kr.40.430.469,- í verkið sem var 6% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Magnreikningar stóðust ekki og því stækkaði verkefnið sem um þess nemur.  
Heildarframkvæmdakostnaður: 54,1 millj. kr

Vopnafjörður

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Múlaþing

*Borgarfjörður eystri - Sýslumannsboði fjarlægður*

Boðin var út dýpkun á Borgarfirði eystri í mars 2022. Tvö tilboð bárust í verkið, lægstbjóðandi, Ylur ehf. vann verkið. Verkið fólst í dýpkun í ytra hólfi hafnarinnar þar sem Sýslumannsboði var fjarlægður. Vinna við verkið hófst í maí 2022 og var að mestu lokið í desember 2022.  
Framkvæmdakostnaður: 31,4 millj. kr.

*Seyðisfjörður - Angrobryggja*

Verkið felst í að grafa fyrir landvegg, fylling og grjótvörn, steypa 55 m landvegg, reka 67 bryggjustaura úr Greenheart harðvið og byggja 560 m² bryggju úr Greenheart harðvið, uppsetning á 30 stk. DD250 þybbum á bryggju. Verklag verktaka og hönnun var breytt eftir að hús við Angrobryggju eyðilagðist í skriðu á Seyðisfirði í september 2022, sem gerðist áður en verktaki kom á verkstað.  
Samið var við lægstbjóðanda, Héraðsverk ehf. og Guðmund Guðlaugsson bryggjusmið upp á kr. 128.598.858,-.  
Framkvæmdir hófust 26.9.2022 og áætluð verklok í júlí 2023.  
Framkvæmdakostnaður: 102,7 millj. kr.

*Djúpivogur – Endurbygging hafskipabryggju stálþil*

Haldið var áfram með ofangreint verkefni sem snýst um að endurbyggja stálþil við hafskipabryggju. Ísar ehf. rak niður stálþilið og lauk verkinu sumarið 2022.  
Framkvæmdakostnaður: 214,4 millj. kr.

Fjarðabyggð

*Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík*

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.



↑  
Landeyjahöfn séð úr lofti.  
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

Höfn í Hornafirði

**Höfn: Dýpkun á Grynslunum**

Í júní 2022 var boðin út dýpkun á innsiglingarennu á Grynslunum við Hornafjarðarós. Samið var við lægstbjóðanda, Björgun hf. Tilboð þeirra var 125.701.200 m.kr. eða 106,2% af kostnaðaráætlun. Verkið átti að vinnast um haustið 2022 en hófst ekki fyrr en í október 2022. Unnið var frá 22. október til 4. nóvember og um 60.000 m³ fjarlægðir, ekki náðist að klára verkið vegna veðurs.

Framkvæmdakostnaður: 62,2 millj. kr.

Landeyjahöfn

**Viðhaldsdýpkun**

Björgun vann við viðhaldsdýpkun Landeyjahafnar á árinu eftir samningi sem gerður var árið 2019 sem gildir í þrjú ár. Verkinu er skipt í vor- og haust- dýpkun fyrir hvert ár. Vordýpkun hefst 1. mars og haustdýpkun hefst 15. september. Auk þess var gerður vetrardýpkunarsamningur við Björgun um að sinna dýpkun frá 16. nóvember til 1. mars. Dýpkunarskipið Dís og Álfsnes unnu við höfnina með hléum frá janúar fram í maí og svo aftur frá september fram í desember. Samtals voru fjarlægðir um 264.700 m³.

Boðin var út dýpkun fyrir 2022 - 2025 vorið 2022 og var Björgun lægstbjóðandi í verkinu með tilboð upp á €7.825.680,- fyrir öll árin. Tímabilin eru 3 talsins og gert ráð fyrir dýpkun upp á 240.000 m³ fyrir hvert tímabil. Í nýjum samningi er aðeins eitt dýpkunartímabil frá september til maí ár hvert.

Framkvæmdakostnaður: 240,7 millj.kr.

Vestmannaeyjar

**Skipalyftukantur endurbyggður**

Samið var við HS vélaverkstæði um að steypa þekju haustið 2021. Tilboðið var kr. 48.894.560,- sem var 99,3% af kostnaðaráætlun. Lokið var við steyppta þekju sumarið 2022 að undanskildum lagnaskurði að rafmagnshúsi. Í desember 2021 voru boðnar út raflagnir í nýja kantinn. Samið var við lægstbjóðanda, Geisla/Faxa, tilboð þeirra var 17.110.299 kr,- 97% af kostnaðaráætlun. Verkið var hannað hjá Tera s.f. Verkinu lauk að mestu leiti 2022 en þó er eftir lokafrágangur.

Framkvæmdakostnaður: 76,4 millj.kr.

Þorlákshöfn

**Endurbygging Svartaskersbryggju**

Boðin var út vinna við rekstur á 200 m löngu stálpili við Svartaskersbryggju í Þorlákshöfn. Lægstbjóðandi var Hagtak ehf. með tilboð upp á kr. 294.250.000,-. Rekstur á stálþilsplötum reyndist þyngri heldur en vonir stóðu til um sem leiddi til þess að verkefnið tafðist.

Áætluð verklok eru vorið 2023.

Framkvæmdakostnaður: 145,4 millj. kr.

**Lenging Suðurvarargarðs um 250 m og hliðrun Suðurvararbryggju**

Afram vann Suðurverk hf. að lengingu Suðurvarargarðs.

Grjótvarnarefni er tekið úr námu sem verður til vegna landmótunar Landeldis sem er um 5 km frá verkstað sem gerir verkefnið hagstætt fyrir báða aðila.

Verktaki var rétt á undan áætlun með verkefnið í lok árs.

Stefnt er að verklokum í desember 2023.

Framkvæmdakostnaður: 183,8 millj. kr

Unnið að lengingu Suðurvarargarðs í Þorlákshöfn.



Grindavík - Viðgerð Kviabryggju og stormpolla

Áfram var haldið með viðgerð á Kviabryggju og byggingu stormpolla í Grindavík. Verkefnið fólst í því að endurnýja u.þ.b. 420 m² af furu bryggjudekki, endurnýja u.þ.b. 60 m af kanttré og langböndum, endurnýja u.þ.b. 10 skástífur og 3 stiga, reka viðbótarstaura u.þ.b. 7 stk, smíði, steypa og uppsetning á einum 100 tonna stormpolla ásamt stagi og toghlera. Verktaki var Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. Framkvæmdir hófust haustið 2021 og voru verklok haustið 202. Framkvæmdakostnaður: 34,7 millj. kr.

Sandgerði

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykjaneshafnir

**Keflavík og Njarðvík – Grófarhöfn, viðgerð á brimvörn**  
Grófarhöfn – Eftir óveðrið í febrúar 2020 varð tjón á bermugerði í smábátahöfninni í Grófinni í Keflavík. Boðin var út viðgerð á garðinum í febrúar 2021, samið var við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason ehf. Vinnu við verkið var frestað vegna viðkvæmnar starfsemi á aðkomuleið, verktími var ákveðinn í samráði við Reykjanesbæ og verkið var unnið í október 2022. Framkvæmdakostnaður: 16,1 millj. kr.

Helguvík

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Vogar

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Hafnafjarðarhöfn

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir

Faxaflóahafnir

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir



Sjóvarnir við Borgir í Hrútafirði.



Ferjubryggjur

Undirbúningur hófst á árinu á skoðun á breytingum á ferjumannvirkjum í Breiðafirði fyrir nýja ferju sem hefur siglingar 2023. Engar framkvæmdir hófust við breytingar þetta árið.

Sjóvarnargarðar

Akranes

Boðnar voru út sjóvarnir á tveimur stöðum á Akranesi, annars vegar við Sólmundarhólma og hins vegar við Miðvog. Verkið var boðið út í nóvember 2022, þrjú tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Þrótt ehf. sem vann verkið. Verkið verður unnið vorið 2023.

Snæfellsbær

Boðin var út gerð sjóvarna við Ennisbraut og Hellnar í Snæfellsbæ. Verkið var boðið út í ágúst 2022. Tvö tilboð bárust í verkið sem voru töluvert yfir kostnaðaráætlun, öllum tilboðum í verkið var hafnað og stefnt að því að bjóða út verkið að nýju árið 2023.

Húnaþing vestra

Boðnar voru út sjóvarnir á tveimur stöðum í Húnaþingi vestra, annars vegar við Reyki og hins vegar Borgir í Hrútafirði. Verkið var boðið út í mars 2022, þrjú tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda D75 ehf. Vinnu lauk í maí 2022. Framkvæmdarkostnaður: 17,2 milljón kr.

Dalvíkurbyggð

Sjövörn við Sæból og Framnes. Vinna við verkið klárðist í maí 2022. Notað var efni úr Sauðanesnámu. Bakki fyrir neðan skúr og pott klæddur með kjarna en á mótí kom að vörn meðfram vegi var minnkuð í umfangi að beiðni landeigenda. Um haustið 2022 fór að bera á rofi í bakkanum við norðurenda varnarinnar. Ákveðið var að bregðast við og loka sjóvörninni við norðurenda, inn að landi og klæða bakkann með kjarna sem fyrr. Vinnan fór fram í byrjun árs 2023. Framkvæmdarkostnaður: 16.062.620 kr.

Grenivík

Sjövörn á Grenivík. Upptekt og endurröðun um 100 m og ný sjövörn tæplega 200 m. Í ljós kom að nær ekkert grjót í flokki I var endurnýtanlegt og sjóvörnin sem boðin var út náði ekki yfir skemmdirnar. Það var lagað og samið við verktakann um magnaukningu. Framkvæmdarkostnaður: 25.017.500 kr.

Svalbarðsstrandarhreppur

Svalbarðseyri sjóvarnir. Verkið var boðið út árið 2021, samið var við lægstbjóðanda, Nesbræður ehf. Unnið var að styrkingu á sjóvörnum á alls um 320 m kafla. Vinnu við verkið lauk í júní 2022. Framkvæmdarkostnaður: 22 milljónir kr.

Borgarfjörður eystri

Boðnar voru út sjóvarnir á tveimur stöðum í Borgarfirði, annars vegar við gömlu bryggju og hins vegar í Njarðvík. Verkið var boðið út í september 2022 og bárust tvö tilboð í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, Héraðsverk ehf. Vinna við verkið hófst í október og verkinu líkur vorið 2023. Framkvæmdarkostnaður árið 2022: 17 milljónir kr.

**Fjarðabyggð**

Boðnar úr sjóvarnir á Neskaupsstað og Eskifirði í nóvember 2021. Samið var við lögstjóðanda, Héraðsverk ehf. sem unnu verkið. Vinna við verkið hófst í janúar 2022 og lauk í apríl sama ár.

Framkvæmdarkostnaður: 38,4 milljónir kr.

**Grindavík**

Boðnar voru út sjóvarnir á fjórum stöðum í Grindavík í desember árið 2022. Samið var við lögstjóðanda, Stórverk ehf. sem mun hefja vinnu við verkið í febrúar 2023. Einnig var unnin uppýting sjávarkambs við Hraun og Ísólfskála. Framkvæmdarkostnaður: 8,1 milljón kr.

**Suðurnesjabær**

Boðnar voru út sjóvarnir á þremur stöðum í Suðurnesjabæ í desember 2022. Samið var við lögstjóðanda, Steypudrang ehf sem hefur vinnu vorið 2023.

**Reykjanesbær**

Boðin var út sjóvörn við Kalmanstjörn í nóvember 2022. Samið var við lögstjóðanda, Ellert Skúlason ehf. sem mun hefja vinnu við verkið vorið 2023.

**Garðarbær**

Álftanes – Boðin var út sjóvörn við Hlið í Helguvík í október 2022. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lögstjóðanda, Urð og Grjót efh. Verkið verður unnið vorið 2023.



## Fylgiskjal 4 Ársreikningur 2021

### Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vegagerðin er ríkisaðili í A-hluta sem starfar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007. Hlutverk Vegagerðarinn er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 23.312,7 milljónir og afkoma kr. -745,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -423,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 689.216,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022. Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Vegagerðarinnar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Reykjavík, 31. ágúst 2022  
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

↓  
Vegagerðin tók, í samvinnu við Sæferðir og Stykkishólmsbæ, á leigu dráttarbátinn Gretti Sterka til að tryggja sem best fyrsta viðbragð við atvikum á Breiðafirði.



| Yfirlit um afkomu ársins 2022<br>(Fjárhæðir eru í kr.) | Skýringar | 2022 | 2021 |
|--------------------------------------------------------|-----------|------|------|
|--------------------------------------------------------|-----------|------|------|

### Tekjur

|                                       |   |                |                |
|---------------------------------------|---|----------------|----------------|
| Tekjufærsla fjárveitinga              | 2 | 11.483.300.000 | 11.033.600.000 |
| Seld þjónusta                         | 3 | 360.273.824    | 363.408.662    |
| Vörusala                              |   | 519.173.402    | 453.458.733    |
| Framlög og ýmsar tekjur               | 4 | 603.741.490    | 343.519.175    |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 10.346.192.847 | 10.864.955.338 |
| Tekjur samtals                        |   | 23.312.681.563 | 23.058.941.908 |

### Gjöld

|                                                |   |                |                |
|------------------------------------------------|---|----------------|----------------|
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 3.078.000.923  | 2.903.774.456  |
| Framlög og tilfærslur                          | 6 | 4.699.021.204  | 4.729.234.268  |
| Annar rekstrarkostnaður                        | 7 | 5.948.015.366  | 4.109.614.990  |
| Afskriftir                                     | 8 | 10.346.192.847 | 10.864.955.338 |
| Gjöld samtals                                  |   | 24.071.230.340 | 22.607.579.052 |

|                                  |              |             |
|----------------------------------|--------------|-------------|
| Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði | -758.548.777 | 451.362.856 |
|----------------------------------|--------------|-------------|

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

|                                          |   |             |            |
|------------------------------------------|---|-------------|------------|
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður |   | 30.028.474  | 18.523.244 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap       | 9 | -16.464.170 | -3.650.124 |
|                                          |   | 13.564.304  | 14.873.120 |

|               |              |             |
|---------------|--------------|-------------|
| Afkoma ársins | -744.984.473 | 466.235.976 |
|---------------|--------------|-------------|

|                                                       |   |              |               |
|-------------------------------------------------------|---|--------------|---------------|
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum | 2 |              |               |
| Rekstur                                               |   | -340.263.269 | 1.033.570.244 |
| Rekstrartilfærslur                                    |   | -404.721.204 | -567.334.268  |
|                                                       |   | -744.984.473 | 466.235.976   |

| Efnahagsreikningur 31. desember 2022<br>(Fjárhæðir eru í kr.) | Skýringar | 31. desember<br>2022 | 31. desember<br>2021 |
|---------------------------------------------------------------|-----------|----------------------|----------------------|
| Eignir                                                        |           |                      |                      |
| Fastafjármunir                                                |           |                      |                      |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:                                 | 10        |                      |                      |
| Áhöld og búnaður                                              |           | 316.515.991          | 205.469.043          |
| Farartæki og vélar                                            |           | 7.226.416.498        | 7.232.587.898        |
| Fasteignir                                                    |           | 1.984.000            | 1.984.000            |
| Stoðkerfi                                                     |           | 674.193.058.251      | 651.960.292.105      |
| Aðrar eignir                                                  |           | 115.637.586          | 127.641.785          |
|                                                               |           | 681.853.612.326      | 659.527.974.831      |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur:                            |           |                      |                      |
| Eignarhlutir í öðrum félögum                                  | 11        | 500.000              | 500.000              |
|                                                               |           | 500.000              | 500.000              |
| Fastafjármunir samtals                                        |           | 681.854.112.326      | 659.528.474.831      |
| Veltufjármunir                                                |           |                      |                      |
| Birgðir                                                       | 12        | 4.385.388.201        | 886.672.523          |
| Viðskiptakröfur                                               |           | 599.960.079          | 563.866.051          |
| Tengdir aðilar                                                | 13        | 1.328.225.914        | 9.786.253.471        |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður          | 15        | 150.736.763          | 3.568.340            |
| Handbært fé                                                   | 16        | 898.336.475          | 1.390.365.528        |
| Veltufjármunir samtals                                        |           | 7.362.647.432        | 12.630.725.913       |
| Eignir samtals                                                |           | 689.216.759.758      | 672.159.200.744      |
| Eigið fé og skuldir                                           |           |                      |                      |
| Eigið fé                                                      |           |                      |                      |
| Hrein eign                                                    | 17        | -423.116.297         | 322.828.176          |
| Bundið eigið fé                                               |           | -19.531.177.222      | -19.531.177.222      |
| Endurmatsreikningur                                           |           |                      | 0                    |
|                                                               |           | -19.954.293.519      | -19.208.349.046      |
| Skuldir                                                       |           |                      |                      |
| Tengdir aðilar                                                | 13        | 20.049.509.276       | 20.356.261.006       |
| Viðskiptaskuldir                                              |           | 3.179.024.576        | 5.274.702.035        |
| Ýmsar skammtímaskuldir                                        | 15        | 4.046.555.644        | 858.677.296          |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda                     | 16        | 681.895.963.781      | 664.877.909.453      |
| Skuldir samtals                                               |           | 709.171.053.277      | 691.367.549.790      |
| Eigið fé og skuldir samtals                                   |           | 689.216.759.758      | 672.159.200.744      |
| Aðrar upplýsingar                                             |           |                      |                      |
|                                                               | 17        |                      |                      |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

| Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022<br>(Fjárhæðir eru í kr.) | Skýringar | 2022            | 2021            |
|----------------------------------------------------------|-----------|-----------------|-----------------|
| Rekstrarhreyfingar                                       |           |                 |                 |
| Hreint veltufé frá rekstri:                              |           |                 |                 |
| Afkoma ársins                                            |           | -744.984.473    | 466.235.976     |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:         |           |                 |                 |
| Afskriftir                                               | 8         | 10.346.192.847  | 10.864.955.338  |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára                    |           | -10.346.192.847 | -10.864.955.338 |
|                                                          |           | -744.984.473    | 466.235.976     |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:                   |           |                 |                 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur                 |           | -183.262.451    | 152.195.392     |
| Tengdir aðilar                                           |           | 2.842.732.660   | -8.211.292.534  |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:                  |           |                 |                 |
| Skammtímaskuldir                                         |           | 1.092.200.889   | 1.600.333.534   |
|                                                          |           | 252.955.420     | -6.419.450.677  |
| Handbært fé frá rekstri                                  |           | -492.029.053    | -5.953.214.701  |
| Fjárfestingahreyfingar                                   |           |                 |                 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna                     | 10        | -32.687.377.798 | -37.052.575.077 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna                     |           | 39.394.631      | 27.792.513      |
|                                                          |           | -32.647.983.167 | -37.024.782.564 |
| Fjármögnunarhreyfingar                                   |           |                 |                 |
| Tengdir aðilar                                           |           | 5.307.583.167   | 0               |
| Fjárfestingarframlag                                     |           | 27.340.400.000  | 37.024.782.564  |
|                                                          |           | 32.647.983.167  | 37.024.782.564  |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé                            |           |                 |                 |
| Handbært fé í byrjun árs                                 |           | 1.390.365.528   | 7.343.580.229   |
| Handbært fé í árslok                                     |           | 898.336.475     | 1.390.365.528   |

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

